




ÍSALP



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLUBBSINS 1988




SKEMMTILEGIR OG FRÆÐANDI FERÐAFÉLAGAR



FRÆÐSLURIT FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

Með útgáfu þessara bóka færir félagið út kvíarnar og eykur fjölbreytni í starfsemi sinni. Ætlunin er að gefa út eitt fræðslurit árlega. Þar verður fjallað í stuttu máli og á aðgengilegan hátt um ýmiss konar efni er lúta að náttúrufyrirbærum og ferðalögum á landi hér.



Efnisyfirlit:

Gangapurna-leiðangurinn . .	4
Gönguferð umhverfis	
Annapurna	9
Óríon	14
Pverártindsegg	17
Sígildar leiðir	28
Völur	40
Leiðarvísir: Munkaþverárgil .	46
Nestishornið	47
Tækjahornið	48
Félagsstarfið	52
Ársreikningar	54
Ársskýrslan	55
Fréttapistill	56

Forsíðumynd:

Í ríki hins mikla fjallaanda. Milli búða II. og III. á Gangapurna. Hamarinn í baksýn var síðar klifinn. Ljóm.: Anna Lára Friðriksdóttir.

ÚTGEFANDI:

Íslenski Alpaklúbburinn - Félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku.

Pósthólf 4186, Reykjavík

RITNEFND:

Kristinn Rúnarsson, ábm. (18346)

Björn Vilhjálmsson (53410)

Salbjörg Óskarsdóttir (25069)

Snævarr Guðmundsson (688412)

Þorsteinn Guðjónsson (32666)

AUGLÝSINGAÖFLUN:

Kristberg Snjólfsen

Árni Tryggvason

PRENTUN:

Borgarprent



ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS

4. TÖLUBLAÐ
OKTÓBER 1988



Frá ritnefnd

Þetta tölublað sem þú, lesandi góður, færð nú í hendurnar, er hið fjórða í röðinni. Útgáfan er búin að slíta barnsskónum og ritnefndin orðin vel að sér í öllum þáttum útgáfunnar. Blaðið er búið að ávinna sér fastan sess í hugum klúbbsfélaga. Þegar sumri tekur að halla fara menn að vænta blaðsins og þá dynja spurningarnar án afláts á ritnefndinni: Hvenær kemur blaðið, fer ekki blaðið að koma? Færri spyrja: Get ég ekki orðið að liði? Bláðinu er ætlað að vera spegill félagsstarfsins. Því markmiði er best náð með samvinnu. Vinnan er mikil við hvert blað. Um leið og þetta ársrit er komið út, hefjum við undirbúning næsta tölublaðs. Einn er þó sá þáttur, sem er lítt vinsæll og tímafrekur fyrir störfum hlaðna ritstjórn og er það söfnun auglýsinga og styrktarlína. Fyrir síðasta blað fór einn félagi ótilkvaddur á stúfana og safnaði auglýsingum og eru honum færðar þakkir fyrir. Það myndi létta miklu starfi af ritnefndinni, ef fleiri félagar fylgdu góðu fordæmi.

Fyrir rúmu ári tóku 10 Ísalparar sig upp og héldu á vit æfintýra í nepölskum Himalayafjöllum. Parna var á ferð fyrsti íslenski Himalayaleiðangurinn. Áð vísu tókst ekki ætlunarverk hans, en mér segir svo hugur að ekki verði hér látið staðar numið. Ísinn er brotinn og sýnt hefur verið fram á að Íslendingar hafi burði til að takast á við slík verkefni. Íslenska hæðarmetið mjakast upp á við hægt og sígandi.

Íslendingar hafa verið ötulir við að öðlast reynslu í fjallamennsku hin síðari árin. Sú reynsla á eftir að nýtast bæði í fjallamennsku innanlands og íslenskum háfjallaleiðöngum í framtíðinni. Það verður gaman að fylgjast með þeirri þróun sem nú á sér stað.

Salbjörg Óskarsdóttir

STJÓRN ÍSALP:

Formaður: Björn Vilhjálmsson (53410)

Varaform.: Páll Sveinsson (666703)

Gjaldkeri: Salbjörg Óskarsdóttir (25069)

Ritari: Gunnlaugur Eðsson (24102)

Meðstj.: Guttormur B. Þórarinnsson (22712)

Varamenn: Guðjón Ó. Magnússon (672773)

Ingimundur Stefánsson (72160)

FERÐA- OG FUNDANEFND:

Páll Sveinsson, form.

Gunnlaugur Eðsson

Haraldur Ólafsson (12719)

Magnús V. Guðlaugsson (688038)

FRÆÐSLUNEFND:

Torfi Hjaltason, form. (667094)

Jón Geirsson (42133)

Snævarr Guðmundsson (688412)

UPPSTILLINGANEFND:

Gunnlaugur Eðsson, form.

Arí Trausti Guðmundsson

Stefán Steinar Smáason (32139)

SKÁLANEFND:

Guttormur B. Þórarinnsson, skálastjóri

Torfi Hjaltason

Guðjón Ó. Magnússon

HÚSVÖRÐUR:

Ingimundur Stefánsson

BÓKAVÖRÐUR:

Björn Vilhjálmsson

Gangapurna-leiðangurinn 1987

EFTIR TORFA HJALTASON



Ljós. Anna Lára Friðriksdóttir.

Af öllum stöðum á jarðarkringlunni vorum við stödd í Bingerbrück. Ferðin þangað átti sér langa sögu og stranga. Hugmyndin kom undir í Perúferð vorið 1985, þar vorum við fimm: Kristinn, Anna Lára, Jón, Þorsteinn og undirritaður. Í Perú vorum við að klífa háfjöll og við vildum meira. Næstu tvö ár voru annasöm og spennandi; telexsendingar, skeyti og bréf endasentust landa á milli. Mike Cheney varð okkar maður í Kathmandu, höfuðborg Nepal. Hann annaðist milligöngu við nepölsku stjórnina, enda vanur slíku, t.d. var hann ómetanlegur við undirbúning SV-hlíðar leiðangurs Boningtons á Everest 1975.

Hér heima skráðum við stuttar ávisögur okkar og útlistuðum hvað við vildum gera, hvar, hvenær og hvernig. Leiðin upp á fjallið var teiknuð inn á mynd sem Bonington sendi okkur góðfúslega. Allt þetta var svo sent með umsókn um að fá leyfi til að klífa fjallið Gangapurna. Svo lentum við inná teppi í Menntamálaráðuneytinu hér, til að fá meðmæli, því þeir taka ekki mark á hverjum sem er, núorðið, þarna í Nepal.

En af hverju varð Gangapurna fyrir valinu? Fjallið er mjög glæsilegt. Það er 7.455 m hátt og því ódýrara en 7.501 m hátt fjall. Það er tiltölulega aðgengilegt að komast í aðalbúðir, um 8 daga ferð. Það er ekki óalgengt að það taki 2-3 vikur annars staðar, sem er

mikið dýrara því þá þarf að borga burðarmönnum í lengri tíma. Aðeins um 10 leiðangrar hafa sótt fjallið heim síðan það var fyrst klifið árið 1965, af þýskum fjallamönnum. Sumir leiðangrarnir enduðu með skelfingu þegar snjóflóð tóku toll af mannlífum. Við vildum forðast leiðir á fjallið þar sem hætta var á snjóflóðum. Þess vegna höfðum við hug á að reyna leið sem klifin var 1981, upp suðurhlíð Gangapurna. Þar voru á ferð Kanadamenn, 2 af 4 komust á tindinn. Síðan þá höfðu engir farið þar upp, enda mjög krefjandi leið. Fljótlega fjölgaði okkur úr fimm í tíu, Guðmundur Pétursson læknir og vinur bættist í hópinn, auk Söllu, Siggu, Hildar og Helgu. Þær ætl-uðu að fylgja okkur í aðalbúðir, en fara síðan í gönguferð um dali og fjallaskörð á meðan á fjall-göngunni stæði.

Ög 19. mars 1987 vorum við komin til Bingerbrück með ½ tonn af farangri. Þar tók á móti okkur Goggi, þýskur vinur okkar Önnu. Næstu fjóra daga dvöld-um við í pínulitlu þorpi, Lettweiler. Þaðan þeystum við um nágrennið til að kaupa ýmislegt sem ekki var fánlegt heima.

Eldsnemma um morguninn, þann 24. mars fórum við til Frankfurt á fjórum bílum, þaðan sem floeið var til Indlands. Í Delhi biðum við hálfa nótt og misst-um allt tímaskyn. Hvaða dagur var? Síðan fórum við með allt okkar hafurtask um borð í útjaskaða



36 kg. auk Torfa á hraðri niðurleið. Ljós. Anna Lára Friðriksdóttir.

B-727 þotu frá Konunglega nepalska flugfélaginu. Ofhlaðin vélin rétt komst í loftið og það eina konunglega við þessa stuttu flugferð til Kathmandu var útsýnið. Eitt atriði olli okkur nokkrum kvíða, tollurinn. Við máttum búast við að þurfa að borga 27% toll af öllu sem við flyttum inn í landið. Það, sem við færum með aftur fengist endurgreitt, en samt voru verulegir fjármunir í húfi. Örbreytt gengum við á vit tollvarðanna á flugvellinum í Kathmandu. Hið ótrúlega gerðist, tollurinn hirti handtalstöðvarnar okkar, en hleypti okkur í gegn með útbúnaðinn. Talstöðvarnar fengum við nokkrum dögum síðar eftir skýrslugerðir og greiðslu lausnargjalds. Sumir leiðangrar hafa tafist í nokkra daga í tollafgreiðslu. Þetta hafði allt gengið svo ótrúlega vel, að maður fór að trúa því að þetta væri hægt; 10 Íslendingar ferðast vandræðalaust þvert yfir hnöttinn.

Næstu dagar voru viðburðaríkir. Við kynntumst starfsmönnum okkar, Chawang Rinzee yfirsherpa, Goblay kokk, Lakpa hjálparkokk og Badre boðbera, sem var hægri hönd Chawangs. Í ráðuneyti ferðamála hittum við hr. Dvívedi sem var „liason officer“, sendur með til að líta eftir okkur. Dvívedi var ljúflingur, en þessir eftirlitsmenn geta gert leiðangursmönnum lífið leitt ef þeir eru þannig þenkjandi.

Matarinnkaup og eldunaráhöld juku farangurinn í 2 ½ tonn. Um 70 burðarmenn voru ráðnir til að koma leiðangrinum upp í aðalbúðir.

Milli innkaupa og erindrekesturs af ýmsu tagi virtum við Kathmandu fyrir okkur, eins og naumur tími leyfði. Öll kynntumst við „Kathmandu kvikkstepp“ sem er magakveisa með þrýstiloftsáhrifum. Þetta voru ánægjulegir dagar. En svo brá skugga á. Hildur veiktist hastarlega. Fljótlega var ljóst að hún þyrfti að komast heim, ekki var um annað að ræða en að Kiddi, vinur hennar, fylgdi henni. Okkur var öllum brugðið. Við vorum að fara upp í fjöllin og söknuðum þeirra.

31. mars fórum við á demparalausri rútu og einum stórum vörubíl til Pokhara. Þar var farangri skipt niður í 30 kílóa byrðar, sem burðarmenn og -konur báru í tágakörfum með ennisbandi.

Síðasta kvöldmáltíðin á veitingahúsi; Guðmundur kallar: „Þjónn, það er fuglaskítur í súpunni minni“. Og mikið rétt, beint fyrir ofan Guðmund var hreiður sökudólgsins. Þjónninn kom og samgladdist Guðmundi, kvað hann gæfumann, þetta væri góðs viti.

Næstu 7 daga gengum við frá Pokhara, síluðumst í hita eftir stígum sem hlykkjuðust utan í bröttum hlíðum. Upp þröngan dal, upp upp mín sál og allt mitt geð. Það var gott að vera komin af stað. Burðarmennirnir voru glaðværir og ánægðir með tilveruna, þeir voru í uppgripavinnu.

Við vorum á ferð fyrir monsún, það þýðir að veður er þurr. Um monsúninn sjálfan rignir eldi og brenni-
steini hvern dag í tvo mánuði. Þrátt fyrir þurrkatíma lentum við í hellidembum og þrumuveðri. Nú, þegar við vorum dagleið frá aðalbúðum, í um 3600 m hæð, snjóaði heldur betur á okkur. Allir burðarmennirnir sneru frá utan tíu, sem hjálpuðu okkur að selflytja allt upp í aðalbúðir í um 4100 m hæð.

Fljótlega fundum við stað fyrir búðir 1. Jafnframt könnuðum við leiðina áfram að fjallinu, fyrst í kíki svo í reynd. 14. apríl fögnuðu sherparnir nýju ári og við líka. Daginn eftir fóru Jón og Guðmundur með þeim Siggú, Söllu og Helgu á Tharpu Chuli (ca. 5300 m). Eftir nokkra daga komu þau aftur og stelpurnar fóru af stað í fyrirhugaða gönguferð sína. Í millitíðinni höfðum við hin ferjað útbúnað upp í búðir 1 í 4600 m hæð. Framundan var ferlega tættur skriðjökull og mjög ófrýnilegur. Okkur virtist sem jökullinn hefði hopað talsvert nýlega, öll ummerki voru slík. Ljóst var að talsvert erfitt væri að komast að fjallinu sjálfu af þessum sökum. 20. apríl komust búðir 2 upp, í um 5000 m hæð. Leiðin þangað var allgreið, yfir jökulsporð að miklu klettaskeri mitt í jökulhafinu.

Nú var um það að ræða að finna góða leið upp jökullinn vestan við skerið eða fara upp það sjálft. Jón og Þorsteinn tóku að sér að kanna skerið, en við Anna jökullinn. Við komumst að því að jökullinn væri fær, en svo tafsamur að það var óraunhæft að skoða hann nánar. Leiðin upp hann yrði vandrötuð í slæmu skyggni og veðrið undanfarið bauð upp á „vesen“.

Morgnarnir voru oft bjartir en um hádegisbil þyknaði upp, skyggni varð lélegt og það snjóaði. Skerið varð því fyrir valinu. Upp það lá leiðin í búðir 3, hún var erfið og brött.

30. apríl voru búðir 3 settar upp efst á skerinu í 5500 m hæð. Til stóð að Chawang færi með okkur á fjallið, en eftir eina ferð upp í búðir 3 sneri hann endanlega frá. Erfiðar klettaspannir og blandað klifur voru tryggðar með fastri línu sem Jón og Þorsteinn komu fyrir, en eftir búðir 3 var meiningin að fara í einum áfanga á fjallið, í alpastíl, án fastra lína. Pann 1. maí fórum við fjögur upp í búðir 3 með vistir til 10-12 daga. Klifrið var erfitt með þungar byrðarnar og veðrið var ótryggt. Fljótlega tók að snjóa á okkur, línan ísaðist jafnóðum og hver og einn hafði notað hana til stuðnings. Andrúmsloftið varð rafmagnað, í orðsins fyllstu merkingu. Ísaxir sungu annarlega og hárin risu, við vorum stödd á klettahrygg í þrumuveðri. Snjókoman varð þéttari og linnulaus. Búðir 3 voru í engri hættu vegna snjóflóða og við komum okkur fyrir í tveimur litlum tjöldum. Við heyrðum þrumur og snjóflóðadyn allt í kring.



Jón Geirsson í léttu leikfimi í búðum II. Ljós. Torfi Hjaltason.

Við höfðum haft samband við aðalbúðir annað slagið, en nú var of mikið rafmagn í loftinu. Það heyrðist aðeins brak og brestir. Smám saman varð okkur ljóst, að þótt það stytti upp fljótlega yrði snjóflóðahættan viðvarandi í nokkra daga eftir það. Á þriðja degi fylltist mælirinn, snjórinn var orðinn klofdjúpur á litlu syllunni okkar. Í erfiðri færð fórum við af stað niður. Metnaðinum og öllum útbúnaði hafði verið troðið í pokana, hvoru tveggja þungbært.

Niðurferðin tók 6 klukkustundir. Í búðum 2 var ljót aðkoma, allt á kafi í snjó og annað tjaldið brotið og rífið. Út úr brotna tjaldinu skaust eitthvert kvikindi, sem hafði verið að leita ætis og skjóls þar. Veðrinu slotaði daginn eftir og við náðum loks sambandi við Guðmund í aðalbúðum. Hann var að vonum feginn að heyra frá okkur, enda mjög erftitt að þurfa að bíða og vita ekkert hvernig málin stæðu. 5. maí komum við svo niður í aðalbúðir. Veðrið hélt áfram að vera risjótt með þessari vanalegu snjókomu síðdegis. Og þegar sólin skein slöppuðum við af við undirleik snjóflóða allt í kringum okkur. Við byrjuðum að pakka saman nokkuð sátt við orðinn hlut.

Það var sent eftir burðarmönnum niður í sveitir og nú þurfti aðeins 20 til að komast niður til Pokhara. Matarbirgðir voru orðnar af skornum skammti svo

við keyptum hænur á leiðinni, dágóð tilbreyting eftir einhæft fæðið undanfarnar vikur.


Niðri í Pokhara var ofboðslega heitt. Magakveisur gerðu aftur vart við sig, en við vorum að mestu laus við svoleiðis vandræði uppi í fjöllum. Við hittum Mike Cheney í Pokhara og hann var hinn hressasti, sagði að við værum ekki öfundsverð að segja frá óförum okkar því allir leiðangrar sem mistakast bera við slæmu veðri. Þegar til Kathmandu kom var ljóst að slæma veðrið hafði sett strik í reikninginn hjá fleirum, aðeins örfáum leiðöngrum, þetta vorið, tókst ætlunarverk sitt.

Vegna þess að við vorum fyrr á ferðinni í Kathmandu en til stóð, gátum við skoðað okkur um og notið lífsins. Samt var ekki laust við að heimþráin væri farin að segja til sín. Og við borðuðum góðan mat. Hópurinn var nú sameinaður á ný. Gönguferð stelpnanna hafði verið ánægjuleg, þær grannar og brúnar. Sherparnir okkar fóru með okkur út að borða og síðan var ekkert annað að gera en að kveðja landið og fólkið, sem var okkur gott. Í dagbókina mína 23. maí skrifaði ég aðeins eitt orð: Brottför.

Eftir 2 mánaða dvöl í Nepal kemst ekkert annað að en að fara aftur þangað við fyrsta tækifæri.



Burðarmenn ofan við þorpið Shika, sem er ofan við Kali Gandaki dalinn. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.



GÖNGUFERÐ UMHVERFIS

Annapurna fjallgarðinn

EFTIR SIGRÍÐI ÞORBJARNARDÓTTIR

Í marsmánuði 1987 fór ég í ferð til Nepal með nokkrum félögum úr Alpaklúbbnum. Við vorum á ferð í rúma 2 mánuði, þar af vorum við á göngu í eina fjórtíu og fimm daga. Ég vísa til greinar Torfa um allan undirbúning og ferðatilhögun, en ætla að segja frá ferð okkar Söllu og Helgu umhverfis Annapurna fjallgarðinn. Við vorum vel útbúnar, með hlýjan fatnað, tvö tjöld og gastæki, svona til að vera við öllu búnað ef okkur litist ekki á tehusin, sem við ætluðum þó að gista í. Einnig þótti skynsamlegt að vera með tjöld ef eitthvað bæri út af í skarðinu Thorung La, sem liggur í 5416 m og við þurftum að fara yfir. Við notuðum tjöldin aðeins tvisvar og gastækið einu sinni. Með okkur í ferðinni voru þrír burðarmenn og einn leiðsögumaður. Þessi hópur var á göngu í einn mánuð.

Við yfirgáfum klifrara í aðalbúðum og gengum niður til Pokhara og þar hófst hin eiginlega hringferð þann 24. apríl. Leiðin lá frá Pokhara til Shauli Bazar, um Nalma, til Khudi og þaðan upp með ánni Marsyandi, um Manang (3350 m), yfir skarðið Thorung La (5416 m), niður í Muktinath (3800 m), að þorpinu

Kagbeni (2804 m) og niður með ánni Kali Gandaki til Tatopani (1189 m). Þaðan fórum við til Ghora-pani og komum við á frægum útsýnsisstað, Poon Hill (3232 m). Frá Poon Hill lá leiðin til Ghandrung og þaðan til Landrung þar sem við ætluðum að fréttu af klifurgörpum eða skilja eftir skilaboð til þeirra. Lokakafli leiðarinnar til Pokhara lá svo um þorpin Chandrakot (1563 m) og Nagdanda (1425 m). Þessi hringur er um 370 km.

Fyrstu þrjá dagana gengum við um slóðir sem virtust fáfarnar og mættum aðeins einum ferðamanni. Þó var greinilegt að börnin í Siswa voru vön ferðamönnum og nokkur urðu samferða okkur á leið sinni í skólann. Þau töluðu hrafl í ensku og tvíburastrákar um 6 ára gamlir fóru með enska stafrófið reiprennandi. Þegar við nálguðumst vötnin Begnas Tal og Rupa Tal var mikið um að vera. Þau voru greinilega stolt af vötnunum og bentu hreykin á þau. Þó stoppuðu þau við og við ræðuhöldin til þess að biðja um „school pen“, en ekki eina rúpíu (um tvær krónur) eins og börnin gerðu í nágrenni Pokhara.

Á þessum slóðum er mjög gróðursælt. Við geng-



Lagt upp frá Shauli Bazar í býtið á öðrum göngudegi, 25. apríl. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.

um um hrísgrjónaakra, sem voru fagur grænir. Á ökrunum eru stíflugarðar, sem jafnframt eru göngustígar. Það var mjög sérstök tilfinning að „ganga“ þannig á vatninu.

Í fyrsta náttstaðnum á hringleiðinni leist okkur ekki meira en svo á blikuna. Við Salla vorum sestar undir stórt tré, þegar allt í einu dreif að fjölda kvenna og barna, sem settust undir næsta tré og hlógu og pískruðu. Við vorum alveg varnarlausar og ég held að Salla sjái ennþá eftir því að hafa ekki snúið vörn í sókn, með því að festa á filmu þetta fjöruga samkvæmi. Í Shauli Basar virtist ekki vera neitt tehús, seint og um síðir fannst þó eitt. Þar var okkur troðið inn í eitt lítið herbergi, þar sem var hálft annað flet. Fylgdarmenn okkar sváfu í næsta herbergi á einni flatsæng. Gestgjafinn virtist hálffeiminn við okkur, og virtist afsaka dalbatið, sem hann bar fram. (Dal=hrísgrjón, bat=linsubaunir, en dalbat er aðaluppistaðan í fæðu Nepala). Lystin hjá okkur var ekki góð og batnaði ekki þegar Helga lýsti því yfir að hún hefði séð skeiðarnar þvegnar í opnu ræsi, sem lá meðfram þorpsgötunni. Þetta var reyndar áveituvatn af hrísgrjónaökrunum, skolbrúnt á lit. Enda kom í ljós daginn eftir, að maginn var kominn í ólag. Börnin í þorpinu hópuðust að okkur meðan við biðum eftir að Salla, leiðsögumaðurinn okkar, fyndi gististað. Þau betluðu ekkert og virtust óvön ferðamönnum. Einn drengurinn var í peysu með mynd af

ketti, og ég reyndi að benda á köttinn og sagði „byralo“. Þetta vakti mikla kátínu og var sá drengur síðan fremstur í flokki þeirra, sem eltu okkur. Daginn eftir vorum við kvaddar með hrópum og köllum en við skildum aðeins orðið „byralo“.

Næsta dag lá leiðin til Nalma. Við gengum áfram eftir hleðslunum á hrísgrjónaökrunum og yfir heljar mikla brú, sem var reyndar áveitustokkur. Þá þurfti ég að taka á honum stóra mínum til að komast yfir, mig sundlaði við að hafa rennslið í stokknum á aðra hönd og hyldýpið í ánni á hina. Í Nalma gistum við í hreinu og þokkalegu tehúsi og ræddum við soninn á bænum. Hann var góður í ensku og fús að tala við okkur. Hann sagðist vera í læknisfræði í Pokhara og ætla að koma aftur til Nalma og lækna sitt fólk, þegar hann væri búinn að læra. Dóttirin tók Helgu í hárgreiðslu og vildi fá mynd af þeim saman. Þarna í Nalma var líka slátrað kjúklingi, sem leiðsögumaðurinn okkar eldaði. Við höfðum á tilfinningunni, að hann væri hræddur um að við myndum missa móðinn, vegna þess hve slæmur aðbúnaðurinn hafði verið nóttina áður. Á þriðja degi komum við að ármótum Khudi Khola og Marsyangdi. Við fórum yfir Khudi á hengibrú sem var allri tjaslað saman. Þar var umferð stjórnað, þ.e. ekki var hleypt nema 2-3 yfir í einu. Burðarmönnum gafst því ekkert færi á að hrekkja Söllu, en þeir höfðu fundið veika bletti á henni, eins og þá, að henni var illa við að



I skarðinu Thorung La (5416 m) þann 6. maí. Salla og Lama, burðarmaðurinn frá Bútan. Búsbha, annar burðarmaður tók myndina.

hoppað væri á hengibrúnum meðan hún var að fara yfir. Annar leikur þeirra var að gefa engisprettum, þar sem Salla sat, selbita og gá hvor hoppaði hærra, Salla eða engisprettan.

Við þokudumst upp með ánni, í gegnum laufskógabeltið og inn í furuskógabeltið. Það var mjög skemmtilegt að ganga eftir stígnum, sem lágu í gegnum furuskógana. Birtan þar var alveg ólýsanleg og könglar lágu á við og dreif. Helga tók einn og kastaði, en upp úr þessu hófst mikill „bardagi“, sem varð ennþá skemmtilegri vegna þess að á nepölsku heitir köngull „salla“.

Það var dimmt yfir fjöllumum alla leiðina upp í Pisang. En þá fyrst sáuum við risana í Annapurna-fjallgarðinum. Því útsýni er ógerlegt að lýsa. Fyrir ofan Pisang er landið mjög hrjóstrugt, enda í yfir 3000 m hæð. Þrátt fyrir það híma þorpin upp um allar fjallshlíðar og renna næstum saman við landslagið. Í Braka lentum við í snjókomu, sem tafði okkur í hálfan dag. Við notuðum tímann til að skoða fornt Búddaklaustur. Það var mjög furðuleg skoðunarferð og svo dimmt innandyrá í klaustrinu, að við „sáum“ það ekki fyrr en við fengum myndirnar, sem við tókum þar. Engu að síður var þetta skemmtileg ferð, ekki síst vegna þess hversu ákafur gamli karlinn var, sem var leiðsögumaður okkar. Því miður skildum við hann illa, en hann hélt langar ræður um mikilvægi klaustursins. Við sáuum ekki nein merki um að þar

væru munkar starfandi. Reyndar var varla nokkurt lífsmark á götum þorpsins, húsinn héngu utan í brekkunni hvert yfir öðru.

Frá Braka var örstutt til Manang, sem er nokkurs konar miðstöð þessa svæðis. Loksins vorum við komnar í þetta umtalaða þorp. Heldur fannst okkur lítið um að vera þar, en vegna snjókomu þurftum við að bíða þar í þrjá sólarhringa. En við vorum heppnar með tehus, dvöldum hjá Bujung Gale í besta yfir-læti. Hann var kátur, karlinn, og blaðraði heil ósköp við okkur. Hann vildi endilega hafa vistaskipti við mig, bauð mér hótélreksturinn, en ætlaði að ganga í mína vinnu heima á Íslandi. Á öðrum degi okkar í Manang kyngdi niður snjó og fjöldi ferðamanna kom þangað aftur frá Thorung Phedi, sem er síðasti gisti- staðurinn fyrir hið illræmda skarð, Thorung La. Fólkið hafði verið í Phedi í nokkra daga og voru sögurnar af dvölinni þar ekki upplífgandi, matur af skornum skammti og verðið daghækkandi. Að vísu ofbauð íslendingunum ekki verðlagið. En verst var, að kokkurinn í tehusinu þar var orðinn skapillur og erfiður viðureignar. Á þriðja degi birti upp, við urðum vonglaðar á ný og áttum góðan dag við mynda- tókur, smágönguferðir og „verslunar“leiðangra. Við keyptum súkkulaði og jakost að ógleymdri kíló- dós af niðursoðnum ávöxtum, en það var nestið sem leiðsögumaðurinn hafði mestan áhuga á að taka með. (Jakuxar þrífast í yfir 3000 m hæð og er ostur-

inn hreinasta lostæti). Í Manang gátum við virt Gangapurna fyrir okkur í öllu sínu veldi og vissulega barst talið að því hvernig þeim gengi í klifrinu, kannski næðu þau toppnum ef veður héldist bjart í nokkra daga.

Frá Manang til Thorung Phedi fórum við loks 5. maí. Sú ganga var fremur létt og kom í ljós að við höfðum haft gott af hvíldinni í Manang. Tehúsið í Thorung Phedi var stór skúr og voru húsráðendur tveir strákar, sem varla sá í fyrir sóti og skít. Þeir voru ekki áberandi skapvondir, en ekki heldur sérlega glaðlegir. Kokkurinn, sem var eins og lítill púki, eldaði þá bestu kartöfluköku, sem ég hef bragðað. Um nóttina var kalt og lítið sofið, þrátt fyrir dún-poka og dúnúlpu þar ofan á. Við lögðum af stað upp í skarðið strax í birtingu án þess að fá morgunmat hjá kokknum. Gangan yfir skarðið gekk vel, þó menn væru mishressir. Salla skeiðaði á undan með Salla og burðarmönnum, en við Helga komum á eftir (kannski voru kartöflukökurnar góðu farnar að segja til sín). Rétt handan við skarðið biðu þau síðan eftir okkur og voru búin að finna gott skjól, hita ávextina og tevatn. Þetta var hin besta máltíð og maður fljótur að gleyma púlinu í brekkunum upp hinum megin.

Okkur létti mikið þegar við vorum komnar yfir skarðið. Hugsunin hafði óneitanlega snúist mikið um það á uppleiðinni, hvernig okkur gengi yfir skarðið og jafnvel hvort við kæmumst yfir það. En heppnin var með okkur þarna.

Muktinath - Kali Gandaki - Landrung

Leiðin frá Muktinath niður að ánni Kali Gandaki (Svartá) er mjög hrjóstrug, stöku barrhrísla vex upp-úr berum klöppunum. Þetta virtist ekki gott land undir sauðfé, þó var greinilegt að íbúar þorpsins Kagbeni höfðu lífsviðurværi sitt af fjárrækt. Við sáum smölun í snarbröttum hlíðunum í kringum þorpið og inni í þorpinu sjálfu voru réttir hlaðnar úr grjóti. Vegfarendur í þorpinu virtust fremur sauðfé og geitur en mannfólk. Þó kynntumst við örlítið nokkrum konum úr þorpinu. Þær voru á leið frá Muktinath og urðu okkur samferða spölkorn. Þær voru ákaflega fjörugar, sungu og göntuðust við okkar menn, en vildu minna tala við okkur stöllur. Þær vildu helst ekki láta taka myndir af sér og hlupu undan myndavélunum. Þó voru þær að springa úr ópoli, þegar Salla skipti um filmu. Þær virtust eiga von á að sjá myndina strax, hafa trúlega kynnst Polaroid myndavélum.

Þegar við vorum komin framhjá þorpinu Kagbeni sem var fyrsta þorpið á leiðinni niður með Kali Gandaki, má segja að fólkið og tehúsin hafi breytt

um svip. Allt varð ríkmannlegra eftir því sem neðar dró. Í Manang sátum við ásamt fjölskyldu Bujungs Gale í kringum eina eldstæðið í tehúsinu hans og fylgdumst með kokkinum þegar hann eldaði. En í tehúsinu í Marpha var sérstakt eldhús og hægt að fá eplapæ, góðan graut og eitthvað sem kallað var pitsa. Þar var líka sturta uppi á þaki tehússins, að vísu ísköld, en sú fyrsta sem við komumst í tæri við frá því í Pokhara 14 dögum áður. Þorpið Marpha var sérstaklega snyrtilegt, þar var rafmagn og lokað skólpræsi. Í Manang var ekkert rafmagn, en stendur til að byggja rafstöð. En okkur sýndist að þær framkvæmdir gætu tekið langan tíma, því að á leiðinni upp með ánni Marsyandi gengum við framhjá burðarmönnum með ógurleg rör á bakinu. En til þess að koma rörunum upp til Manang, þurftu þeir að ganga sex dagleiðir.

Í Tatopani kunnum við ekki vel við okkur, þorpið er frægur ferðamannabær og fullt af ferðamönnum. Þar var jafnvel hægt að horfa á indverskar og bandarískar bíómyndir. En annað var ánægjulegt við „velmegunina“ í kringum Kali Gandaki. Þar voru velbyggð skólahús og börn að leik í skólagörðunum, jafnvel einn og einn krakki vel bústinn, en slíkt sást ekki í þorpunum við Marsyandi ána.

Leiðin meðfram Kali Gandaki er afar vinsæl gönguleið og ekki að ástæðulausu. Landslagið er mjög stórbrotið og fagurt. Áin liðast um dalinn og upp eftir hlíðunum vex skógur. Þá taka við risavaxin fjöll, í vestri ber mest á Dhaulagiri tindunum, en í austri eru Annapurna-fjöllin og Nilgiri-tindarnir. Til að gefa hugmynd um hver stórbrotið landslagið er, má geta þess að þorpið Tatopani er í um 1000 m hæð, en hæsti tindur Dhaulagiri er yfir 8100 m. Annapurna I er rúmir 8000 m og Nilgiri-tindarnir eru 6-7000 m háir. Hæðarmunur þarna er því um 7000 m. Fjarlægðin milli tindanna er hins vegar ekki nema 30-40 km. Við nutum þess vel að ganga niður með Kali Gandaki. Við vorum fjóra daga á leiðinni frá Kagbeni til Tatopani, fórum fremur hægt yfir vegna þess að ég hafði meitt mig á fæti. Ég haltraði þessa leið á tveimur bambusprikum og gerði mér grein fyrir því að það er ekkert grín að slasast á þessum slóðum. Við sáum nokkrum sinnum „sjúkraf lutninga“ innfæddra, börn voru borin í bastkörfum, og einu sinni sáum við mann, sem bar fullorðna konu á bakinu. Það kom mér á óvart hve innfæddir horfðu á mig með mikilli samúð þegar ég haltraði um á bambusprikunum. Ég hélt þeir hefðu séð það svartara sjálfir. Í Nepal er lækniþjónusta mjög bágborin, einungis einn til þrír læknar á hverja 100 þús. íbúa.

Frá Tatopani lá leið okkar í vestur frá Kali Gandaki og upp í Goropani til Poon Hill. Þaðan sér yfir Dhaulagiri-fjöllin, niður í Kali Gandaki dalinn og



Morgunn á Poon Hill. Alparósartré og fjallið Dhaulagiri (8167 m) í baksýn. Ljós. Sigríður Þorbjarnardóttir.

yfir á Nilgiri, Annapurna og Machapuchhaare fjöllin. Við vorum svo heppnar að ná björtu veðri við sólarupprás á Poon Hill, það var ógleymanlegur morgunn. Frá Goropani fórum við í gegnum mikinn skóg niður til Gandrung. Þetta var alparósaskógur og mörg trén í fullum blóma. Alparósatrén eru nokkurra metra há og þakin rauðum blómum á vorin. Á nepölsku heita þau Laligras og eru einkennisblóm Nepala. Skógurinn var svo þéttur á köflum að stígurinn sást varla. Parna varð ég viðskila við ferðafélagana og naut þess að ganga um í kyrrðinni. Eftir dágóða stund áttaði ég mig á því, að ég hafði villst. Það var raunar ekki fyrr en ég kom í rjóður, þar sem sátu nokkrir fjárhirðar í skýli sínu og drukku te. Þeir hristu höfuðið, þegar ég spurði hvar Gandrung væri. Mér varð ekki um sel því mér sýndist þeir hálf skuggalegir, sneri við hið bráðasta og rambaði loks sjálf á réttu slóðina. Stelpurnar og Saila biðu við næsta tehús. Líklega hefur þeim ekki verið orðið alveg sama því þau stríddu mér ekki einu sinni. Í Kathmandu frétti Helga að Tolkien hefði gengið einmitt þennan sama skóg og e.t.v. hefur hann séð Bilbo Baggins bregða þar fyrir. Ég sá hann ekki, en mér hefði ekki komið á óvart þó einhverjar vættir væru þar á sveimi, slíkir voru töfrar skógarins.

Frá Gandrung lá leið okkar til Landrung, þar lokuðum við gönguhringnum. Tveim dögum síðar, 16. maí, vorum við komnar aftur til Pokhara. En erfiðasti hluti leiðarinnar var þó enn eftir. Það var rútuferð frá Pokhara til Kathmandu. Þar var bekkurinn

svo þröngt setinn, að við gátum ekki hreyft legg né lið, þó við hefðum allar lést til muna.

Af burðarmönnum

Við söknuðum þess mikið að geta ekki talað við fylgdarmenn okkar, sem voru með okkur í fjórar vikur. En enskukunnátta þeirra dugði einungis til að koma til skila einföldustu staðreyndum og varla það. Og ekki kunnum við nepölsku. Þó gátu þeir sýnt okkur á korti úr hvaða landshluta þeir kæmu og höfðu gaman af. Þrír þeirra, Saila, Mohan og Busbha voru frá Kumbu-héraði, sem er í nágrenni Everest. En sá fjórði, Lama, var frá Bhutan, nágrennaríki Nepals. Þeir Saila og Busbha voru af Tamang þjóðflokki, en Mohan af Rai þjóðflokki. Þeir virtust ekki eiga í neinum tungumálaerfiðleikum sín á milli. Ég komst líka að því að þeir áttu auðvelt með að sýna mér samúð, þegar ég meiddi mig á fæti. Þá skein góðvildin og umhyggjan úr öllu þeirra viðmóti. Einhverjir Alpaklúbbsfélagar hafa e.t.v. gaman af að vita að Saila hefur verið í nokkrum ferðum með Doug Scott, sem hefur nokkrum sinnum heimsótt Ísland.

Þetta voru allt hinir ágætustu menn og ég held að við hefðum varla getað fengið betri ferðafélaga. Ég hafði haft áhyggjur af að við kynnum ekki að vera í skemmtiferð með þjónustufólki, en þessir menn kunnu sitt verk svo vel, að við fundum aldrei til neinna óþæginda. Návist þeirra réði miklu um, hve vel ferðin tókst.

Óríon

EFTIR PÁL SVEINSSON

„Ég verð, ég skal“, hugsa ég, alveg að gefast upp. Finn ekki fifikrókinn. Loksins hafðist það, ég sest í öxina og slappa af. Hvernig í ósköpunum hafði ég látið plata mig út í þessa vitleysu, þetta var allt Helga að kenna, hann er alltaf svo sannfærandi þegar á að etja manni út í svona ævintýri.



Daginn áður, þegar hann kíkti í heimsókn og spurði hvort ég kæmi ekki með í léttan göngutúr, grunaði mig ekki hvað hann hafði í huga, en það kom fljótt í ljós, það átti að fara og líta á Óríon og ég ákváð að skella mér með. Svona fyrir ókunnuga, þá er Óríon um 80 metra hár ísfoss í Brynjudal, sem gengur inn af Hvalfirði, og hefur hann verið draumur margra klifrara í nokkur ár. Til að komast að ísfossinum þarf að brölta upp gil sem tekur um 40 mínútur og þar sem hvorugur okkar hafði komið þangað fyrr, vorum við ekki vissir hvar fossinn væri. Þegar við komum inn í botn gilsins blasir við okkur ísfoss og ég segi:

„Varla getur þetta verið Óríon?“

„Ef þetta er Óríon og strákarnir hafa verið að gefast upp þá get ég einfarið Everest.“

Eftir smá pælingar komumst við að þeirri niðurstöðu að þetta væri vitlaus foss og förum því að litast um. Gengum til baka út eftir giliinu sunnan megin og komum þá út á litla öxl og þarna var hann. Við stóðum alveg orðlausir. Nú fyrst skildi ég hvað strákarnir höfðu verið að tala um. Hann gnæfði yfir mig og mér leið eins og Davíð er hann sá Golíat í fyrsta sinn.

„Þetta er alveg rosalegt“, segi ég, „við förum þetta aldrei.“

„Hann er fær. Hann er fær. Sérðu það ekki“, segir Helgi.

„Það getur vel verið, en ekki af mér“, svara ég.

„Förum nær og tékkum á honum.“

Við röltum nær, hrasandi í öðru hvoru skrefi, því við horfum meira upp en niður. Undir honum, horfandi beint upp verður mér á orði.

„Ef ég fer þetta einhvern tímann skal ég koma á hverju ári eftir fimmtugt, bara til að sjá hvað ég gerði þegar ég var ungur.“

Við ákváðum síðan að reyna við Óríon daginn eftir og vorum tilbúnir í slaginn klukkan ellefu um morguninn.

„Hver tekur fyrstu spönn?“, spyr Helgi.

„Vilt þú ekki taka fyrstu?“

„Ég var að vonast til að þú segðir þetta.“

„Ja, ef þú kemst fyrstu þá kemst ég þá seinni.“

Meðan Helgi er að gera klárt kem ég mér eins vel fyrir og kostur er.

„Ert þú til?“

„Já“

„Þá legg ég í hann.“

„Ókey.“

Með því leggur hann af stað og um leið byrjar að hrynja á mig íshröngl. Ég færi mig til hliðar úr skotlínunni en lendi þá undir úða frá fossinum sem myndar klakaskán á stakkinn. Þegar Helgi er kominn upp í miðjan foss á góðan stans, og ég ætla að fara að gera klárt, er ég svo klakaður að ég get ekki lyft upp höndunum fyrr en ég er búinn að berja á ísskelinni á öxlum mér og mylja hana aðeins. Spönnin sem sem Helgi hafði leitt var ekki eins erfið og hún hafði



Órion í Brynjudal. Ljós. Jón Geirsson.

litið út í fjarlægð. Hún tók samt hraustlega á og ekki hafði Helgi verið laus við úðann því að ísskrúfurnar voru hreinlega komnar inn í ísinn og þurfti ég að berja á karabínunum til þess að geta opnað þær.

Þegar ég kem upp til Helga sé ég að hann hefur fundið svo góðan stans, að aðeins stúkusæti í óperunni mundi jafnast á við hann. Til þess að geta haldið áfram þurfti ég að mjaka mér út á stórt grýlukerti sem við stóðum á bakvið, það tók hraustlega á taugarnar að fara úr svo góðu stoppi út á kertið og horfa fjörutíu metra niður. Ísinn var slæmur og ég treysti

honum ekki. Ákveð að vera snöggur upp á smá stall fimm metrum ofar og skella inn skrúfu þar. En það er sama hvað ég reyni, það vill engin skrúfa inn. Áfram held ég fimm metra, góður staður, hálfgerður hellir en þó ekki eins góður og sá sem Helgi fann. Ákveð að taka Helga upp. Vil hafa hann nálægt mér þegar ég fer lykilkafnann. Þegar Helgi kemur upp til mín segir hann:

„Ef þú ætlar að halda áfram, verður þú að setja fleiri tryggingar, þetta var heldur tómlegt.“

Ég reyni að afsaka mig en lofa síðan að hafa þær fleiri. Ég græja mig og held af stað. Fyrst þarf að hliðra eina þrjá metra. Kem þar inn einni af lengstu gerð en treysti henni ekki allt of vel. Virði fyrir mér framhaldið, rúmlega tíu metrar lóðréttir og svo eitthvað áfram sem sést ekki. Talandi um slæman ís áðan, hér þori ég ekki að hósta af hræðslu um að axirnar muni hrökkva út og ekki er betra að koma inn skrúfum. Það er lokaráðið að grafa fet inn úr hrönglinu og stinga þeim þar inn og vona að þær haldi.


Rúmlega klukkutíma og ófáum svitadropum síðar hef ég mig upp þennan kafla. Er snöggur upp næstu fimm metra, stoppa og ákveð að taka Helga upp. Línan er svo stíffrosin að ég ætla varla að geta tekið inn slakann en loks þegar Helgi leggur af stað, er hann svo snöggur upp til mín að ég má hafa mig allan við að ná inn slakanum. Síðustu metrnarnar upp að hengjunni eru léttir og hengjan virðist vera nokkuð viðráðanleg. Það kemur í hlut Helga að kljást við hengjuna meðan ég fæ að slappa af. Því miður stendur það ekki lengi, því þegar Helgi kemur að henni, byrjar að rigna yfir mig snjóköggjum, að ég tel í tonnum, og ég get rétt ímyndað mér hvað sé þreytandi að grafa í hengjuna. Þó hefst þetta allt að lokum.

Þessir síðustu metrar upp á brún voru ólýsanlegir, tilfinningin að hafa komist upp á brún var alveg ótrúleg og langaði mig helst að dansa stríðsdans en vegna þreytu varð lítið úr því.



LÁTUM LANDIÐ Í FRÍÐI

Hendum ekki sígarettustubbum
eða flöskubrotum á víðavangi.



Pverártindsegg

EFTIR

MAGNÚS GUÐMUNDSSON

OG

GUÐMUND PÉTURSSON

INNGANGUR

Milli Breiðamerkurjökuls í vestri og Kálfafellsdals í austri rís mikið fjalllendi rist djúpum giljum og dölum en krýnt klettariðum og jöklum hið efra. Til norðurs liggja víðáttur Vatnajökuls en sunnan við er nokkurra kílómetra breið landræma. Þar standa vestustu bæir Suðursveitar, Reynivellir og Breiðabólstaðarbæirnir. Þeirra þekktastur er Hali, en þar var bernskuheimili Þórbergs Þórðarsonar rithöfundar.

Innarlega í þessum fjallabálki er Pverártindsegg, 1554 m há og hæst fjalla í suðurbrún Vatnajökuls milli Örafajökuls og Grendils. Nafnið dregur fjallið af Pverártindi (1132 m) en hann stendur framarlega í fjöllum upp af Reynivöllum.


Þó Pverártindsegg sé í hópi hæstu og reisulegustu fjalla landsins hefur hún til skamms tíma lítt verið þekkt meðal ferðamanna. Kemur þar einkum þrennt til. Í fyrsta lagi er langt að fara af þéttbýlissvæðum Suðvesturhornsins austur í Suðursveit og á leiðinni er hið mjög svo lokkandi og betur þekkta fjallasvæði kringum Skaftafell. Í öðru lagi ber ekki mikið á Pverártindsegg frá þjóðveginum með suðausturströndinni. Þar leynir hún sínu rétta eðli með ávölum útlínunum og dylst á bak við randfjöllin. Í þriðja lagi er allt þetta fjallasvæði fremur óárennilegt, fjöllin bæði brött og klettótt. En þeir sem lagt hafa leið sína um austanverðar hjarnbreiður Vatnajökuls þekkja hins vegar Pverártindsegg. Þar er hún glæsilegust fjalla, brattur tindur, tvítýpptur, með klettaröðlum og falljöklum og leiðarmerki jöklafaranum.

Sænsk-íslenski leiðangurinn stundaði rannsóknir á austurhluta Vatnajökuls árið 1936. Meðal annarra tóku þátt í þeim leiðangri þeir Jón Eypórsson og Sigurður Þórarinnsson og var sá fyrrnefndi leiðangurstjóri ásamt Ahlmann hinum sænska. Bæði Jón og Sigurður gefa Pverártindsegg þá einkunn að þar sé landslag með meiri alpasvip en annarsstaðar gerist á Íslandi. Eru það orð að sönnu og nú á seinustu árum hefur lítill hópur fjallamanna tekið nokkru ástfóstri við þetta svæði og Pverártindsegg sérstaklega. Hér er ætlunin að koma á framfæri nokkrum fróðleik um Pverártindsegg og reyna um leið að gefa lesandanum hugmynd um hvers vegna hún er þeim fjallgöngumönnum sem þangað hafa komið svo kær sem raun ber vitni.


Margir hafa lagt okkur lið við ritun þessarar greinar. Þeir Baldur Johnsen, læknir, Sigurður Þorsteinson frá Reynivöllum, Árni Edwins og Finnur Eyjólfsson sögðu okkur frá ferðum sínum á fjallið. Torfi Steinþórsson á Hala veitti okkur margvíslegan fróðleik um örnefni, sögu og staðhætti.

JARÐFRÆÐI OG LANDSLAG

Suðursveitarfjöll eru að mestu leyti mynduð seint á Tertíer en því tímaskeiði jarðsögunnar lauk fyrir 3,1 millj. ára þegar Kvarter-tíminn eða ísöldin gekk í garð. Pverártindsegg tilheyrir því blágrýtismynduninni og var löngum haft fyrir satt að hún væri hæst þeirra fjalla sem til hennar teljast. Grendill í austurbrún Vatnajökuls mun þó eiga vinninginn þar sem



Pverártindsegg og umhverfi. Teikn. Magnús Guðmundsson.



Pverártindsegg af fjallsbrúninni austan Brókarjökuls, Snæfell er kletthornið, sem ber við himininn til hægri. Milli Snæfells og eggjarinnar sést til Örafajökuls. Ljós m. Magnús Guðmundsson.

hann er 1570 m hár. Egginn er þó ekki gerð úr reglulegum hraunlögum þar sem hvert hamrabeltið er upp af öðru eins og fjöllin út við ströndina. Bergið er að mestu ólagskipt og líkist meira því sem við erum vön að sjá á móbergssvæðum landsins. Það er heldur engin missýning því stór hluti fjallasvæðisins, og Pverártindsegg þar á meðal, telst vera úr gömlu móbergi (Helgi Torfason 1985: Jarðfræðikort af Íslandi, blað 9 Suðausturland, Náttúrufræðistofnun Íslands, Landmælingar Íslands, Reykjavík). En yngra berg er skammt undan. Esjufjöll og Breiðabunga eru eldstöðvar sem nýlega hafa verið virkar, og bæði Karl og Kerling upp af Brókarjökli og Eyjólfsfjall tilheyra yngri grágrýtismynduninni, þ.e. eru yngri en 700 þús. ára. Stór innskot, bæði súr og basísk, er að finna í Hvannadal og Pverártindi. Einnig er súrt berg innarlega í Kálfafellsdal og norðan í Veðurárdalsegg vestast í fjöllum. Þá eru berggangar mjög áberandi í landslaginu innan til í Kálfafellsdal og í Egginni og undirfjöllum hennar. Allt þetta innskotsberg er yngra en bergið í kring og líklegast rætur eldfjalls sem hlaðist hefur upp ofan á gamla jarðlagastaflann á fyrri hluta ísaldar. Lega fjallsins í landinu hefur þá verið svipuð og Örafajökuls í dag en engum getum skal leitt að stærð þess. Allt þetta forna eldfjall er nú horfið en eftir standa inn-

skotin sem fyrr og voru nefnd og gamli berggrunnurinn, allmikið rofinn.

Eins og örlagasaga eldfjallsins gamla bendir til þá er það landslag sem við nú sjáum á þessum slóðum að langmestu leyti verk jökla. Mestu hafa þar valdið jöklar ísaldarinnar en utan í Pverártindsegg hefur verkinu verið haldið áfram allt til þessa dags. Þar hafa hvíltarjökla verið allsráðandi og nagað sig inn í fjallið en aðallega frá tveimur hliðum, þ.e. suðvestri og norðaustri. Þannig varð Egginn til í núverandi mynd.

Pverártindsegg er talin ná frá Pverártindi í suðri að Snæfelli (1383 m) í norðri. Fjallshryggur teygir sig frá Pverártindi norður í háfjallið sem rís um 5 km norðar. Hryggur þessi er mun lægri en háfjallið eða Háegginn og mun hann hér eftir nefndur Lágegginn.

Á korti líkist Pverártindsegg einna helst köngulö eða krabba. Langir armar teygja sig í allar áttir út frá bolnum. Í miðjunni er Háegginn um 2.5 km löng. Hún er víðast hvar á bilinu 1350-1550 m há og hefur meginstefnu frá suðaustri til norðvesturs. Armarnir eru svo fjallshryggir, misjafnlega langir og rismiklir. Á milli fjallshryggja þessara eru hvíltar- og skálarjökla og má telja eina 7 slíka og saman umlykja þeir fjallið. Til suðvesturs frá toppnum gengur hryggur yfir að Veðurárdalstindi (1240 m). Norðan hans er



Séð til Þverártindseggjar úr Esjufjöllum. Snæfell á miðri mynd. Svöludalur blasir við undir Egginni. Lága fellið lengst til vinstri er Eyjólfssjall. Ljósm. Magnús Guðmundsson.

mikill dalur, Svöludalur og í honum jökull sem sameinast Breiðamerkurjökli. Sunnan hryggsins er svo allmikill jökulflati. Frá honum skríða tvær jökultungur. Annarsvegar niður í Innri-Veðurárdal en hinsvegar Fellsárjökull eða Bríkurjökull sem liggur niður með Lágegginni að vestan. Austan við hana ganga tveir hryggir fremur lítilfjörlegir út frá Háegginni í átt að Hvannadal.

Suðurendi Háeggjarinnar er reisulegur tindur, 1420 m hár. Er Egginn örmjó og hnífssköp þaðan allt upp á efsta tind um 1 km vegalengd. Tveir tindar eru efst á Þverártindsegg og á milli þeirra dálítið skarð eða söðull. Efsti tindurinn sem fyrr er nefndur er austar, en sá vestari er litlu lægri. Norðurhlutinn er hins vegar víðast hvar ekki eins hvass og suðurhlutinn.

Norðausturhlíð Þverártindseggjar er hrikalegust og bröttust, með falljökklum allt frá efstu brún niður í botn Eggjardals, og hefur tungan sem nær þangað niður verið nefnd Skrekkur. Er fallið frá toppnum niður í dalbotn um 1250 m á 2 km láréttri vegalengd. Rétt er að skjóta því hér inn að Skrekkur og Eggjardalur eru nýnefni en það síðarnefnda birtist fyrst á prenti 1980 í grein Ingvars Teitssonar um Þverártindsegg og Kálfafellsdal í 14. tbl. tímarits Íslenska Alpaklúbbsins.

Háegginn er allstaðar hömrum girt nema hvað jökull nær upp í söðulinn að norðaustan og litlu munar að svo sé einnig í suðvesturkinninni. Á þessum tveimur stöðum liggja þær uppgönguleiðir sem þekktar eru á fjallið.

FYRSTU FERÐIR Á ÞVERÁRTINDSEGG

Ekki er líklegt að fjölfarið hafi verið á Þverártindsegg þar sem hún rís hæst. Bændur áttu þangað ekkert erindi í leitum, þar var engin von sauðfjár. Talið er að norskliðsforinginn Hans Jakob Scheel hafi klifið Þverártindsegg fyrstur manna 13. ágúst 1813 til landmælinga. Hann hefur þó ekki farið á hæsta tindinn því að hæðartalan sem hann gaf upp var ekki nema 1151 m eða fjögur hundruð metrum lægri en Háegginn. Hann hefur því væntanlega gengið á Þverártind sem nú er talinn 1132 m á hæð eða á lægri hluta Eggjarinnar norður af honum.

Eftir því sem næst verður komist var fyrst gengið á Háeggina á Jónsmessudag 24. júní 1932. Þar voru á ferð Baldur Johnsen, síðar lækni og Þorsteinn Guðmundsson bóndi á Reynivöllum. Ekki var þó þessi ganga þeirra félaga á tindinn markmið ferðarinnar en hún mun hafa verið farin í því skyni að kanna fjalllendið upp af Suðursveit og halda síðan áfram norður yfir Vatnajökul, en heitkona Baldurs

var þá á Akureyri og hafði hann hug á að heimsækja hana. Þeir félagar komust í jökulsker í austurhluta Esjufjalla en hrepptu þar versta veður og urðu að snúa við. Alls voru þeir fjóra daga og þrjár nætur á jökli. Vonandi verður þessari frækilegu ferð lýst á öðrum vettvangi en hér verður látið nægja að greina frá göngunni á hæsta tind Pverártindseggjar. Þeir Þorsteinn og Baldur lögðu upp frá Reynivöllum kl. 8 á Jónsmessumorgun. Þeir höfðu með sér skíði, tjald og vikunesti og báru 45 pund hvor. Sauðskinnskó höfðu þeir á fótum en enga mannbrodda. Þeir munu hafa gengið upp vestan Fellsár, eftir því sem Baldur minnir og þannig upp á jökulflatann vestan Pverártindseggjar. Veður var gott, skafheiðríkt, dálítill vestangola og molluhiti. Héldu þeir norður með Pverártindsegg og eftir ellefu tíma göngu komu þeir fram á brún mikils dals. Höfðu þeir þá Veðurárdals-tind á vinstri hönd en til hægri gnæfði hæsti tindur á þessum slóðum. Leiðin niður í dalinn var mjög sprungin og óárennileg við fyrstu sýn. Þarna sáu þeir félagar svölu á flugi og nefndu dalinn Svöludal. Það var trú manna í Suðursveit að svölur boðuðu óveður eða önnur ótíðindi. Vildu þeir því kanna hvort krækja mætti fyrir dalinn. Gerðu þeir sér lítið fyrir og gengu upp hrygginn til hægri og upp á hæsta tindinn til að litast um en skildu farangur sinn eftir niðri.

Ekki minnst Baldur þess að þeim hafi reynst erfitt að komast upp. Líklegt er að þeir hafi gengið á vestari tindinn af þeim tveim sem hæst ber. Gengu þeir á snjó langleiðina en skriða var efst. Af tindinum var víðsýnt mjög og sáu þeir vítt yfir sveitir Austur-Skaftafellssýslu og til Kverkfjalla norður yfir jökul. Eftir gönguna á tindinn leituðu þeir félagar sér náttstaðar niður í Veðurárdal áður en þeir héldu för sinni áfram norður á Vatnajökul, en sú saga verður ekki frekar rakin hér.

Næstu ferð í Háeggina, sem við höfum spurnir af, fóru svo fjórir bændasynir úr Suðursveit að beiðni Landmælinga Íslands snemma í júní 1956. Átti að reisa þar stöng, sem notuð skyldi til mælinga. Svo skemmtilega vill til að Sigurður, sonur Þorsteins á Reynivöllum, var þar í för en með honum voru þeir bræður Halldór og Gunnar Vilhjálmsynir í Gerði og Steinn Þórhallsson á Breiðabólstað. Reyndar höfðu þrír menn lagt af stað í þessu skyni daginn áður en hreppt norðanbyl og orðið að snúa við, þegar komið var langleiðina að Háegginni. Var þar í för Halldór Vilhjálmsson, sem áður er getið, ásamt Ragnari Sigfússyni á Skálafelli og þriðja manni frá Landmælingum Íslands, en ekki man Sigurður nafn hans.

Þeir fjórmennningar drógu með sér lítinn sleða um það bil hálfan annan metra að lengd og höfðu á hon-



Horft suður eftir Egginni frá hæsta tind. Pverártindur til hægri. Ljós. Guðmundur Pétursson.

um nesti og annan farangur. Þeir voru búnir heima-smíðuðum mannbroddum eins og þá tíðkuðust þar eystra, höfðu broddstafi og einhvers konar bönd eða línur. Fengu þeir mjög gott veður, bjartviðri og sólskin, enda багаði þá hiti á leiðinni upp.

Lagt var af stað frá Reynivöllum kl. 8 eða 9 að morgni og haldið upp með Fellsá að austan og svo í hlíðum Pverárfjalls og yfir Brík, en svo nefnist klettabrík sem gengur þvert niður á gilbarm Fellsár að austan. Er þar bratt niður en þó auðgengt. Norðan Bríkur gengu þeir slétta aura upp undir sporð Fellsárjökuls. Þessi jökultunga mun hafa hopað mjög á hlýviðrisárum þessarar aldar og skilið eftir auðan dalbotn norðan Bríkur. Þegar kom upp á mótis við Pverártind varð fyrir þeim mjög brött brekka og snéru þeir þá til vesturs um hríð en þar var hallinn minni. Þegar þeir höfðu Hvítung (1112 m) í suðvesturátt tóku þeir stefnu meðfram Pverártindsegg til norðurs og héldu henni nema hvað þeir gæðust tvisvar upp á eggina og litu til austurs, enda var þar víða auðvelt uppgöngu. Þegar nær dró Háegginni gengur þeir fram á efniviðinn í landmælingamerkið, sem þremmingarnir höfðu skilið eftir daginn áður.

Nú komu þeir félagar að hæsta hluta eggjarinnar. Varð þá fyrir þeim jaðarsprunga allmikil, þar sem brött hlíðin reis upp að egginni. Tókst þeim að komast fyrir hana að austanverðu. síðan gengu þeir upp suðvesturkinnina í söðulinn milli tveggja hæstu hnjúka Pverártindseggjar. Gekk þeim vel upp en urðu þó að höggva sér spor í hjarnið og nota bönd til stuðnings. Efst í skarðinu var snjóhengja en þeim tókst að ryðja sér braut í gegnum hana. Þeim hafði verið sagt að setja merkið á eystri hnjúkinn en sýndist hann torsóttur. Þeir fóru því upp á hnjúkinn til vinstri handar enda sýndist hann þeim hærri. Ekki fóru þeir þó beint upp úr söðlinum heldur klifu hnjúkinn úr norðri og þurftu þar að höggva spor og nota bönd.

Nú var að koma merkinu fyrir og gekk það heldur illa því að svigrúm var lítið þarna uppi. Styttu þeir stöngina um helming og þurftu þó að leita að festum fyrir stögin út fyrir brúnir. Felldu þeir plötu niður í grjótið og boruðu fyrir festingu fyrir stöngina. Verkið mun hafa tekið um tvo til þrjá tíma og var klukkan tíu að kvöldi er þeir höfðu lokið þessum starfa og voru komnir niður af tindinum. Sigurður Þorsteinson minnst þess að hafa séð til fjalla í fjarska norður yfir jökulinn og hyggur það hafa verið Kverkfjöll.

Heimferðin gekk vel og fóru þeir sömu leið til baka en tóku þó ekki krók til vesturs hjá Pverártindi eins og þegar upp var farið, heldur fóru beint niður brattann, enda var þar nú auðvelt að fóta sig og snjórgljúpur vegna sólbráðar. Að Reynivöllum komu þeir klukkan eitt eða tvö um nóttina.

Ekki þurfti Pverártindsegg lengi að bíða næstu gesta, en þeir komu innan af jökli í tveimur snjóbílum undir forystu Guðmundar Jónassonar, hins fræga öræfabílstjóra. Auk hans voru með í för Árni Edwins, Finnur Eyjólfsson, Halldór Eggertsson og Hörður Hafliðason auk Danans J.W.K. Ekholms, sem gera átti þríhyrningamælingar á Pverártindsegg. Var þetta liður í umfangsmiklum leiðangri vítt og breitt um fannnbreiður Vatnajökuls sem Jöklarannsóknafélagið stóð fyrir í samvinnu við Landmælingar Íslands. Þessi hópur kom akandi úr Tungnaárbotnum með viðkomu á Þórðarhyrnu, Grímsfjalli, Hvannadalshnjúk og Esjufjöllum. Hinn 26. júní 1956 komu þeir að Pverártindsegg úr vestri. Munu þeir hafa ekið upp Svöludal eins og komist varð á snjóbílum.

Síðan gengu mælingamennirnir upp allbratta jökulbrekku norðan í hryggnum milli Pverártindseggjar og Veðurártinds og svo upp suðvesturkinnina upp í söðulinn á svipuðum stað og Suðursveitarmenn. Þeim gekk greiðlega að komast á eystri tindinn. Settu þeir upp tæki sín en svigrúm til athafna var næsta lítið. Þar sem þokukúfur lá yfir Snæfelli hinu eystra urðu þeir að bíða betra skyggis í allmargar klukkustundir. Á meðan hvíldist Ekholm mælingamaður í snjóhúsi sem þeir grófu inn í hlíðina undir tindinum. Luku þeir mælingum um hádegi 27. júní en héldu áfram för sinni um kvöldið áleiðis til Godahryggs, Grendils, Kverkfjalla, Þórðarhyrnu og Jökulheima.

KÁLFAFELLSDALUR - FYRSTU KYNNIN

Þær ferðir sem við félagarnir höfum gert á Pverártindsegg hafa allar legið um Kálfafellsdal. Dalurinn er einn sá mesti á Suðausturlandi 15 km langur og 1-2 km breitt undirlendi í botninum. Fyrir enda dalsins er Brókarjökull, falljökull með upptök í hájökli Vatnajökuls og nær sporðurinn niður á sléttlendi. Dalbotninn er flatlendur en gróðurlítill, víðast hvar jökuláraur en aurkeilur framan við gilkafta. Um Kálfafellsdal falla Steinavötn, ekki ýkja vatnsmikil jökulá og má víða finna á henni sémileg vöð gangandi manni. Steinavötnin eiga upptök í Brókarjökli viðbót kemur úr Eggjardal og úr giljum í Kálfafellsfjöllunum austan við dalinn, einkum Kaldárgili.

Eggjardalur skerst til vesturs inn úr Kálfafellsdal og fyrir botninum gnæfir Pverártindsegg í öllu sínu veldi. Dalurinn er stuttur, um 2 km inn í botn en þar getur að líta skriðjökulinn Skrekk. Jökullinn gengur undir þessu nafni í munni Alpaklúbbsmanna, sem ekki hefur litist hann árennilegur. Skrekkur fellur niður úr jökulkvos eða hvilft nærri sléttu en þar upp af rísa svo brattir hamrar Háeggjarinnar. Hlíðar dalsins eru snarbrattar víðast hvar og hér er bergið allt sundurskorið af göngum. Norðan Eggjardals er



Horft til Snæfells af hæsta tind Pverártindseggjar. Karl og Kerling til hægri. Ljós. Guðmundur Pétursson.

Miðfell, fjallshryggur sem nær allt upp í Snæfell. Sunnan dalsins rís Svartitindur fremst (um 800 m), skriðurunninn neðantil en toppurinn allhvöss klettaborg. Inn af Svartatindi liggur fjallshryggur upp í jökla Pverártindseggjar.

Þær hlíðar Svartatinds sem snúa að Kálfafellsdal nefnast Brunaskriður og undir þeim fyrir mynni Eggjardals er gróðurtunga, nokkur hundruð metrar í þvermál en hún heitir því sérkennilega nafni Hólmkvarði. Þar eru góð tjaldstæði, gróinn völlur og stutt í drykkjarvatn.

Vegalaust er að kalla inn Kálfafellsdal en aka má fólksbílum með gætni langleiðina inn undir Kaldárgil. Er þá farið út af þjóðveginum við Kálfafell og farinn vegarslóði þar undir fjallshlíðinni. Frá Kaldárgili er innan við tveggja tíma gangur í Hólmkvarða. Á jeppum má komast innar í dalinn en grýtt er þar á köflum enda ekið um aura Steinavatna og þarf að fara þau á vaði á móts við Hólmkvarða.

Öllum sem komið hafa í Kálfafellsdal er sú heimsókn minnstæð. Þó dalurinn sé ekki þröngur þá eru fjöllin á báðar hlíðar svo há og hrikaleg og hlíðarnar brattar, að ferðalangnum finnst hann næsta lítill í þessum trólslega fjallasal. Frá Brókarjökli heyrast öðru hvoru þungir dynkir og drunur þegar ísstykki losna og hrynja niður jökulfossinn. Vestan við Brók-

arjökul eru drangar tveir uppi á brúninni, Karl og Kerling og er Karlinn sá hærri. Hann er 40-50 m hár og er næsta ótrúlegt að hann skuli yfirleitt standa, því efsti hlutinn er hvað mestur um sig og breiðastur. Upp af Miðfelli rís svo Snæfellið, glæsilegt kletthorn. Það klifu fyrstir manna þeir félagarnir Ari Trausti Guðmundsson, Árni Árnason, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason og Olgeir Sigmarsson á páskum 1983.

Hér í dalnum á skúmurinn, þessi einkennisfugl suðausturstrandarinnar, sín heimkynni og bíður fær- is á að gera aðsúg að ferðamanninum ef hann vogar sér inn á áhrifasvæði hans. Sérstaklega þykir skúminum bera vel í veiði ef menn eru einir á ferð og hefur mörgum göngumanninum veist erfitt að halda ró sinni meðan á steypiárásum hans stendur. Uppáhaldsaðferðin er að svífa hljóðlaust í lágflugi aftan að „fórnardýrinu“ og þjóta síðan framhjá svo að hvín í vængjum, innan seilingarfjarlægðar að því er manni finnst. En engan höfum við hitt sem skúmurinn hefur slegið og best er að láta sem maður sjái hann ekki. Allt annað er næsta vonlaus barátta, hvort heldur það eru hlaup, hróp og köll eða grjótkast.

Í fyrstu ferð okkar í lok júlí 1979 þekkti enginn okkar svæðið af eigin raun. Við vorum fimm saman,



Eggjardalur og Þverártindsegg. Skrekkur fyrir botni dalsins. Kletthyrnuna, sem markar bestu uppgönguleiðina, ber í jökulfönnina undir suðurenda Háeggjarinnar. Ljós. Kristinn Rúnarsson.

Ingvar Teitsson, Torfi Hjaltason og bandarískur fjallgöngumaður, Bill Sumner að nafni, auk greinarhöfunda. Bandaríkjamaðurinn hafði komið hingað til að sýna myndir frá nýlegri fjallgönguferð sinni í Himalaya og slóst hann með í för til að kynna íslenskum fjöllum. Við komumst fljótt að því að góðar leiðir á Þverártindsegg úr Kálfafellsdal eru ekki augljósar og svæðið allt erfiðara viðfangs en við höfðum gert okkur í hugarlund eftir kortum. Leiðir upp úr Eggjardal virtust allar brattar og jafnvel torfærar, sérstaklega átti þetta við um Miðfell en þar var enga leið að sjá. Við brugðum á það ráð að fara upp nyrst í Brunaskriðum og yfir Svartatind. Reyndist sú leið hið mesta torleiði efst, bæði tímafrek og þreytandi. Eftir að við komum inn fyrir tindinn var leiðin greiðfær vestur í jökulskálinna fyrir botni Hvannadals. Hið rétta eðli háfjallsins kom nú greinilega í ljós. Örmjótt klettarið með hamraveggi á báðar hliðar og enginn vegur gangandi manni eftir að komast, jafnvel þó velklifrandi væri. Okkur þótti vænlegast að ganga suður og vestur fyrir Háeggina og leita uppgöngu í suðvesturkinninni, á sama stað og þeir sem á undan okkur höfðu farið 1956.

Leiðin lá því um jökulskálnar sunnan undir háfjallinu og upp í gegnum skarð í Lágegginni yfir á jökulinn vestan hennar. Þaðan blasti suðvesturkinn-

in við og vestari tindurinn. Kinnin var nokkuð sprungin ofan til en auðvelt reyndist að þræða á milli. Loks var aðeins um 10 m klettabelti eftir upp í söðulinn en tiltölulega greiðlega gekk að yfirstíga það, þó ekki væri hægt að hrósa berginu. Á niðurleið brugðum við reyndar á það ráð að síga þarna niður.

Aðeins steinsnar var úr skarðinu fram á eystri tindinn og hryggurinn þarna breiður og þægilegur. Alls tók ferðin úr tjaldstað 10 tíma upp á topp og þóttumst við vel að útsýninu komnir en veður var mjög gott þennan dag. Og eins og gefur að skilja er næsta víðsýnt af Þverártindsegg. Til norðurs blasir austurhluti Vatnajökuls við með Norðlingalægð og Breiðubungu en yfir hann má sjá bæði Kverkfjöll og Snæfell. Til austurs eru Kálfafellsfjöll með Birnuldalstindi og Kaldárnúpi og yfir þau norðanverð sjást fjöll við ofanverðan Heinabergsjökul. Sunnanvert má sjá Vestra-Horn við Hornafjörð. Til suðurs er hafið, dimmblátt og endalaust en í suðvestri rís Örafajökull með Hvannadalshnúk efstan. Hinum bandaríska Himalayafara varð starsýnt á Breiðamerkurjökul með röndum sínum og Máfabbyggðum og Esjufjöllum umflotnum. Sagðist hann ekki hafa á ferðum sínum séð landslag sem sambærilegt gæti talist. En þó víðsýnt sé af Þverártindsegg er það næsta umhverfi sem fangar hugann: dalurinn fyrir



Úr ferð Alpklúbbsins 1983. Séð niður í Eggjardal. Skrekkur til hægri. Ljós. Anna Guðrún Línal.

neðan, Snæfell, Karl og Kerling, Brókarjökull og ekki síst sunnanverð Eggin. Sú náttúrusmíð á líklega engan sinn líka á Íslandi.

Við fórum niður sömu leið og við komum nema hvað í stað þess að fara hjá Svartatindi sem engan í hópnum fýsti að gera, þræddum við niður allbrattan hrygg eða rana í suðurhlíðum Eggjardals. Þá leið höfðum við séð frá tindinum og reyndist hún sæmileg. Alls tók ferðin 16 tíma og vorum við staðráðnir í því að finna fljótlegri uppgönguleið næst.

LEIÐIR UPP EGGJARDAL

Síðan 1979 hafa verið farnar nokkrar fjallgönguferðir í Kálfafellsdal og á Þverártindsegg. Einna helst hefur vafist fyrir mönnum að finna góðar leiðir upp úr Eggjardal en þaðan liggja beinustu og stystu leiðir af láglendi uppá eggina. Fara má bæði sunnan og norðan Skrekks. Þar geta þó verið torfærur sem krefjast þess að vanir fjallamenn séu með í för.

Úr botni Eggjardals austan Skrekks liggja tveir hryggir upp hlíðina til suðurs. Milli þeirra er gil og er foss neðst í því. Eystri hryggurinn, sem skyggir á þann vestari, er talsvert meiri og hamrar í honum neðan til. Þar fram af fellur dálítill fossbuna, venjulega mjög vatnslítill. Ofarlega á hrygg þessum er

dálítill klettahyrna og sést hún vel neðan úr dalnum. Einna greiðfærasta leiðin upp úr Eggjardal liggur eftir þessum hrygg. Best er að fara upp bratta grasbrekku úr gilinu austan hans og fylgja síðan gilbrúnni inni upp að hyrnunni. Best er að sneiða fram hjá hyrnunni til hægri yfir dálítið gildrag. Á þessa niðurleið rötuðum við í ferðinni 1979. Þegar hryggnum sleppir er sveigt til vesturs yfir í jökulskálina ofan Skrekks. Á vinstri hönd gnæfir þá þverbrattur klettaveggur Háeggjarinnar þar sem ekki festir snjó. Framundan blasir við nærri lóðréttur hrunjökull. Sunnan hans rís klettadrangur uppmjór og aðskilinn frá aðalklettaveggnum. Hann mætti heita Strókur. Norðan hrunjökulsins eru hins vegar nokkru lægri hamrar. Leiðin upp á Háeggina liggur upp með þessum hömrum að norðan, upp allbratta jökulbrekku og er best að halda sig nálægt þeim en fara ekki of norðarlega þó að þar sé brattinn minni. Þar geta jökulsprungur orðið til vandræða. Sveigt er til suðurs fyrir upptök hrunjökulsins og jökulkinnin gengin upp í söðulinn milli tindanna tveggja. Leiðin getur reynst talsvert sprungin og reynir þá á útsjónarsemi fjallamannsins við leiðarval.

Fyrstir til að fara upp á Þverártindsegg að norð-austanverðu munu hafa orðið tveir Bretar 7. apríl 1980, þeir Ray Thomas og Bill Purnell. Þeir munu þó

hafa farið aðra leið upp úr dalnum en lýst var hér að ofan. Þeir gengu upp neðsta hluta eystri hryggjarins en fóru fljótlega yfir gilið og síðan upp eftir þeim vestari og þaðan í jökulskálina ofan Skrekks. Sú leið er styttri en erfitt er að komast yfir gilið að sumarlagi. Ekki er ráðlegt að fara vestari hrygginn alla leið neðan úr dalnum því að neðsti hluti hans er mjög brattur og upp kletta að fara. Sumarið 1986 kannaði lítill hópur á vegum Ferðafélags Íslands þá leið og þurfti að nota fjallavað og tryggingar á um það bil 20 m kafla. Sá hópur varð reyndar að snúa við í um 1200 m hæð í norðausturhlíðinni vegna þoku, en mjög erfitt er að finna leið gegnum sprungusvæðin við slík skilyrði.

Árið 1983 stóð Íslenski Alpaklúbburinn fyrir ferð á Pverártindsegg um verslunarmannahelgi undir fararstjórn Torfa Hjaltasonar og voru átta í hópnum. Könnuð var leið upp geilina milli skriðjökulsins Skrekks og fjallshlíðarinnar norðan hans. Þetta er einna beinasta leiðin upp á fjallið og reyndist torfærulaus að undanskildum þverbröttum stalli, sem lokaði henni á að giska 300 m ofan við dalbotninn. Var þá brugðið á það ráð að þvergangna nokkra metra í brattri hlíðinni til hægri. Voru þar hand- og fótfestur ótryggar og þurfti að sýna mikla gát því bratt var niður og hátt fall. Síðan var aftur haldið inn í geilina ofan við klettastallinn og var þá greið leið upp á jökulinn norðan við jökulskálina. Eftir það var farin svipuð leið og lýst var hér að framan. Ekki var farin sama leið niður með Skrekki heldur gengið til austurs yfir jökulskálina ofan hans. Hópurinn hitti ekki á bestu leiðina niður eystri hrygginn, heldur klungraðist niður í gilið austan hans. Var þar bratt og þurftu menn að handstyrkja sig niður vað á einum stað. Einn úr hópnum rambaði þó niður aðra leið eftir gil-

inu milli hryggjanna og komst á fönn langleiðina niður.

LOKAORÐ

Hér að framan hefur Pverártindsegg verið lýst og sagt frá ferðum á fjallið. Einnig hefur verið bent á hvar fara megi á fjallið. Ljóst er þó að ýmislegt er enn ókannað í þeim efnum og er okkur til dæmis ekki kunnugt um neinar ferðir um norðurhluta eggjarinnar þ.e. milli Snæfells og efstu tindanna. Á komandi árum er líklegt að ferðum á eggina muni fjölga og fjallamenn munu þar glíma við æ erfiðari leiðir. Engan veginn er útilokað að snjóllum klifurmönnum takist að fara eftir endilangri egginni eins og við höfðum í sakleysi okkar ráðgert yfir landakortunum fyrir ferðina 1979.

Þar sem berg er víða mjög laust í sér og hættulegt til klifurs geta margar leiðir á eggina reynst þægilegri viðureignar að vetrar- eða vorlagi. Á þeim tíma er þó nauðsynlegt að varast snjóflóð, sem eru mjög tíð í hinum bröttu hlíðum og giljum fjallanna þarna. Um það bera vitni snjódyngjur í gilkjöftum sem sjá má fram eftir öllu sumri.

Þó ekki sé ætlunin að glíma við erfitt klifur heldur fara þær leiðir á fjallið, sem hér hafa verið kynntar, er ávallt nauðsynlegt að fyrir hópnum fari traustur fjallamaður. Allir þurfa að vera búinir ísöxi og mannbroddum og hafa einhverja æfingu í notkun slíkra tækja og fjallavað þarf að sjálfsögðu í slíka för. Sé allrar varúðar og fyrirhyggju gætt verður ferð á Pverártindsegg, upp norðausturhlíðina í góðu veðri mik- ið ævintýri, sem á sér fáar hliðstæður hérlandis. Leiðin er brött og umhverfið allt svo hrikalegt að helst minnir á tinda Alpafjalla.

HEIMILDIR

- Ari Trausti Guðmundsson og fleiri 1984: Klífa má Snæfell í fyrsta sinn. Rit Íslenska Alpaklúbbsins nr. 27, bls. 8-10.
 Bill Sumner, 1980: Svipmyndir frá Íslandi. Rit Íslenska Alpaklúbbsins, nr. 15, bls. 8-9.
 Brathay Exploration Group: Iceland Easter 1980. Expedition to Kálfafell. Fjölrítuð skýrsla, 45 bls.
 Hans Wason Ahlmann 1979: Í ríki Vatnajökuls á hestbaki og á skíðum. Almenna bókafélagið, Reykjavík, 210 bls.
 Helgi Torfason, 1987: Jarðfræðikort af Íslandi, blað 9 Suðausturland. Náttúrufræðistofnun Íslands og Landmælingar Íslands. Reykjavík.
 Ingvar Teitsson, 1980: Pverártindsegg – Kálfafellsdalur. Rit Íslenska Alpaklúbbsins, nr. 14, bls. 24-27.

- Jón Eypórsson, 1937: Árbók 1937. Austur-Skaftafellssýsla. Ferðafélag Íslands, Reykjavík, 96 bls.
 Kristján Sæmundsson, 1979: Outline of the Geology of Iceland. Jökull 29, bls. 7-28.
 Sigurður Þórarinnsson, 1956: Vatnajökulsleiðangur 1956. Jökull 6, bls. 38-46.
 Þorsteinn Guðjónsson, 1984: Pverártindsegg. Rit Íslenska Alpaklúbbsins, nr. 27, bls. 7.
 Þorvaldur Thoroddsen, 1982: Landfræðisaga Íslands III. S.L. Möller, Kaupmannahöfn, 334 bls.



DACHSTEIN

Fjallaskór



klifur-og gönguskór



Ósviknir **DACHSTEIN** með tvöföldum saumum, nít-sterkum gúmmísóla, vatnspéttri reimingu. Framleiddir í Austurríki og sérstaklega gerðir fyrir mikið álag og erfiðar aðstæður.

FÁLKINN®

SUÐURLANDSBRAUT 8, SÍMI 84670



Fálkinn er styrktaraðili
íslenska Ólympíuliðsins
í Seoul 1988

Sígildar leiðir

UMSJÓN KRISTINN RÚNARSSON
OG SNÆVARR GUÐMUNDSSON

Í síðustu þremur ársritum Ísalp hafa verið viðamiklir og vandaðir leiðarvísar um vinsæl klifursvæði á suðvesturhorni landsins. Nú er ætlunin að breyta út af þessari hefð og birta nýstárlegan „leiðarvísir“ með ferðasögum og leiðarlýsingum af 9 góðum göngu- og klifurleiðum víðsvegar af landinu.


Fyrir þessu eru aðallega tvær ástæður. Í fyrsta lagi er hæpið að til sé annað klifursvæði sem er tímabært að skrifa „stóran“ leiðarvísir um. Og í annan stað þykir okkur rétt að hvíla gamla leiðarvísiformið og um leið víkka sjóndeildarhringinn hjá væntanlegum lesendum út fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið. Í komandi ársritum munum við svo væntanlega nota bæði þessi form jöfnum höndum.

Að þessu sinni var reynt að velja sem fjölbreyttastar leiðir, og þá gönguleiðir sem og klifurleiðir bæði sumar og vetur. Eina skilyrðið var að um langa leið

væri að ræða (ekki einnar spannar klifurleið). Leið sem væri þess verðug að leggja á sig mikið erfiði til þess að fara.

Það er athyglisvert að af þeim 9 leiðum, sem hér er skrifað um, eru líklega 4-5 sem hafa aðeins einu sinni verið farnar og 3-4 hafa verið farnar 2-3 sinnum. Allt eru þetta þó vel þekktar og áhugaverðar leiðir og yfirleitt mörg ár síðan þær voru fyrst farnar. Þessi staðreynd er til vitnis um það hversu fámennur hópur það í raun er sem stundar fjallgöngur og klifur að einhverju marki hér á landi. Hún sýnir einnig hversu heppnir íslenskir fjallgöngumenn eru að eiga svona ósnortið land út af fyrir sig. Það er sjaldgæfur mun-
aður víðast hvar sem fjallgöngur og klifur er stundað, að geta farið í dags- og helgarferðir á nýjar slóðir og reynt við nýjar leiðir. Að þessu leiti eru íslenskir fjallamenn enn á gullaldartímabilinu.

1. Fallastakkanöf
2. Miðhyrna
3. Snókur
4. Hrútfjallstindar
5. Heljargnípa
6. Nemesis
7. Fingurbjörg
8. Snæfell
9. Esja



Fallastakkanöf

EFTIR PÁL SVEINSSON

Svæði: Borgarhafnarfjall, Fallastakkanöf.

Leið: Orgelpípunar.

Aðkoma: Af þjóðvegi 1 við bæinn Kálfafell, 1/2 - 1 klst.

Hæð leiðar: 100 m.

Klifurtími: 6 klst.

Gráða: VI+ (5.10, 5.10, 5.9) - sprunguklifur.

Fyrst farin: Doug Scott og Snævarr Guðmundsson í maí 1985.

Útbúnaður: Lína og vinir.

bakinu, varð til þess að áhuginn á klifrinu var orðinn heldur dapur.

Þegar við komum upp og ég náði að snerta bergið og virða fyrir mér leiðina var eins og ég fengi vítamínsprautu í afturendann, loksins ætlaði draumurinn að rætast og allt fullkomið, tími, veður, aðstæður og síðast en ekki síst ég sjálfur.

Ég byrjaði á fyrstu spönn. Það tók smá tíma að finna út hvernig best var að klifra upp stuðlana, en eftir að ég fann réttu hreyfinguna var sett í gír og ekki stoppað fyrr en stuðlarnir breikkuðu um helming. Seinni helmingurinn tók mun meira á og var ekki möguleiki á að hvíla sig, þegar ég komst í stopp titraði ég af þreytu og blóðbragðið í munninum var alveg hrikalegt. Mér fannst að ég hefði verið 15 mín upp, en hafði verið rúmlega klukkutíma.

Snævarr var snöggur upp, það er alltaf þægilegra og fljótlegra að vera annar maður, þó það sé ekki eins gefandi. Hann gerði klárt og hélt af stað, stuðlarnir voru nú komnir í þrefalda breidd og náði Snævarr varla á milli og slútti bergið þar að auki 1-2 gráður yfir sig, Snævarr hafði sig upp á góðum tíma. Þegar ég kom upp til Snævarrs var kaffipása og við ákváðum að hann tæki síðustu spönn, hún var bara þægileg miðuð við átökin í fyrstu tveimur.

Þegar upp var komið gaf ég mér fyrst tíma til að hugleiða hvað mér hafði tekist, þ.e. að klífa erfiðustu klettaklifurleið sem klifin hefur verið á Íslandi og jafnframt þá leið sem hefur mestan persónuleika af þeim leiðum sem ég hef klifið og það ekki bara á Íslandi. Enn þann dag í dag verð ég eins og í öðrum heimi þegar ég rifja upp þær stundir sem tók okkur að klífa leiðina.

Allir eiga sér drauma, sumir þeirra verða að veruleika, aðrir ekki. Þáskana 1987 reyndi ég að láta einn þeirra rætast, klífa Fallastakkanöf í Borgarhafnarfjalli, níutíu metra langa klettaklifurleið sem aðeins hefur verið klifin einu sinni áður og það af ekki ómerkari mönnum en Doug Scott og Snævarri Guðmundssyni.

Það ætlaði ekki að ganga átakalaust að fá tækifæri til að reyna við Orgelpípunar, en þar sem við vorum harðir á að reyna við leiðina, gáfum við okkur nógan tíma, eða heila átta daga og töldum að það ætti nú örugglega að duga. Eftir sex daga í mígandi rigningu og kulda, nokkrar ferðir niður á Höfn, 60 skákir, ómælt magn af pilsner og hinar ólíklegustu máltíðir, gáfumst við upp og ákváðum að fara í bæinn. Á leiðinni stoppuðum við hjá þjóðgarðsverðinum í Skaftafelli og fengum að gista. Þá um kvöldið sáum við veðurfréttir, og sjaldan hefur verið eins góð spá. Því var snarlega ákveðið að brenna til baka og gera aðra tilraun.

Allur helaumur eftir legu síðustu daga, orðinn blautur í lappirnar við að labba í blautu grasinu, kóf-sveittur af að púla upp brekkuna með allt draslið á

Miðhyrna í Þorgeirsfelli


EFTIR KRISTIN RÚNARSSON

Miðhyrna nefnist hvassbrýnd klettahyrna í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þetta er fallett og áberandi fjall sem skagar til suðurs út úr megin fjallgarðinum. Vestan við Miðhyrnu er Ánahyrna (647 m) og því næst Lýsuhyrna (738 m), beint upp af félagsheimilinu á Lýsuhóli. Austan við og áfast Miðhyrnu er Þorgeirsfellshyrna (628 m), en í báðum þessum hyrnum er gabbró og berg því ákjósanlegt til klifurs. Í suðurhlíð Miðhyrnu er klettaklifurleið sem ávallt mun skipa veglegan sess í mínum huga. Fyrir því eru margar ástæður. Leiðin er fjölbreytt og berg yfirleitt gott. Þetta er fjölspanna leið upp fallegan hrygg, sem endar á hvössum tindri og því óneitanlega mun meira gefandi en að klifra í 30 m klettum. En fyrst og fremst er það einstök náttúrufegurð umhverfisins sem gerir klifur í Miðhyrnu ógleymanlegt. Í norðri er það tindóttur Snæfellsfjallgarðurinn sem afmarkar svæðið með sínum mörgu formfögru og svipmiklu fjöllum. Þar skiptast á þverhniptir hamrar og hvassar gnípur. En í vestri gnæfir svo Snæfellsjökull með sínum seiðmagnaða kyngikrafti. Undirhlíðar fjallanna eru ýmist skriðurunnar eða iðagrænar með silfurtærum lækjum sem skoppa niður, oft í fallegum fossum. Niður á láglandinu

Svæði: Þorgeirsfell í Staðarsveit á Snæfellsnesi.
Leið: Suðurhryggur Miðhyrnu (550 m).
Aðkoma: Um 1 klst gangur frá afleggjaranum milli Lýsuhóls og Hraunsmúla.
Hæð leiðar: Ca. 200 m (350 - 550 m).
Klifurtími: 3-5 klst.
Gráða: III en 2 spannar með IV gráðu hreyfingum.
Alls 5 spannar og brölt milli 4. og 5. spannar.
Fyrst farin: 18. ágúst 1985 af Kristni Rúnarssyni og Snævarri Guðmundssyni.
Útbúnaður: Lína, hnetusett og blaðfleygur.

skiptast á tún og mýrlendi, skreytt með ótal litlum vötnum og tjörnum. Til suðurs teygir dimmblátt og dularfullt hafið sig óravítt til allra átta en freðandi bárunar skvettast upp á hvítgula skeljasandsströndina og ramma inn eina fegurstu sveit á Íslandi.

Suðurhlíð Miðhyrnu er ávalur, brattur klettaveggur. Neðst mjög brattur með föstu og lítt sprungnu bergi, en ofar slaknar aðeins á brattanum og áberandi syllur ganga þvert yfir vegginn. Í vesturjaðri klettaveggjarins gengur kantskorinn hryggur í fallegum boga út frá veggnum og endar í stórgrýttri urðinni neðan við suðurvegginn. Leiðin byrjar á þessum hrygg og er farið upp á hann úr urðartungunni austan við hrygginn. Eftir honum eru farnar fjórar spannar. Þá er fært sig út í hangandi gilið milli hryggs og veggjar og brölt upp það eins langt og auðveldlega verður komist. Síðan er tekin stefnan út í miðjan vegginn, uns komið er um 25 metra undir toppinn. Seinasta spönnin er skemmtilegt en mjög opið viðnámsklifur upp heillega klettafláa (tryggt með fleyg) sem endar upp á brún rétt vestan við hæstu gnípu. Klifrið er aldrei mjög erfitt en sumar spannirnar eru mjög opnar. Töluvert er af fyl í fjallinu og því full ástæða til að klifra varlega. Það er flest skemmtilegra en að horfa ofaní kok á gapandi fýlsunga, - og getur jafnvel verið lífshættulegt í tæpri hreyfingu yfir klettabrún.



Snókur í Esjufjöllum

EFTIR

ARA TRAUSTA GUÐMUNDSSON



Í Esjufjöllum í Vatnajökli eru allmargir smáir og stórir fjallstindar. Margir eru auðgengnir, en á nokkra hina smærri eru áhugaverðar klifurleiðir. Reyndar má líka finna ágætar leiðir á þekktari fjöllum (t.d. Lyngbrekkutind og Esjuna). Af bröttu smátindunum er Snókur (1304 m) mest áberandi. Nafnið er dregið af efsta hluta stafntrés í báti.

Tindurinn rís upp af vestasta fjallshryggnum í Esjufjöllum, brattur á allar hliðar, 400-500 metra yfir botni Vesturdals, en um 180 metra yfir meginhluta hryggjarins.

Árið 1980 reyndu nokkrir félagar í ÍSALP að klífa Snók að sumarlagi, en urðu frá að hverfa, einkum vegna lélegs bergs. „Eins og myglað brauð“, sögðu þeir.

Á páskum 1982 tóku sex félagar í ÍSALP sig til og ákváðu að reyna við Snók. Þeir höfðu bækiðstöðvar í skálum Jöklarannsóknafélagsins á Breiðamerkursandi og í Esjufjöllum. Flestir höfðu ferðalangarnir sjaldan eða aldrei klifið saman áður og kannski olli það meiri óvissu en veður eða færð, því hvoru tveggja var gott. Að vísu vissi enginn hvort klifið yrði á endanum tæknilega erfitt, en úr slíku er aðeins hægt að skera með tilraun. Skiði eru heppileg til Esjufjallagöngu (20 km á jökli að skála) og hópurinn notaði þau einnig til þess að fara inn Vesturdal og upp á fjallshrygginn að Snóknum.

Umhverfi Snóks er glæsilegt. Tindóttar eggjar í austri og norðri standa upp úr víðáttum jökulsins, en í suðri sér út fjallshrygg. Í fjarlægð stinga Mávabyggðir (með Fingurbjörg og Kaplaklifi) upp kolli úr sprungnum skriðjökli, en í fjarska trónir Örafajökull með öllum sínum undirfjöllum og tindafjöld. Alls staðar glampar sól í snjóskaranum á jöklinum.

Hópurinn vogaði sér að ganga án línu alla leið að

tindinum og aftur til baka. Afsökunin var að mikill snjór var yfir öllu.

Klifurleiðin lá frá stórum kletti fyrir miðri suðurhlíðinni, á ská (80 m) til vinstri upp að mjóum drang eftir brattri snjóbrekku. Þaðan tryggði hópurinn (í tveimur línugengjum) 2 spannir; þá fyrri aftur á ská og upp, en nú til hægri (50° ísbrekka), yfir að ísfláa við SA-hrygginn. Á einum stað var holt undir stórum ísfleka, sem nötraði allur við axarhögginn; dálítill kvíðavaki það. Seinni spönnin var með lágum íshöftum á sjálfum hryggnum og nægu lofti til beggja handa. Síðasti áfanginn (spönnin) var auðveld ganga upp breikkandi koll Snóks. Ferskt útsýni og ógenginn tindur, auðveldari en búist var við, gerðu góða stund þarna yfir hvítu flæmi Vesturdals.

Sigið var beint fram af suðurvanga Snóks og klifið snarbratt áfram niður að klettinum stóra og eitt snjóakkeri goldið fyrir. Í skálanum biðu páskaegg og koníaksdreitill eftir 7 klukkustunda dagsferð.

Svæði: Esjufjöll í Vatnajökli.

Leið: Suðurhlíð og SA-hryggur Snóks (1304 m).
Hæð leiðar: 100 m (80 m).

Aðkoma: Um Breiðamerkurjökul og Vesturdal, alls 10 klst. á jökli.

Klifurtími: 1,5–2 klst.

Gráða: PD, 2 (snjór/ís), 3 spannir.

Fyrst farin: Páskar 1982, Anna Guðrún Línal, Ari Trausti Guðmundsson, Hreinn Magnússon, Höskuldur Gylfason, Magnús Guðmundsson og Óskar Knudsen.

Útbúnaður: Ísaxir, broddar, lína, snjóakkeri, 2-4 ísskrúfur.

Suðurhlíð Hrútfjallstinda

EFTIR SNÆVARR GUÐMUNDSSON

Það er ekki allt unnið þó á tindinn sé komið. Við, Björgvin Richardsson, Óskar Þorbergsson og greinarhöfundur, stóðum á Hátindi Hrútsfjallstinda, í 1875 metra hæð og þá var skollinn á hríðarbylur, svo ekki sást út úr augum. Himinn og jörð runnu saman í hvíta heild og allhvas vindur feykti ísnálum og snjóköfi í andlit okkar.

Vera okkar á tindinum var stutt, áttavítastefna var tekin á Vesturtind Hrútfjallstinda, næsta áfangastað á niðurleiðinni. Við hættem ekki á að fara niður leiðina sem við komum eftir, hún var of erfið og vandrötuð til þess. Svo lögðum við af stað, niður hrygginn af Hátindi. Það var þá sem örlögin beindu okkur af réttri leið, án vitundar okkar þó.

Fram að þessu hafði allt gengið að óskum. Um kl. 2.30 morguninn 7. ágúst 1983 gengum við af stað upp sporð Svínafellsjökuls og síðan sem leið lá inn eftir honum. Okkur sóttist ferðin vel, þótt niðamyrkur væri, svo að einni og hálfri stundu síðar, vorum við undir Hrútsfjalli, markmiði okkar í þetta sinn.

Í fyrstu dagsskímu lá leið okkar upp með jökultungunni sem skiptir Hrútsfjalli í Vestara- og Eysstra-Hrútsfjall. Var göngufæri gott, harðfenni og lítið um sprungur. Í um 700 m hæð héldum við út í Eysstra-Hrútsfjall og áætluðum að fylgja leið þeirri sem Torfi Hjaltason, Anna Lára Friðriksdóttir og Einar Steingrímsson fóru 2 árum áður. Þá var veður allgott og logn, skýjað þó og kúfur á Hrútsfjallstindum. Hann olli okkur vissum áhyggjum en vonuðum við þó að hann myndi hverfa með hækkanði sól. Þá var enda tekið að birta til yfir Hvannadalshnúk og útsýni hið fegursta.

Vel sporaði í snjóskafla þá sem við fórum yfir, svo ekki leið á löngu uns við vorum á leið upp löngu snjórásina vestast í suðurhlíðinni. Efst eyddist snjórin út á klappir og klettafláa, en þegar til kom reyndist það enginn farartálmi.

Í 1400 metra hæð, ofan við suðurhlíðina, gengum við inn í þoku. Á þeim slóðum höfðu þremmenningararnir haft næturdvöl í snjóholu fyrir 2 árum. Þaðan neyddi veður þau til að halda vestur yfir jökulinn, á Vesturtind Hrútsfjalla. Ætlun okkar var að halda för áfram og freista þess að ná Suðurtindi, sem telja mætti eðlilegra framhald þessarar fallegu leiðar. Svo héðan í frá vorum við á ókönnuðu landi. Samfara því breyttust aðstæður til hins verra. Yfir jökulland var að fara þar sem stórar, hyldjúpar jökulgjár töfðu för

Svæði: Örafajökull, Hrútfjallstindar 1875 m.

Leið: Suðurhlíð Eysstra Hrútsfjalls á Suðurtind 1852 m.

Aðkoma: Um Svínafellsjökul 1 1/2 - 3 1/2 klst.

Hæð leiðar: 1400 m (400 m - 1852 m).

Klifurtími: 5-6 klst af Svínafellsjökli á Suðurtind.

Gráða: PD. II+. Alvarleg og löng leið á jökli.


Fyrst farin: Suðurhlíð: Torfi Hjaltason, Anna Lára Friðriksdóttir og Einar Steingrímsson í maí 1981. Á Suðurtind eftir sömu leið: Björgvin Richardsson, Óskar Þorbergsson og Snævarr Guðmundsson 7. ágúst 1983.

Útbúnaður: Ísöxi, broddar, lína og 2-3 ísskrúfur.

okkar og leiðarval í svartapöku reyndist erfitt og viðsjárvert. Að lokum náðum við þó háðxlinni, sem er mjó egg undir Suðurtindi. Þá var veður tekið að versna, hvas vindur og ísnálaflug sem stóð á eggina. Egginn reyndist hættuleg yfirferðar, vegna hversu laust bergið er, en þó ekki tæknilega erfið.



Jón Geirsson á „öxlinni“ undir suðurtindi. Ljós. Snævarr Guðmundsson í ágúst 1984.



Nú afréðum við að klæðast betur, þar sem veður var tekið að versna til muna. Staðsetning athafna okkar, austan í egginni, með sennilega nokkur hundruð metra hengiflug var ekki hin besta. Varð okkur ekki um sel þegar skór Óskars tók upp á því að velta af stað í átt að hengifluginu. Til allrar lukku stoppaði hann áður en í illt fór. Hefðu aðstæður okkar ekki batnað við það. Þá höfðum við þegar ákveðið að fara ekki sömu leið niður vegna þess hversu erfið og villugjörn hún var, í efri hluta. Þess í stað ætluðum við að fylgja tindaröðinni í þokunni og svo niður með Vesturtindi eftir auðrataðri leið.


Síðasti spölurinn á tindinn var auðfarinn og þar stóðum við í þoku og hríð í 1852 metra hæð, 8 klst eftir að við lögðum af stað frá sporði Svínafellsjökuls. Leiðin niður af tindinum vafðist fyrir okkur í fyrstu, en þegar það vandamál var ráðið, lá leiðin niður í skarð milli Suður- og Miðtinds. Svo upp á Miðtind (1854 m.). Og klukkustund síðar stóðum við svo á Hátindi Hrítfjallstinda.

Við gengum í beinni línu eftir áttavitanum. Rýnandi fram á við í gegn um hríðina í von um einhver kennileiti. Skyndilega virtist rofa til og í gegn um þokuna sást móta fyrir Svínafellsjökli, með rákum sínum og röndum. Svo hvarf sýnin í sama mund. Hrópandi og þaðandi höndum um að það væri að birta til, héldum við áfram. Skömmu síðar snarstönsuðum við. Á barmi óhugnanlegrar jökulgjár

stöðum við á bakkann hinum megin, – sem stuttu áður hafði virst vera Svínafellsjökull í fjarska.

Við gengum með sprungunni til enda hennar, svo vorum við á niðurleið á ný, í alhvítu umhverfi. Þegar 3 klst. voru liðnar frá því að við vorum á Hátindi var okkur hætt að litast á blikuna. Við höfðum talið um ½ stundar göngu að Vesturtindi. Enn á ný varð breyting á og það ekki góð. Jökullinn hvarf við fætur okkar og við stóðum á blábrún hengiflugs. Brúnin var miklir íshamrar og bergstál neðar. Við hurfum samstundis frá brúninni. Hvar vorum við eiginlega? Vorum við norðan Hrítfjallstinda, eða kannski sunnan í þeim, milli Vestara- og Eystra-Hrítsfjalls? Við ætluðum að halda ferðinni áfram aðeins lengur en ef engin breyting yrði, að grafa okkur í fönn.

Nokkru síðar gengum við fram á óþekktan hnúk og héldum upp á hann. Af honum lá leiðin um flatar jökulbungur og þá niður af þeim. Einhvern tíma síðar svipti jökulhulinni frá og við blasti gríðarmikið jökulland sem við könnuðumst ekki við í fyrstu. Svo áttuðum við okkur á að það voru upptök Skaftafellsjökuls. Höfðum við villst norður af Hrítsfjalli á milli sprungusvæða og jökulfalla og inn að botni Skaftafellsjökuls. En hvað um það, við vorum hólpnir. Við keyrðum á tímann, niður bratt jökulfall og þá Skaftafellsjökul í þoku og hellirigningu og náðum í Skaftafell kl. átta um kvöldið, 18 klst. eftir að við lögðum af stað.



Heljargnípa

EFTIR JÓN GEIRSSON

Hún er alltaf eins stemningin, að koma í Skaftafell að kvöldlagi. Öræfajökull hefur eitthvað tak á mér, tak sem ekki losnar sama hversu oft ég kem. Mér finnst ég sumpartinn vera í „sporum“ ungabarnsins sem skríður um gólf, en ákveður einn dag að leggja upp í leiðangur og kanna hvað er í efstu skúffunni. Heimur sem maður hræðist, en langar til að þekkja.

Það voru páskar 1985, ég var kominn í árlega Pílagrímsferð mína til Mekka fjallgöngumannsins, Skaftafell. Kominn til að ná mér í andlega og líkamlega innspýtingu. Einhver stakk upp á Heljargnípu. Það var ausandi rigning þegar við keyrðum austur fyrir jökul. Þetta var þokkalegt, í rigningarsudda og þoku átti að fara að leita að fjalli sem ekkert okkar vissi nákvæmlega, hvar var. „Einhver“ sagðist hafa séð mynd af fjallinu og vera viss um að það væri hægt að klifra eitthvað þar, eitthvað!

Hvað þetta var nú himneskt, hér vaggði maður áfram eins og önd, á skiðunum upp Breiðamerkurjökul í takt við Bob Dylan og vissi varla hvert maður var að fara. Með aðstoð löggiltra siglingatækja var stefnan tekin á krikann norðan við Breiðamerkurfjall. Það var hætt að rigna og gott ef maður var ekki farinn að sjá eitthvað. Þegar Heljargnípa var komin í gott sjónmál var stikuð út lóð og landamerki,

Svæði: Norðaustanverður Öræfajökull.

Leið: NA-hryggur Heljargnípu (ca. 1400 m).

Aðkoma: Um Breiðamerkurjökul, 2-4 klst.

Hæð leiðar: 600 m (800 m - 1400 m)

Klifurtími: 6 - 8 klst.

Gráða: D, ca. 11 spannis, snjó- og ísklifur.

Fyrst farin: 7. apríl 1985 (páskar), Jón Geirsson, Anna Lára Friðriksdóttir, Torfi Hjaltason, Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson.

Útbúnaður: Ísaxir, broddar, lína, snjóakkeri, 4-6 ísskrúfur og fjallaskíði.


tjaldað. Við vorum fimm: Anna Lára, Torfi, Kiddi, Póssi og ég.

Kiddi var að malla kvöldmatinn í fortjaldinu, Póssi og ég lágum inni í tjaldinu og slöppuðum af. Allt í einu snögghitnaði í tjaldinu og Kiddi byrjar að bölvva. Ég reis upp og sá mér til skelfingar að prímusinn var í ljósum logum, það var engu líkara en tjaldið væri alelda. Ég skutlaði mér út, Kiddi barðist eins og þaulæfður slökkviliðsmaður við eldinn. Póssi tróð sér út um hinn endann á tjaldinu. Ég stóð álengdar með öndina í hálsinum og augun á stilkum. Eftir stund kom sótugt andlitið á Kidda í ljós, augnhárin lítillaga sviðin. „Hva, átti ekki að flambæra Mountain Housið?“

Hryggurinn sem við ætluðum að klifra kom undan þokunni um kvöldið, hann lofaði góðu. Morguninn eftir nudduðum við okkur á skíðunum síðasta klukkutímann upp að leiðinni. Aðkoman var þægileg, við komumst á skíðunum alveg þangað sem klifrið byrjaði. Veðrið var milt og þoka niður í miðjar fjallshlíðar. Klifrið var stöðugt og mjög skemmtilegt, allt frá íshöftum í klettaklifur á snjóugum klettum. Hryggurinn hefur þann stóra karakter að standa alla leiðina vel upp úr fjallshlíðinni sitt hvorum megin við, hann er kannski meira egg en

hryggur. Þannig er hvergi hægt að „svindla“ og stytta sér leið framhjá erfiðleikum á auðveldan hátt. Síðasti hluti leiðarinnar var hreint ísklifur, mjög skemmtilegt og nokkuð erfitt á stundum. Veðrið hafði versnað til muna, og var orðið mjög slæmt, hvasst ísnáflug og blinda.

Leiðin reyndist eftir allt vera með skemmtilegri D leiðum sem ég hef klifrað. Nú svo var ekkert eftir en að taka skíðin af pokanum og skíða niður. Suðurhlíðin er hin ákjósanlegasta skíðabrekka.



Nemesis

EFTIR BJÖRN VILHJÁLMSOON

DRAUMURINN nærir hjarta þess sem dreymir. Þegar hverdagsleikinn þjarmar að manni, allt virðist jafngrátt og allir viðmiðunarpunktur sýnast svamla einhvers staðar utan seilingar, er gott að eiga sér draum eða hugmynd um draum. Þá er hægt að hverfa á vit draumsins, dreyma, og snúa aftur til amsturins endurnærður.

Í fimm ár dreymdi mig um að gera stóra leið á Vestra-Horni. Nokkrum sinnum vorum við Einar komnir þangað með útbúnað, en þá vantaði ýmist veður, sálrænan eða líkamlegan undirbúning og jafnvel leiðina sem klifra átti - drauminn vantaði

samsvörun í berginu. En dag einn í júlí '82 ákváðu goðin að nú værum við búnir að biðja og engjast nóg, - nú gætum við uppskorið launin fyrir þrákelknina. Og því lík uppskera - sólskin og iogn (ótrúlegt), leiðin sýnileg og ekki eftir neinu að biða. Við gengum upp skriðuna SV-megin við neðri hluta Kamphornsins þar til við komum að slöbum sem virtust liggja upp á hrygginn milli neðri og efri hlutans, og frekar en að halda áfram upp skriðuna ákváðum við að sólóa slöbin, hvað reyndist mjög skemmtilegt (slöbin geta þó varla talist hluti af leiðinni). Þegar á háhrygginn kom blasti leiðin við; beint upp frá hryggnum og

stefna á mjög stórt horn með gráu slabi hægramegin (mjög greinilegu) og þaðan upp á topp.

Fyrsta spönnin kom þó ekki til með að liggja beint upp frá hryggnum, heldur upp reykháf hægramegin við hrygginn sem liggur skáhallt upp til vinstri að góðum stalli í réttu leiðinni. Eftir það er alltaf stefnt á stóra hornið og gráa slabið. Næsta spönn er lykillinn að neðri hluta leiðarinnar og klifrast án þess að skemma gróðurinn í stóru sprungunni; eftir fulla línulengd er sett upp aðaltrygging (frekar léleg) í grunnri gróf. Þaðan eru 2-3 spannir að Gráa slabinu, frekar léttar en tortryggðar. Gráa slabið réttir lygilega úr sér þegar að því er komið og er lúmskt erfitt, líkist helst skíðastökkbretti. Er farið upp vinstra megin, inni í stóra horninu og stefnt á stóran stein, sem húk-ir undir stóru þaki, sem krýnir Gráa slabið. Þaðan skáhallt út til vinstri upp á brúnina. Upp á topp er farið eftir gróf (ca. 80-100 m)., þar þarf ekki að vera í línu.

Eftir miklar hreingerningar á Gráa slabinu er ég loks kominn upp undir stóra steininn. Ég gríp um hann og gægist ofurvarlega yfir brúnina, minnugur þess þegar fýlsunginn ældi á Einar í Brunnhorninu um daginn og eyðilagði næstum því bakpokann hans og nýju bívakksokkana (þ.e. ullarsokka sem hægt er að teygja frá ökkla upp í klof) og alveg fyrir okkur daginn. Jú jú, þarna sat fýlsungi og ekki nokkur leið að komast upp á stallinn án þess að fórna andlitinu í

skotmark fyrir fuglinn; það var ljóst að goðin kröfðust fórnar. Og frekar en að fórna mér ákvað ég að fórna unganum. Eftir viðkvæma hliðrun (sem varð ennþá þynnri vegna þess að ég missti linsulokið af myndavélinni, sem dinglaði framan á mér) komst ég í svo góða stöðu að ég gat teygst handlegginn upp á steininn, án þess að fuglinn sæi nokkuð annað af mér, gripið í hausinn á honum og slengt honum út í loftið. Fórn til goðanna - enn ein mosatóin hélt Einar.

Svæði: Vestra-Horn eða Kamphorn í A-Skaftafellssýslu, 757 m.

Leið: Nemesis á SA-vegg Vestra-Horns og á hátind.

Aðkoma: Þjóðvegur 1 að Almannaskarði, þaðan er ekið um Stokksnesveg að bæjunum í Hornsvík og síðan 1-1½ klst. að leiðinni.

Hæð leiðar: Ca. 200 m (450-650 m).

Klifurtími: 5-6 klst. á hinni eiginlegu klifurleið. Gráða: V-V+, (5.5,5.8,5.4,5.3,5.7,5.8), blandað klifur.

Fyrst farin: Einar Steingrímsson og Björn Vilhjálmsson, júlí 1982.

Útbúnaður: 45 m lína, hefðbundin klettaklifurbúnaður og 1 blaðfleygur (EK 2. spönn), hamar er ekki nauðsynlegur.

Fingurbjörg í Mávabyggðum

EFTIR PÉTUR ÁSBJÖRNSSON

Eins og margar ferðir sem farnar voru í þá daga var þetta augnabliks hugdetta og síðan lagt af stað. Við fréttum fyrst af Fingurbjörginni á myndasýningu hjá Hjálparsveit skáta Reykjavíkur, þar sem Eiríkur Karlsson var að sýna myndir og minntist á að þar væri verðugt verkefni.

Farartækið var af Bronco gerð í eigu Arnórs. Keyrt var að skála Jöklarannsóknarfélagsins á Breiðamerkursandi undir Mávabyggðarrana. Það þurfti lítið að hvetja Arnór áfram og ekki var stoppað fyrr en við jökulrönd. Þar sást í einhvern aflóga snjóbjól af Wísel gerð, „Klaki“ minnir mig að nafnið hafi verið á honum.

Það var frekar þungskýjað og vætusuddi fyrst í stað, en viti menn, það létti til og var síðan sól alla þá daga sem við vorum uppi á jökli. Gott var að labba á jöklinum og gekk ferðin vel upp í Mávabyggðir. Takmarkið var klettadrangur suðaustan í byggðun-

Svæði: Mávabyggðir.

Leið: Suðurhlíð Fingurbjargar.

Aðkoma: Breiðamerkurjökull, Mávabyggðarrani

Hæð leiðar: Ca. 60 m.

Klifurtími: Ca. 2-4 tímar frá skarði í suðurhlíð Fingurbjargar. (Aðeins einu sinni verið farin).


Gráða: II-IV.

Fyrst farin: Í september-október 1978: Helgi Benediktsson, Arnór Guðbjartsson og Pétur Ásbjörnsson.

Útbúnaður: Hefðbundinn klettaklifurbúnaður og jöklagöngubúnaður.

um. Tjölduðum við sunnan undir drangnum, gistum í braggatjaldi af Bergansgerð og var frekar þröngt um okkur þar.

Daginn eftir skoðuðum við okkur um í baðandi sólskini eins og best gerist á jökli. Margar mjög erfið-



ar og fallegar leiðir þóttumst við sjá og man ég óljóst eftir einni norðaustan í Fingurbjörg. Undir hádegi fórum við að verða svangir og hugðum að matarbirgðum okkar. Kom þá í ljós að svartur vængjöttur þjófur hafði fundið hakkið okkar og hakkað það í sig. Jæja, nóg til af kexi og þurrmat og lítið mál að bjarga því. Nú var mál að huga að klifurbúnaði og klifurleið. Helgi hafði óljósa hugmynd um, að hægt væri að klífa tindinn úr skarði einu, rétt hjá þeim stað, sem við tjölduðum. Fórum við þrír upp í þetta skarð og komum okkur þar fyrir.

Helgi byrjaði að klifra, gekk honum erfiðlega og var lengi að klifra örfáa metra, bergið var mjög laust og kubbótt. Ekki lofaði þetta góðu, tryggingar lélegar og mjög laust berg og við rétt að byrja. Jæja, eftir svona 15-20 metra ákvað Helgi að síga niður og leyfa þeim næsta að reyna, og það var ég. Auðveldlega gekk í byrjun, ég var fljótur að nálgast þann stað sem Helgi hafði stoppað á. Er þangað var komið skildi ég hann mæta vel. Ég varð að læðast, sviti og ofsaspenna myndaðist. Ég varð að komast upp á sylluna, það var sú hugsun sem ég hugsaði mest um, og mér tókst það. Syllan var á milli hraunlaga. Þar setti ég inn nokkrar tryggingar og færði mig aðeins til hægri á syllunni. Við það rakst ég á stein sem féll niður og næstum því á félaga mína, fékk ég þá réttilegar skammir og fúlyrði frá þeim, sem var ekki beint til að bæta sálarástandið og ákvað ég því að snúa við og síga niður.

Nú var komið að Arnóri. Hann var fljótur að komast upp á sylluna. En í stað þess að fara til hægri og þar upp, fór Arnór til vinstri og úr auglýn. En ekki komst hann langt því nú var línun búin. Helgi klifrði því upp á sylluna og tryggði þaðan. Ég brólti þangað líka og vorum við þar í besta yfirlæti meðan Arnór brólti áfram og ruddi leiðina fyrir þessa „reyndu“ fjallaprílara. Já, Arnóri tókst það. Hann varð fyrsti maðurinn að stíga á Fingurbjörg í Máva-byggðum.

Leiðin lá upp suðaustan til og endaði suðvestan í Fingurbjörg og er frekar opin leið. Síðasta spönnin var frekar í léttara lagi og lítið af millitryggingum þar. Mikil ánægja var að komast þarna upp. Slöppuðum við af, tókum myndir, hlustuðum á menningarvakann (útvarpið), en þá var aðeins um eina bylgju að velja. Já þetta gekk mjög vel, betur en við höfðum þorað að vona. Við vorum síðan fljótir niður.

Við höfðum gert ráð fyrir nokkrum dögum í þetta verkefni, en þar sem þetta hafði allt gengið upp höfðum við nógan tíma. Ákváðum við því að skreppa yfir í Esjufjöll og kíkja á skálann þar. Sú för varð ekkert síðri en fjallaprílið því yfir mikið sprungusvæði var að fara og eftir að Helgi, sem gekk fremstur, hafði dottið tvisvar í sprungu, settum við á okkur línu og fórum yfir eitt það stórfenglegasta sprungusvæði sem ég hef komið á. Gistum við síðan eina nótt í Esjufjöllum og héldum síðan til byggða, enn í sól og mjög sáttir við lífið og tilveruna.



Snæfell

EFTIR BJÖRGVIN RICHARDSSON

Á þessum heimkynnum hreindýra rís þetta yndisfagra (allavega í sólskinu) og hæsta fjall Íslands utan Vatna- og Öræfajökuls. Víst er að um langan veg er að fara til að komast að því og þá sérstaklega fyrir þá sem ekki eru þeim kostum gæddir að búa á Fljótsdalshéraði eða nágrenni, en það er vel þess virði að ganga á það, þó ekki væri til annars en að safna toppum. Fjallið sjálft er auðgengið hvort sem er úr norðri eða suðri, en vestan megin í því skerst í gegnum berglöggin skriðjökull einn ógurlegur, að sögn heimamanna, sem veldur því að þarna bjóðast ýmsir möguleikar til að röltu á fjallið.

Leiðin sem hópurinn valdi sér (þær voru reyndar tvær) liggur upp nokkur klettabelti sem eru sunnan við títt nefndan skriðjökul, sem sjálfur býður upp á ýmsa möguleika, og á nokkuð áberandi hrygg. Annars er varla rétt að tala um klettabelti, því berg er þarna lítt fallið til klifurs, enda fjallið tiltölulega ungt eldfjall og væri nær að tala um upphrúgaða afganga af bergmylsnu. En þetta er nógu bratt til þess að á milli leynast lænur með góðum ís á köflum, sem bjóða upp á allt að 3. gráðu ísklifur (meira að segja í september).

Við fórum upp nokkrar slíkar og höfðum gaman af, enda veður ágætt og að auki reyndum við, við og við, við samfrosna bergmylsnuna svo úr varð ágætis

Svæði: Snæfell, N-Múl. 1833 m.

Leið: Hryggur sunnan við stóran skriðjökul í vestanverðu fjallinu.

Aðkoma: Gengið er að leiðinni frá skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs.

Hæð leiðar: U.þ.b. 300 m.

Klifurtími: 1–2 klst.

Gráða 1.-3. gráða eftir leiðavali. Snjór-ís-berg.

Fyrst farin: Svo vitað sé 28. sept. 1985 af nokkrum félögum í Hjálparsveit Skáta, Kópavogi.

Útbúnaður: Hefðbundinn ísklifur- og jökla-göngubúnaður.

blandað klifur. Ofan við brattasta kaflann tekur við jökulhvel alveg upp á topp og er ekki alveg laust við að það sé nokkuð sprungið, svo ekki er verra að fara varlega og ganga í línu.

Þessi leið ætti ekki að vera neinum ofviða, því auðvelt er að þræða framhjá erfiðustu köflunum. Ef gengið er frá skála F.Í. vestan við Snæfell er þetta líka stysta leiðin upp og að auki þrælfalleg með góðu útsýni til vesturs. Ef farið er aðra leið niður er best að fara til suðurs niður hrygginn og beygja ekki of fljótt útaf honum til vesturs, því þá lendir maður á sprungu-svæði eins og við gerðum.



Esja

EFTIR ÞORSTEIN GUÐJÓNSSON

Esjan minnir á þýskt hvorukynsorð. Hlutlaus og óræð í senn. Hvað er á bak við hana, hvernig er uppá henni, er hún kleif? Flest okkar eiga sér fjallgöngudraum, - martröð, sem holdtekst í tíðri störu til þessa fjalls.

Parna búa jólasveinarnir, Grýla og Leppalúði. Er það nema von að mönnum hafi langað að líta betur á hana, fara á hana - verða eitt með henni.

Snemma á sjöunda áratugnum stóðu tveir ormar við vegbrún Vesturlandsvegjar. Annar rauðhærður í grænum vaðstígvélum (með sérlega góðum botni og á góðu verði), Álafossúlpu og með plastpoka sem í var mjólk á flösku og brauð með skinku. Hinn þjakkurinn, dökkhærður og heldur minni, var svipað klæddur, heldur vígalegri þó, því á fótum hafði hann gula verkamannaskó keypta í Ellingsen en fundna á haugunum. Skór þessir voru töluvert of stórir, en úr hafði verið bætt með enda af sáputykki í tána.

Ævintýrið var að byrja. Esjan skartaði hvítum kolli, enda vetur í nánd. Arkað var í gegnum tún Esjubergs, bæjar er stendur í fjallsrótunum. Inn í gil, er klýfur framhlið fjallsins. Í höfðinu dundu áminningar foreldranna.

- „Fólk hefur lent í sjálfheldu þarna.“

- „Það gæti verið sleipt.“

- „Þetta er bara á færi reyndra hjálparsveitanna.“

Götuvillingurinn heima hafði sagt fjallið ókleift. Það væri ekki nóg súrefni á toppnum.

Áfram héldu garparnir. Inn í gilið og síðan upp eftir mjóum rana er gengur niður í það. Taugastrekingurinn jókst. „Það er ekki víst að við kom-

umst á handboltaæfingu í kvöld ef við höldum áfram.“

- „Þetta er allt í lagi, ég er með kerti sem við getum yljað okkur á, en . . . eldspýturnar?“

- „Þýðir ekki að horfa á mig, ég byrja ekki að reykja fyrr en ég er 18 ára.“

Fjallið dróst neðar og neðar. Upp komust þeir á kamb sem þeir vissu ekki að heitir Kerhólakambur.

- „Ætli við séum ekki svona tíundu mennirnir sem sigra þetta fjall?“

Skömmu síðar og skyndilega, er fjallið undir fótum. Á tindinum stendur varða, frekar stór. Annar drengurinn lýgur að hinum:

- „Hef heyrt að hver maður sem komi hér upp leggi stein í vörðuna.“

Hinn hugsar:

- „Þá hafa fleiri en tíu komið hér.“

Saman klífa þeir upp á vörðuna til að vera sem hæst og öskra.

- „Komalugnma (Everest í tibetsku).“

Þær eru ýmsar Esjurnar í annarra manna lífum.

Svæði: Esja.

Leið: Kerhólakambsleið.

Aðkoma: Lagt upp frá bænum Esjubergi á Kjalarnesi.

Hæð leiðar: Ca. 750 m (50 - 806 m).

Tími: 1-3 klst.

Gráða: Erfiðleikar eru litlir, þó varasamt að vetri til.

Fyrst farin: Tilgáta: Vífill þræll Ingólfs, getur ekki hafa munað mikið um það svona rétt eftir mjaldir.

Völur

EFTIR EINAR STEINGRÍMSSON


Nú kemst ég ekki lengra. Eg er staddur þar sem mætast tvær ár, tíu kílómetra frá þjóðveginum. Veginum heim. Veðrið er svolítið tryllingslegt; sólskinsblettir hér og þar og vindsveipir sem þyrlla upp sandinum og píska hann til og frá. Vindurinn lemur líka í tjaldið og sviptir því til þar sem það heldur dauðahaldi í jörðina.

Þetta eru jökulár og í dalbotninum er aðallega möl og sandur og svolítið af þyrkingslegu grasi og mosa á dreif. Svo lítið að maður tekur varla eftir því í fyrstu. Árnar skipta í sífellu um farveg og stundum er maður á gangi í nokkuð þéttum gróðri þegar áin þeytist allt í einu fram við fætur manns: hún er búin að skera sig í gegnum grasið, svörðinn, mölina - eins og flugbeittur hnífur gegnum mjúkt hold. Hinum megin frá lítur þetta út eins og - nei, annars, þetta „er“ þverskurður eins og maður sér í skólabókunum. Fyrst svolítið gras sem reynir að skjóta rótum milli steinvala, í örvæntingarfullri leit að næringu, sem myndar næsta lagið en er þó varla sýnileg. Svo ekkert nema möl, sem áin hefur borið fram á síðustu tíu þúsund árum eða svo. Jökullinn býr til mölina með því að mylja fjöllin af miskunnarleysi og seiglu og svo tínir áin hana upp, ber hana niður dalinn, leikur sér að henni, býr til lænur, polla, eyrar úr henni og kastar henni svo bara frá sér þegar hún verður þreytt á leikum. Ef til vill verður þessari möl þeytt fram og til baka á morgun - ef til vill ekki næstu árþúsundin. Tíminn er dálítið öðruvísi í laginu hér um slóðir.



Í fyrradag, þegar ég var á leið yfir síðustu heiðina á ferð minni, mætti ég manni á jeppa, sem var að fara í gagnstæða átt. Ég spurði hann um ána. Hann sagði

mér að það hefði tekið hann drjúga stund að komast yfir. Hann hefði þurft að fara yfir sjö kvíslar, sem hver um sig hefði verið jafn vatnsmikil og kvíslarnar tvær sem áin féll í síðast þegar hann var á ferð hér. Það er einhver óþægindatilfinning fyrir brjóstinu á mér. Hljóta að vera leifarnar af úrhellinu fyrir fjórum dögum, segir hann. Fjóra daga fyrir þetta regn að skila sér af jöklinum? Það finnst mér ekki trúlegt. Eg spyr hann hvort hann haldi að ég geti vaðið ána. Hvað er hún djúp? Hann horfir á mig, mælir mig augum, og segir að hún nái líklega í mitti. Og ansi straumpung. Getur þess ekki hvort hann á við mitti á mér eða sér. Mittið á honum nær mér í bringu. En mér er sama hvort heldur er. Í þungum straumi og svikum botni er hugsanlegt að ég, einn míns liðs,



Greinarhöfundur í léttari sveiflu. Ljós. Besti vinur hans.



Fjöll og vötn í Lóni. Ljós. Björn Vilhjálmsson.

geti vaðið í mitt læri. Að fara dýpra en í klof virðist glæfraspil. Ég velti því svolítið fyrir mér. Kemst svo að þeirri niðurstöðu að ég sé of ungur til að deyja. Nei, ég syndi ekki langt í svona á ef mér verður fótaskortur. Ég yrði ekki spurður álots, bara þvælt um - kannski kastað upp á bakka eða eyri, kannski fleytt til sjávar - en í vatni sem rétt losar frostmark þarf varla að spyrja að leikslokum. Maðurinn segir mér að hann hafi hlaðið litla vörðu þar sem hann kom yfir ána og svo hafi hann skilið eftir flatan stein sem vatnaði yfir við bakkann og litla völu ofan á flata steininum. Þannig gæti ég séð hvort hækkað hefði eða lækkað í ánni. Svo kveðjumst við. Hann ætlar ekki að snúa aftur fyrr en eftir þrjá eða fjóra daga.



Ég staulast niður heiðina, mig verkjar í hnéð og sennilega sýnist ég gamall og lúinn. Ég skil bakpokann eftir við fjallshlíðina og geng að ánni. Finn vörðuna og vatnshæðarmerkið. Vatnið flæðir enn yfir flata steininn. Kannski sjatnar nóg í henni í nótt til að ég komist yfir á morgun. Ég fer ljóslega ekki lengra í dag. Hin áin er miklu verri. Mér dettur ekki einu sinni í hug að líta á hana. Það var í henni sem ég bleytti nærbuxurnar í gær.

Veðrið er skaplegt. Skýjað og lygnt. En mér finnst samt gott að sjá gamlan strætisvagn hér í miðri auðninni. Það eru engin hjól undir honum, þaðan af síður vél í honum. Það er búið að rífa innan úr honum, grafa hann hálfan metra niður í malarhaug og gera úr honum gangnamannakofa. Hann er ákaflega bjartur innan, með stóru borði, sætum og nokkrum rúmstæðum.

Alsæla.



Ég lagði af stað fyrir fjórum dögum, um kvöld. Bræður Jóhönnu skildu mig eftir við Snæfell. Mér er kalt þegar ég legg af stað, en býst við að mér hlýni svo ég klæði mig ekki betur. En mér hlýnar ekki svo ég verð. Ég horfi á bílinn hverfa og ég er ekki eins einmana og ég bjóst við. Nógur tími til þess síðar. Hvað er svona heillandi við það að vera einmana?

Ég fer á snjóbrú yfir litla á. Ég er ekki viss um að hún muni halda, en ég býst við að geta kraflað mig upp úr ef með þarf. Nenni ekki að fara úr skóm og sokkum núna. Snæfell er í skýjum en ég sé suma af lægri tindunum í kring. Nóg til að vita hvert ég á að halda. Það er sólskin á jöklinum sextíu kílómetra héðan, þar sem ég var með Jóhönnu og bræðrum hennar og Sveini í fyrradag. Ótrúlega fallegt. Nóg til að réttlæta þessa ferð mína. Eða það finnst mér núna.

Ég fer um skarð í Þjófahnúkum (hverju stálu þeir? Saudum?) og þá sé ég jökulinn sem ég þarf að fara yfir. Lítur þokkalega út. Virðist hafa nóg svigrúm til að teygja sig og beygja eins og hann vill, svo hann er varla mjög brotinn. Svo er hann líka nógu flatur til að renna saman við landið. Engar brattar ísbrekkur að brölta upp. Ég stoppa svolitla stund, fæ mér súkkulaði, horfi á sólina hníga bak við fjall, held svo áfram. Vil komast yfir jökulinn áður en rökkvar. Skórnir mínir blotna, ég þarf að vaða lítinn læk og svo lendi ég í leðju. Jökulleðju. Eins og blautur leir. Þetta er frekar subbulegt, en ég nenni ekki að fara í klossana. Er ekki eins frár á fæti í þeim. Býst við að skórnir muni þorna ef ég held bara áfram.

Jökullinn er eins auðveldur yfirferðar og ég vænti, en þegar ég er hálfnaður yfir hann sé ég árnar koma undan honum hinum megin. Þær eru svo breiðar að það yrði lítil skemmtun að vaða þær. Ekki nenni ég að leita að vaði á þeim og þurfa svo kannski að fara aftur upp á jökulinn. Ég ákveð að halda hæð og fara jafnvel hærri, til að krækja fyrir þetta vatn. Mér er



Djúpir þankar. Ljós. Besti vinurinn.

meinilla við að láta af hendi þá hæð sem ég er búinn að vinna mér inn. Þetta verður til þess að ég fer miklu hærra en ég hefði ætlað mér og samt þarf ég að krækja fyrir nokkur gil. En mér er sama. Það er líka betra að sjá landslagið ofan frá.

Það er ágúst og orðið koldimmt og nú lýsir mér ekkert ljós nema stjörnur.

Ég sé útlínur landslagsins og það er skrattans nóg. Hér get ég ekki tjaldað. Þetta eru bara snjóbrekkur, klettahryggir og allt rennblautt. Ég er þreyttur, farinn að fá sinadrátt í fætuna (hefði átt að fara í klossana. Stóru, hlýju, þurru, unaðslegu klossana) og það er á svona stundum sem maður lærir að meta munað siðmenningarinnar. Heitt það, mjúkt rúm, glas af víni með kvöldmatnum.

Eini munaðurinn sem ég get látið mig dreyma um hér er að finna kofann sem á að vera hér einhvers staðar. Það yrði næstum jafngott og heima. En ég var ekki nógu gáfaður til að merkja hann inn á kortið mitt og þar að auki er svo dimmt að það er óvíst að ég myndi finna hann hvort sem væri. En mig minnir að það hafi farið framhjá þessi fjalli, framhjá vatni og svo við næsta vatn. Ég kem að fjallinu og verð að ákveða hvort ég á að fara fyrir það eða yfir öxlina. Eins og vanalega vil ég heldur halda hæðinni svo ég fer yfir öxlina. Og kemst seinna að því að það er þannig sem ég missi af kofanum. Ég er rennblautur í fætuna, jörðin er bara einn stór pollur með grjóti og aur, enginn gróður. Ég hefði átt að fara í klossana.

Reyndar ætti ég að fara í þá núna. En ég er alltaf að vona að ég finni kofann fljótlega eða gefist upp að öðrum kosti, skríði ofan í svefnpokann minn og vefji tjaldinu utan um mig og sofi þar til birtir af degi. Hvorugt gerist. Og ég fer í klossana. Fífl.

Ég kem að fyrri vatninu. Nokkuð gott, kannski er ég á réttri leið. Sperri upp augun. Svo sé ég fyrir endann á þessu vatni og í það næsta. Ég er allur ein augu, en myrkrið er allt eitt myrkur. Ég vona bara að mér takist að greina reglulegar útlínur kofans í landslaginu. Ég kemst ekkert úr sporunum. Seinna vatnið líður hjá og ég sé ekkert hús. Að vísu sé ég fullt af húsum, en þau reynast öll úr steini og ég fer að skilja betur allar draugasögurnar og huldufólks með þessari þjóð.

Nú er ég kominn fram hjá síðara vatninu, sé í það þriðja og er að gefast upp. Ég gæti sofið á þessari hæð, hún stendur rétt upp úr bleytunni, en það er of langt í rennandi vatn. Og ég fer sko ekki í rúmið matarlaus. Svo ég held bara áfram. Það er skítkalt, ég er blautur og aumur en mér er svo sem sama. Ég hef engan vilja lengur. Það er blankalogn, klukkan er þrjú og farið að elda aftur. Og þá gefst ég upp. Og það gerist kraftaverk. Hér er lítill lækur, skjól fyrir prímusinn í urðinni og snjór sem er nógu sléttur til að tjalda á. Ég næ næstum að sannfæra mig um að það sé eiginlega betra að tjalda en sofa í einhverjum kofa. Það væri hálfgerð uppjöf. Maður þykist jú geta bjargað sér, hvað sem á dynur! Bara að leggjast

fyrir og bíða dagsbirtu og betra veðurs. Þetta hljómar svo glæsilega þegar maður segir þetta við sjálfan sig og kannski nokkra vini í hlýrri stofunni yfir konfaksglasinu. Og ömurlega þegar kemur að framkvæmdinni. Ég reisi tjaldið á fönninni, ber grjót á það, en er of þreyttur til að vanda mig. Vona bara að veðrið hlífi mér við ónæði. Það er að birta og mér líður strax betur þegar tjaldið er komið upp og ég fer að elda. Heitan mat. Rólega. Fer í hlý, þurr föt, hlýja, þurra sokka og stóru hlýju klossana. Þegar maturinn er til set ég allt draslið inn í tjald, skrið ofan í svefnpokann og borða. Svo sýð ég vatn, bý til kakó, helli svolitlu konfaki út í, drekk þetta. Lognast út af.



Ég vakna rétt fyrir hádegi. Ligg hreyfingarlaus um stund, hugsa um ekkert. Fyrir utan er ekkert á seyði. Ég fer á fætur. Það er dauðakýrrð. Sólskinsblettir á dreif. Er það svona sem eilífdin lítur út?

Ég dúða mig, því það er svalt og ég hreyfi mig hægt. Ég hef alla eilífðina fyrir mér. Bý til morgunverð, hægt. Borða hægt. Les. Ennþá gerist ekkert hér. Ekki einu sinni fuglar.

Seint og um síðir fer ég að tína saman föggur mínar. Um miðjan dag fer ég af þessum stað. Landslagið lítur eins út og í nótt. Nema hvað nú sé ég það. Ég fíkra mig áfram, hægt, og finnst ég vera járnsmið-

ur á firnastóru landakorti. Í fyrstu er bara sandur, grjót, snjór, vötn. Ég geng í leiðslu, finnst eins og ég sé búinn að vera marga daga á ferð í þessari auðn og muni verða það til eilífðarnóns. Haldi bara áfram að þramma, dag eftir dag, nótt eftir nótt, þar til úlfurinn gleypir sólina.

En svo, smátt og smátt, birtist eitthvað nýtt. Foss. Tveir fossar. Ár með snjóbrúm sem ég fer yfir. Svo dálítill gróður. Snjótittlingsungi. Einn síns liðs. Og svo, eins og hendi sé veifað, kem ég fram á brún einhvers. Nýrrar veraldar.

Fyrir framan mig, svo langt sem augað eygir, eru djúp gil, geysilegir fossar, jökultungur, fjöll, óstýrilátar ár. Og litir eins og sprenging í málningarvörusverslun. Ég stend í sömu sporum, horfi á, nei lát útsýnið fossa yfir mig, streyma í gegnum mig, veiti ekkert viðnám. Man svo að ég verð að halda áfram að anda. Svolgra í mig lungnafylli af þessu lofti. Sest niður. Get ekki hreyft legg eða lið. Gleðst yfir því að vera einn. Annars hefði ég sennilega eyðilagt þetta allt með kjaftæði. Að tala örvar hugsunina. Og það er svo fátæklegt gagn að hugsun á svona stað.

Degi er tekið að halla þegar ég held niður á við. Bráðlega er ég kominn svo langt niður að sólin hverfur bak við fjöllin. Ég er á leið niður að fljótinu. Mig verkjar í hnéð. Er þetta ellin? Er mér farið að förlast? Sársaukinn í huga mér er verri. Ég hefði átt að geta hlaupið niður þessar skriður. Hefði átt að



Í Jökulsárgljúfri í Lónsöræfum. Ljós. Margrét G. Júlíusdóttir.

vera kominn niður í botn, niður að fljótinu, á örskotsstundu. Í stað þess haltra ég áfram, eilífðar-tíma.

Það er undarlega kyrrt og svalt og hljóðlátt hér þangað til ég fer að heyra niðinn í ánni. Hann verður sífellt háværari og harkalegri og það vaknar uggur í brjósti mér.

Pegar ég á eftir eina brekku niður að á verður mér ljóst að ég er í klípu. Ef ég fer beint niður að ánni þá verð ég að vaða eina kvísl til að komast fyrir klettara sem gengur út í ána. Að öðrum kosti verð ég að finna leið yfir þessa klettagjá sem virðist ófær með öllu. Klettaraninn myndar aðra hlið gjárinna. Mína hlið. Ég fíkra mig upp með rananum, þar til ég kem að svolitilli dæld þar sem ég get farið í gegn og horft niður í gjána. Það er örgrannur farvegur í miðju gjárinna þar sem lítill lækur trítlar niður, eins og silfur á svörtu flaueli í mjúki kvöldbirtunni. Beggja megin eru klettaveggir. Á nokkrum stöðum hvorum megin væri hægt að klöngrast um klettana, en þessi vik standast ekki á. Milli sérhvers viks mín megin og annars hinum megin er klettaprep í gjánni, svo hátt og bratt að þar fer enginn yfir nema fuglinn fljúgandi.

Ég verð að fara niður að ánni. Áin virðist ekki á þeim buxunum að hleypa mér yfir, en ég verð að reyna. Annars yrði ég að hækka mig mörg hundruð metra. Síðasta brekkan er svo brött að ég verð að snúa andlitinu í hana. Vona að mér verði ekki fótaskortur. Brekkan liggur beint niður í á. Ég myndi svo sem ekki meiða mig ef ég dytti, en ég yrði hundblautur. Og sálin í mér er svo vesöl núna að hún má ekki við því að hylkið lendi í einhverju volki. Þar sem fjallið mætir ánni er örmjór bakki úr mól.

Tek af mér bakpokann. Lít yfir ána, reyni að finna vað. Ég verð að fara tvisvar yfir þessa kvísl. Hún rennur í L, sem er myndað af fjallshlíðinni og klettarananum sem stendur þvert út úr hlíðinni. Við klettinn, steinsnar neðar, er áin lygn. Sennilega líka mjög djúp. Og blaut í botninn. Ég verð samt að reyna. Ég er búinn að fara úr skónum og sokkunum og buxunum og nú tipla ég á mölinni. Oddhvassar steinvölur skerast upp í iljar mér og ég vagga til og frá eins og strengjabrúða. Kem að klettinum, fer út í vatnið. Þegar ég er kominn þriðjung leiðarinnar yfirum nær vatnið mér í mitti og fer dýpkandi. Ég sekk líka í sandbleytu í botninum. Þannig er þetta. Áin ber sandinn með sér og þar sem hún hægir á sér sekkur sandurinn til botns og situr um að færa mig í kaf. Ef ég gæti fleytt bakpokanum yfir, þá myndi ég synda yfir þennan lygna ál. En það get ég ekki. Ég sný til baka, leita betur. Það er eyri í miðri kvíslinni og virðist vera hægt að komast yfir á hana eftir grynningum þaðan sem ég stend. Hvað svo veit ég ekki, en

mér eru ekki aðrir vegir færir. Fer út á eyrina, og með svolitilli óskhyggju tekst mér að sjá út leið yfir á hinn bakkann. Út í vatnið - fótleggirnir á mér skær-rauðir af kulda – fylgi þessari leið sem er að mestu ímyndun, ég er kominn upp að hnjám, í læri, næstum upp í klof, straumurinn er þungur, mig verkjar í iljarnar, vatnið dýpkar og ég finn ána toga í mig, reyna að leggja mig flatan, faðma mig, eignast mig, fara með mig í brúðkaupsferð til sjávar. Það er freistandi að láta eftir, að taka boðinu, að sameinast til eilífðar þessu svala mjúka stingandi vatni. Ég streitist á móti, í þetta sinn. Sný við. Aftur á eyrinni held ég áfram að horfa, hugsa, ímynda mér. Ofar í ánni eru grynningar. Ég sé brjóta yfir þær. Aftur út í, það er grunnt hér, ég kem á grynningarnar en fætur mínir eru enn í vatni, kaldir, svo ég verð að halda áfram. Undan straumi núna, læt vonina leiða mig, yfirborðið er of slétt til að ég geti séð hvað undir býr. Ég er aftur kominn í læri, það dýpkar, ég stíg upp, og aftur, í þetta skipti þarf ég að lyfta hægri fætinum hátt upp og stíga í hann og skyndilega stend ég í grunnu vatni. Þetta er einhvers konar hryggur sem gengur þvert á straumstefnuna, þvert á alla skynsemi, en samt er hann hér. Ég fylgi honum alla leið yfir. Nú þarf ég bara að komast yfir aftur, fyrir neðan klettinn. Þar sem áin kemur út undan klettinum er hún mjó og slétt, næstum lygn, en það eru litlir svelgir sem segja að hér sé ekki allt sem sýnist, að það kraumi einhvers staðar undir allri þessari lygnu. Úr því að hún er svona lygn og mjó hlýtur hún að vera djúp. Ég veð út í rétt fyrir neðan klettinn, þar sem lygnan byrjar. Straumurinn er ekki ýkja mikill, en stöðugur og leggst á eitt þegar ég er kominn í klof. Þetta er að verða of djúpt, mig sundlar lítið eitt af kulda og sársauka í fótunum, ég hækka mig aðeins, fer alveg að mörkum lygnunnar, vatnið fer ekki herra en í klof, ég bleyti samt nærbuxurnar, en kemst yfir. Gægist fyrir klettinn, allt í lagi, engir farartálmar, verð að fara sömu leið til baka yfir ána, reyni að hugsa ekki um kuldann, ákveð að vaða í skónum yfir aftur, þoli ekki þennan sársauka í fótunum með poka á bakinu, bind buxurnar um hálsinn á mér, hengi klossana líka um hálsinn, axla pokann, út í aftur, yfir grynningarnar, upp, út í, upp á bakkann, yfir. Fer í hlý fót. Leggst niður, hvíli mig.



Ég vaknaði um miðja nótt. Í svitabaði. Allur blautur. Svefnpokinn, þessi þykki svefnpoki, blautur í gegn. Mundi enga drauma, enga martröð. Fór í peysu, sofnaði aftur. Dreymdi um stúlkuna sem ég var svo óstjórnlega ástfanginn af þegar ég var fimmtán ára.

Það var fallegur draumur.

Þessir hafa styrkt útgáfuna

Útivist, ferðafélag

Grófinni 1 – sími 14606

Teigabúðin

Kirkjuteigi 19 – sími 32655

Íslensk-erlenda verslunarfélagið hf.

Tjarnargötu 18 – sími 20400

Prentstofa Guðjóns Ó. hf.

Pverholti 13 – sími 27233, 27263

Kolburstagerðin Kórall sf.

Vesturgötu 55 – sími 16484

Hárprýði

Háaleitisbraut 58–60 – sími 32347

Vestfjarðarleið

Sætúni 4 – sími 29950

Brunabótafélag Íslands

Laugavegi 103 – sími 696000

Harðfisksala

Fálkagötu 14 – sími 25069

Félagi

Radíóbúðin hf.


Skipholti 19 – sími 29800

Hans Petersen hf.

Lynghálsi 1 – sími 83233

Málningarverksmiðjan Harpa hf.

Skúlagötu 42 – sími 11547



LÖGMÁL FERÐAMANNINS

- 1) Göngum ávallt frá áningarstað eins og við viljum koma að honum.
- 2) Skiljum ekki eftir rusl á víðavangi né urðum það.
- 3) Kveikjum ekki eld á grónu landi.
- 4) Rífum ekki upp grjót, né hlöðum vörður að nauðsynjalausu.
- 5) Spillum ekki vatni, né skemmum lindir, hverir eða laugar.
- 6) Sköðum ekki gróður.
- 7) Truflum ekki dýralíf.
- 8) Skemmum ekki jarðmyndanir.
- 9) Rjúfum ekki öræfakýrrð að ópörfu.
- 10) Ökum ekki utan vega.
- 11) Fylgjum merktum göngustígum þar sem þess er óskað.
- 12) Virðum friðlýsingarreglur og tilmæli landvarða.

Höfum þetta í huga og varðveitum þá auðlind sem náttúra landsins er, þannig að við fáum notið hennar um ókomna framtíð.



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Munkapverárgil

EFTIR PÁL SVEINSSON

Munkapverá er austanmegin í Eyjafirði, um 15 mín. akstur frá Akureyri. Þegar komið er að giliinu er stöðvað norðan megin við brúna yfir gilið og er þá um einnar mínútu gangur að brúninni, þar sem allar leiðirnar eru. Einfaldast er að síga niður í gilið og eru fastir fleigar til staðar, en einnig er hægt að labba niður eftir giliinu og finna þar einfalda niðurleið. Það hafa aðeins verið klifraðar um ellefu leiðir með nokkrum afbrigðum og eru þær allar á um fimmtíu metra kafla (milli girðingar og brúar). Eru þær allar á bilinu 10 til 12 metra langar. Það hafa verið klifnar fleiri leiðir neðar í giliinu, en þær eru léttari en 5.6 og eru ónefndar og óskráðar.

1. Talía - 5.7.

Klifrað er upp augljósa sprungu og grjóthrafl upp á góða sillu, oftast klifra báðir þangað upp áður en haldið er lengra (mjög létt klifur), síðan er haldið upp hornið vinstra megin sem er krefjandi og mjög tortryggt.

2. Bókin - 5.8.

Klifruð er sama byrjun og í leið eitt og þaðan er haldið beint upp sléttan flöt og reynt að forðast að taka út í leiðir eitt og þrjú, (ek) tryggt er í leið eitt.

3. Létta leiðin - 5.6.

Klifruð er sama byrjun og í leið eitt, þaðan upp sprungu til hægri upp í augljóst horn og þaðan upp á brún (ek). Auðtryggt.

4. Góðir vinir - 5.6.

Byrjað er í augljósu horni með breiðri sprungu og henni fylgt þar til ákveða þarf hvort halda á til hægri eða vinstri. Þar er haldið til vinstri yfir í enda leiðar þrjú. Ef eingöngu sprungan er klifruð þá verður leiðin 5.7. Auðtryggt.

4B. Góðir vinir.

Sama byrjun og leið fjögur, en farið er til hægri þar sem sprungan endar.

5. U.V. - 5.7.

Leiðin er bein og augljós, byrjar á v-laga sprungu sem breytist í u-laga skorstein, ein skemmtilegasta leiðin. Auðtryggt.

6. Dóni - 5.7.

Bein sprunga, hægra megin við hornið, farið til hægri út úr henni, ofarlega. Ef hún er klifin án þess að stíga út á hornið verður hún erfið 5.8. Vandasamar tryggingar.

7. Bláa ullin - 5.9.

Sléttur veggur með þröngri sprungu sem liggur að litlu þaki (ek). Vandasamar tryggingar.

8. Hornið - 5.5.

Augljóst létt horn.

9. Flögutex - 5.7.

Þægilegt klifur upp að flögunni en síðan flókin hreyfing til hægri upp á brún, ef farið er vinstra megin upp hornið verður leiðin 5.8. Tortryggt.

10. Sófus - 5.8.

Byrjað er upp af tveimur stórum steinum og óljósri sprungu fylgt áleiðis upp að sléttum vegg sem nær upp að brún. Hefur aðeins verið klifin í ofanvaði.

11. Stóru mistökin - 5.9.

Leiðin byrjar inni í geil. Farið er upp hana miðja og út úr henni til vinstri. Þaðan upp lítið þak (ek) og síðan upp sléttan vegg með smá brúnum. Þessi leið er krefjandi alla leið frá byrjun og er tortryggt. Leiðin var upphaflega 5.10.



Munkapverá. Ljós. Páll Sveinsson.

NESTISHORNIÐ

UMSJÓN TORFI HJALTASON

Í síðasta tölublaði var nestishornið svo vandlega falið að margir sáu það aldrei og eru kannski sársvangir fyrir bragðið. Það er á bls. 44 efst til vinstri. Ekki er að furða þó húsmæðraskólar í landinu eigi undir högg að sækja úr því að matur og næring eru ekki meira metið nú á dögum. En uppskrift ársins 1988 er:



Kokkurinn við kabyssuna hló. Ljós. Anna Lára Friðriksdóttir.

Pottréttur svanga mannsins

Efni:

„Pakkagrýta“, nautahakk eða smásteik, hrísgrjón eða kartöflumús í pakka. Gott er að vera búinn að steikja kjötið áður en lagt er af stað.

Matreiðsla:

Fylgið leiðbeiningunum á pakkanum. Kjötið er sett út í undir lokin og látið malla með. Til að gera kartöflumús þarf bara að sjóða vatn, en hrísgrjón taka lengri tíma. Til eru „grýtur“ sem innihalda hrísgrjón eða núðlur og eru þær ákjósanlegar. Það er um að gera að brytja ferskt grænmeti út í til að breyta til. Það er ekki hægt að klúðra þessu.

Tækjahornið

UMSJÓN BJÖRN VILHJÁLMSOON

Tækjahornið, þessi árvissi þáttur í ársritinu, birtist nú öðru sinni eftir að hafa orðið að vika í fyrra vegna plássleysis í blaðinu. Að þessu sinni verður þátturinn helgaður afurðum þriðju byltingarinnar í klifri eða klifurtúttum (klifurbullum). En fyrst aðeins um þessar þrjár byltingar.

Fyrsta byltingin, svonefnda, í nútímaklifri er oft kennd við tilkomu hneta 1969-1970. Þessi tryggingatækni gerbreytti viðhorfum klifrara til klífursiðfræði og klífurs.

Önnur byltingin er miðuð við árið 1978, en þá komu á markaðinn Vinir (Friends) Ray Jardine. Nýtt tryggingartæki sem opnaði nýjar klifurvíddir, vegna þess að með þeim var hægt að tryggja á stöðum sem áður voru ótryggjanlegir (t.d. sprungur sem vikka út). Auk þess er mjög fljótlegt að setja Vini í og taka þá út. Í kjölfar Vina koma svo fjölmargar gerðir af tryggingartækjum frá ýmsum aðilum sem byggja á svipuðum eiginleikum, þ.e. hreifanlegum kömbum, sem laga sig eftir berginu.

Þriðja byltingin er síðan tilkoma „heita“ gúmmisins árið 1980. Staðallinn í klifurtúttum fram til 1980 hét E.B. Super Gratton, frá Galibier. Allir sem klifruðu erfiðar leiðir notuðu þessa gerð, það fengust að vísu aðrar gerðir, en engin þeirra komst nálægt E.B. að gæðum eða vinsældum; þeir áttu markaðinn. En undir lok 8. áratugarins fóru þeir hjá Galibier yfir í að vélframleiða túttarnar, sem áður voru handgerðar, og það varð þeim að falli. Vélgerðu skórnir pössuðu verr, enust verr og leystust svo upp á límingunum. Klifrarar urðu þeim fráhverfir og allt í einu var markaðurinn galoppinn. Þeir sem fyrstir voru á vettvang eftir hrun heimsveldisins með nýja og betri gerð af túttum var lítill, áður óþekktur, skóframleiðandi á Spáni, sem gekk undir nafninu Boreal. 1980 komu á markaðinn frá þeim túttur með nafninu FIRE (frb. Fí-rey) og hafði sóli þeirra

meira viðnám en nokkrar túttur höfðu haft til þessa, þeir voru sólaðir með „heitu“ gúmmíi. Þeir hjá Boreal hirtu markaðinn af Galibier á svipstundu, sátu að honum um stund en fjandinn var orðinn laus, og ótal framleiðendur berjast nú um kókuna með skóm sem allir eru betri en gamli E.B. Super Gratton-inn. En það er af Galibier að segja að þeir hafa ekki borið sitt barr síðan, þrátt fyrir að þeir framleiði fram-bærilegar túttur í dag.

Nú er úrval af klifurtúttum mjög fjölbreytt. Fyrir 10 árum fór klifrari í leit að túttum bara inn í næstu verslun og bað um E.B.'s (frb. Í.Bís), núna fer hann inn í stóra klifurverslun (t.d. í Chamonix) og verður að velja á milli 50-60 gerða. Kemur út úr búðinni 6 tímum síðar, blár og marinn á tánun og ruglaður í kollinum, með þar af glæsilegum túttum undir hendinni, en er ennþá efins um að hann hafi valið rétta parið af þessum tíu sem komust í úrslit hjá honum; martröð valfrelsisins.

En hér eru nokkrir punktar sem hægt er að hafa í huga þegar þú þarft að velja þér nýjar klifurtúttur (og ert erlendis; hér á landi eru aðeins 3 sölu-staðir á klifurtúttum og hver þeirra er aðeins með túttur frá einum framleiðanda, en meira um það síðar).



- 1) Allar túttur vikka aðeins við notkun, þannig að ef þær eru ekki keyptar þröngar, koma þær til með að velta/rúlla á litlum höldum.
- 2) Flestar túttur eru fódraðar með Cambrelle eða svipuðu efni sem draga til sín svita og eru sokkar því óþarfir.
- 3) Veldu frekar túttur sem henta fætinum á þér heldur en þær sem eru mest móðins. Það skiptir meira máli að skórnin sé eins og saumaður á fótinn en hvort gúmmíð hafi

aðeins meira viðnám eða skórnir séu í nýjustu litunum.

- 4) Heitt gúmmí slitnar hratt og túttur eru rándýrar, þess vegna er skynsamlegt að láta endursóla þær (þ.e.a.s. ef yfirleðrið er í góðu ásigkomulagi), en það verður að gerast meðan gúmmíröndin er heil, því það getur verið erfitt að setja nýja rönd almennilega á. Ég lét sóla uppáhaldstúttur í vetur ('87-'88) í Bandaríkjunum og kostaði það \$30, og var það vel gert með mjög heitu gúmmíi.
- 5) Ekki nota splunkunýjar túttur á klifurveggjum, sérstaklega ekki á múrsteinsveggjum eða viðlíka, því það spænis upp sólann og klárar hann. Notið frekar gamlar túttur og klárið þær. Að vísu verða „problemín“ öll aðeins erfiðari, en er það ekki bara betra?

Nú er meiningin að kynna fyrir lesendum ársritsins nokkra framleiðendur klifurtúttu og þær helstu gerðir sem þeir hafa á boðstólum. Allt eru þetta gerðir sem hafa notið, og njóta, vinsælda. Mun ég í eftirfarandi styðjast að mestu við umsagnir erlendra sérfræðinga, en þar sem um er að ræða túttugerðir sem reynsla er af hérlandis, verður þess getið sérstaklega. Verð á túttum er nokkuð mismunandi milli gerða, en þó sérstaklega milli landa. Verð á túttum hérlandis (þegar þetta er skrifað) er á bilinu 4-5000 kr, í Bandaríkjunum hefur verið verið hagstætt undanfarið vegna stöðu dollarans og er á bilinu \$90-140. Í Bretlandi eru túttur hlutfallslega dýrar, eða á bilinu £60-80. Frakkland hefur verið frekar ódýrt hvað þetta varðar, en ég hef ekki nákvæm verð (eru líklega á bilinu 400-700 frankar). En kíkjum þá aðeins á túttarnar.





FIRE-CLASSIC



FIRE-BALLET



FIRE-JAZZ



FIRE-NINJA



SCARPA-ROCKSTAR



SCARPA-CRAGRATZ



SCARPA-COLODRI



SCARPA-STILLETTO

Boreal: Spánn

FIRE - STANDARD / CLASSIC

Þessir skór veltu E.B. 'num úr sessi forðum og þóttu frábærir, þrátt fyrir nokkra annmarka. Nú eru þeir mikið endurbættir, röndin er líka úr heitu gúmmíi (var ekki áður), þeir eru ekki eins tåmjóir og áður, og lastinn, sem þeir eru smíðaðir á, er breiðari þannig að þeir passa betur. Einnig er búið að fódra tunguna og lagfæra hælskálina. Allt er þetta til að gera Classicgerðina að betri skó.

Þeir eru því ennþá góður valkostur og henta mjög vel í viðnáms- og sprunguklifur, en eru lakari á litlum brúnum og vilja rúlla af agnarhöldum. Þessi gerð hefur verið notuð hér og reynst vel, en taka nokkurn tíma að venjast og passa vel, og geta jafnvel verið óþægilegir þangað til að því kemur.

FIRE - BALLET

Þessir skór eru hannaðir fyrir kalkstein, lóðrétt og slútandi klifur. Þeir eru með hvelfdri il (til að falla þéttar að ilinni), djúpri hælskál (til að halda hælnum föstum í öllum stellingum), lágir við hásinina og mjög sveigjanlegir um lengdarásinn en stífir á þvervegin. Þetta gerir þá afargóða til klifurs á litlum brúnum og í holum eða vösum.

FIRE - JAZZ

Þessi gerð er lág, nær aðeins upp að ökkla. Það gefur hámarkshreifanleika um ökkla og hæfir vel háum uppstigum (sem einkennir erfiðar leiðir). Há il og stífur miðsól gerir þessa gerð góða fyrir holur og litlar brúnir.

SCARPA: Ítalía

ROCKSTAR (bláir-gulir): Þetta eru uppháir skór sem eru ætlaðir fyrir við-

námsklifur. Efri hlutinn er úr segldúk, til að koma í veg fyrir teygju. Gúmmíið er heitt og gefur gott viðnám, röndin er úr einu stykki og nær vel upp á hælinn, og táin er nokkuð hvöss og flöt (grípur vel í holur og sprungur). Skórinn er svo vönduglega smíðaður að það má auðveldlega endursóla hann.

SUPERATZ (bláir-rauðir), eru smíðaðir á sama hátt og Rockstar en heldur stífari, enda ætlaðir fyrir klifur á litlum brúnum. Þeir ná hærra upp á ökkla og þykkari miðsól gefur meiri stuðning eftir lengdarásnum. Lastinn er aðeins breiðari og táin rúnnaðri en á Rockstar, en gúmmíið er það sama á báðum gerðunum. Það gerir það að verkum að Superatz smyr betur (gefur meira viðnám) en flestar gerðir, sem eru fyrst og fremst ætlaðar fyrir brúnir.

Flestir íslenskir klifrarar eiga, eða hafa átt, túttur frá Scarpa og hafa allir, sem undirritaður hefur tekið að máli, lýst yfir ánægju sinni með þær. Nokkrir hafa aldrei stungið fæti í betri túttur. Einnig ber að geta þess að Skátabúðin hefur staðið sig búa best í að eiga alltaf einhverjar túttur á lager.

COLODRI (grænir-fjólubláir), þegar þetta er skrifað er þessi gerð nýkomin til landsins og á markaðinn yfirleitt. Þessi gerð nær aðeins upp að ökkla (fyrir hámarks hreifanleika), hefur hvelfdi il (sem kemur í veg fyrir hreifingu fótans í skónum), hvassa og flata tá, og röndin nær aðeins aftur á miðjan fót. Hællinn er svo með álímdri gúmmíhlíf, til að tryggja hælkrókana. Þessi skór er hugsaður fyrir klifur á litlum brúnum og í holum. Þetta er mjög vandaður skór, hannaður af Andy Pollitt og Martin Atkinson, tveim fremstu klifurum Bretlands.

LA SPORTIVA. Ítalía

MARIACHER, kom á markaðinn 1984 og náði strax geysivinsældum sem alhiða klifurskór og var sérstaklega til þess tekið hversu vel þeir voru gerðir og þess hvað þeir féllu vel að fætinum. Gúmmíið var vel heitt en þótti endast illa, en frá og með 1988 eru þeir sólaðir með endingarbetrar gúmmíi sem þó heldur viðnámseiginleikum. Þessi gerð þykir reynast sérlega vel á brúnum og verða betri og betri í viðnám eftir því sem þeir slitna.

MEGA SG, er framúrstefnuskór frá La Sportiva sem er hannaður af undrabarninu Stefan Glowacs. Af flestum talinn Skórinn þessa dagana. Það sem gerir hann svo merkilegan er að hann passar á fótinn eins og ágræddur, er með hvelfdi il, upphækkaðan hæl (þar sem hælnum er alltaf haldið upp á 5.13 - fótöldunum!!) til að þrýsta tånun betur fram og er léttari og sveigjanlegri en Mariacher-inn. Mega reynist sérlega vel á brúnum, en einnig mjög vel í viðnámi og í holum. Af mörgum talinn Ferrari klifurtúttanna.

ONE SPORT

RESIN ROSE, er alhiða skór fyrir grannan fót. Yfirbyggingin er úr leðri og Cordura næloni með klauf á hælnum fyrir hásinina og Cambrelle-fóðri. Gúmmíið er vel heitt og röndin úr einu stykki og nær allan hringinn. Þessi skór vinnur vel á litlum brúnum, í sprungum og í holum.

FRENZY / Frenesie, er annar framúrstefnuskór og að sumu leyti framtíðarlegri en Mega SG. Þar er mest áberandi að skórinn er í raun tveir skóhlutar sem hvor um sig hefur sjálfstætt



LA SPORTIVA-MARIACHERE



LA SPORTIVA-MEGA SG.



LA SPORTIVA-FLASH



HANWAG-MAGIC LIGHT



DOLOMITE-VEDETTE



DOLOMITE-MAGICA



DOLOMITE-BALLET



CALMA-LINCE I.



ONE SPORT-RESIN ROSE



ONE SPORT-FRENZY



KAMET-FANTASY



KAMET-JOSHUA TREE

reimingarkerfi. Fremri hlutinn er úr Kevlar-efni, sem teygist ekki og fellur mjög þétt að fætinum, gúmmíð hefur gott viðnám og rönd sem nær aftur á miðjan fót. Fremra reimingakerfið er aðeins fyrir þennan hluta og nær upp á ristina að ökkla. Í ilinni er glerfíber-plata til að styðja fótinn á litlum brúnum. Aftari hlutinn er úr leðri og nær upp á ökkla, sérstakt reimingarkerfi fyrir þennan hluta togar fótinn lengra fram í tana á skónum og á hælum er heitt gúmmí fyrir hælkrókana, en gúmmíð undir aftari hluta sólsans er bleikt frauðgúmmí. Táin er hvöss. Þessir skór þykja sýna yfirburði á mikkro-brúnum, en vinna vel í öðru klifri. Einn af félögum klúbbsins á svona túttur og telur þær mjög góðar.

Margir aðrir skóframleiðendur smíða mjög frambærilegar klifurtúttur sem ekki verður hægt að gera nánari skil hér í þessum pistli, en ég læt nokkrar gerðir fljóta með í töflunni hér á eftir. Þar eru hinum ýmsu gerðum gefnar einkunnir eftir frammistöðu í mismunandi gerðum klifurs.



Þá er aðeins eftir að minnst á nýjasta æðið í klifurskófatnaði, en það eru skór sem líkjast mest fimleika-eða leikfímiskóm og kallast á ensku „climbing slippers“. Ég hef kosið að kalla þessa gerð tátíljur. Tátíljur eru miklu léttari að byggingu en túttur, oft 2-3 sinnum léttari, þær eru yfirleitt með teygju yfir ristina í staðinn fyrir venjulegar reimar, sólinn er miklu þynnri en á túttum og hliðarröndin er yfirleitt lægri og styttri en á túttum, ef hana vantar ekki alveg. Það fer einnig eftir tegundum hvort hægúmmí er eða ekki. Flestar gerðir eru fóðraðar með segldúk eða Cambrelle til að koma í veg fyrir að þær teygist. Tátíljur þarf að kaupa 1/2-1 númeri of litlar til að þær missi ekki allt lag þegar þær teygjast, en allar gerðir teygjast eitt-hvað við notkun.

Kostirnir við tátíljur eru ýmsir: Næmleikinn fyrir berginu er meiri en ef verið er í túttum, þú finnur fyrir minnstu ójöfnum gegnum sólan. Hreifanleikinn um ökkla er fullkomlega óhindraður og það má pota þeim inn í holur og þröngar sprungur sem eru túttum ofviða. Í viðnámsklifri eða á smurhóldum næst meira yfirborð bergs undir fótinn. Tátíljur falla að fætinum eins og vaselín. Þær eru léttari og ódýrari en venjulegar túttur og styrkja fætturnar afar vel í klifri.



KAMET-MERCURY

Ókostirnir eru helstir þeir: Það þarf sterka fætur að klifra í þeim og þeir eiga það til að rúlla á fætinum þegar klifrað er á litlum brúnum. Hælkrókar geta reynst erfiðir, þar sem hællinn vill einfaldlega fara úr skónum. Tátíljur endast yfirleitt lakar en túttur.

Flestir framleiðendur bjóða upp á tátíljur, en hér verður aðeins talað um tvær gerðir, sem hafa verið í notkun hér á landi.

NINJA frá Boreal kemur í tveimur útgáfum, Ninja I og II. Munurinn er fólgin í að Ninja II er með spöng í botninum til að styðja fótinn á litlum brúnum. Þessar tátíljur eru fótлага, með heitu gúmmí og með rönd og hægúmmí. Það einstaka við röndina á Ninja er að hún nær yfir stórutána og nýtist mjög vel í holum og sprungum. Yfirleðrið er rúskinn, með teygjum ofan á ristinni og á hliðunum.

framl. / gerð	Brúnir (br.)	Holur (ho.)	Sprungur (sp.)	Viðnám (vn.)	Pössun/ þægindi	Notkun
------------------	-----------------	----------------	-------------------	-----------------	--------------------	--------

BOREAL

Classic	C	B	A	A	B-	sp./vn.
Ballet	B+	B+	B+	B	A	almenn
Jazz	B	B+	B	A	A	almenn
- Ninja I - II	A	A	A	A+	B+	vn./þ.sp.

SCARPA

Rockstar	B+	B+	B+	B	B	ho./sp.
Superatz	A	B	A	B-	B	br./sp.
- Stiletto	A-	A	B	A	A	br./vn.

LA SPORTIVA

Mariacher	A	B	A-	B-	B-	almenn
Mega SG	A	B+	B+	A	B+	vn./br.
Flash	C+	A	B	A	B	vn./ho.

DOLOMITE

Vedette	A	A+	B-	A	A	ho./br.
Magica	A	A	B+	B	B	ho./br.
-Ballet	B-	B+	B	A-	A	vn.

ONE SPORT

Resin Rose	B	B	B+	B-	A	almenn
Frenzy	A+	A+	B	C	A	ho./br.

HANWAG

Magic Light	B	B-	B-	B+	A+	alm./ho.
-------------	---	----	----	----	----	----------

KAMET

Fantasy	A-	B-	B+	C	B+	br./sp.
Joshua Tree	B+	B-	B+	B	B+	alm./sp.
- Mercury	A	B+	C	B+	B+	br./vn.

CALMA

Lince I	B	B-	B+	B	B	almenn
---------	---	----	----	---	---	--------

Ninja hafa talsvert verið notaðir hér á landi og þótt góðir. Þó þykir sólinn í þynnra lagi og skórinn vill rúlla svolítið á litlum brúnum, en annars þykja þeir liprir og þægilegir.

STILLETTO frá Scarpa er með yfirleðri úr rúskinni, sem er fóðrað með segldúk, teygju ofan á ristinni og reimum (til að draga ilina betur upp). Sólinn er úr heitu gúmmí og þykkari en á flestum tátiljum (hann styður betur við fótinn á litlum brúnum). Röndin er 3 cm há og nær aftur á miðjan fót og hælskálín er gúmmíklædd og tengd við framfótinn með teygjulínu. Þessar tátiljur reynast vel á brúnum, í viðnámsklífri, í sprungum og í meðalstórum til stórum holum, en eru klunnalegri í litlum holum. Hér á landi fer þeim fjölgandi sem eiga þessa gerð og láta menn undantekningalaust vel af. Sérfræðingur minn í tátiljum telur Stiletto bera af Ninja í flestu.

Hér kemur að lokum tafla yfir nokkrar gerðir klífurskóbúnaðs ásamt einkunnum fyrir getu þeirra í helstu flokkum klífurs, á skala A-D, þar sem A er best.



- táknar að gerðin er tátilja. þ. = þunnar og v. = víðar (sprungur).



Viðfangsefni fornleifafræðinga: E.B.'s og R. Robbins, frá Galibier. Ljós. Björn Vilhjálmsson.



Félagsstarf Ísalp

UMSJÓN SALBJÖRG ÓSKARSDÓTTIR

FERÐIR

Tindfjöll

Í október '87 eyddi stjórn ÍSALP vinnuhelgi í Tindafjallaskála. Var lokið við þær endurbætur sem byrjað var á um verslunarmannahelgina. Nýr reyk-háfur var settur upp og gert við kabyssuna og skáliinn búinn undir veturinn.

Í septemberbyrjun '88 var farin önnur vinnuferð í Tindafjallaskála. Nýtt gólf var sett ofan á það gamla, sem farið var að gisna. Auk þess var dyttað að ýmsu smálegu. Kabyssan hafði brotnað aftur og var hún spörsluð saman, en fyrir liggur að fá nýja bráðlega.

Yfirsíður var Guttormur Þórarinsson og hjálparkokkar fjórir.

Skessuhorn

Í mars var farið á Skessuhorn og fór Kristinn Rúnarsson fyrir hópnum. Farið var upp hinn sígilda Norðausturhrygg og vegna snjóflóðahættu í Katlakinn (vesturbrekku) var farið niður Austurhlíðar. Veður var gott og þáttakendur fimm.

Botnssúlur

Í apríl var farin helgarferð í Bratta. Fararstjóri var Anna Lára Friðriksdóttir og þáttakendur voru 3, en margir

hættu við vegna eindæma leiðinlegrar veðurspár.

Í júní fóru Torfi og Magnús og máluðu Bratta. Aldrei þessu vant hefur skáliinn náð að þorna í sumar og tókst því loks að mála hann allan að utan.

Hekla

Farið var á Heklutind í júníbyrjun. Fararstjóri var Haraldur Ólafsson. Ferðalangar voru 9 talsins. Menn voru ýmist á fjalla- eða gönguskiðum, eða einfaldlega á hestum postulanna. Farið var upp austan megin við Litlu Heklu og fóru allir á toppinn. Leiðinda-veður var, þoka og snjókoma, svo útsýnið glapti ekki.



Gutti og Torfi leysa tæknivandamál í Tindfjöllum. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.



Tiplað á nýja gólfinu í Tindfjöllum. Ljós. Salbjörg Óskarsdóttir.

Akureyri

Eina langa helgi í júní stóð Páll Sveinsson fyrir klifurfærð til áttaha sinna (16.-19. júní). Þátttakendur voru um 13 talsins. Menn óku norður á eigin farartækjum. Á föstudeginum var klifrað í Munkaþverá og á laugardegnum í Kjarnaskógi. Sunnudaginn var frjáls dagskrá. Ekki voru menn veðurheppnir og fuku tjöld ofan af nokkrum sem tjölduðu við Munkaþverá og urðu þeir að leita gistingar í skátaheimilinu.

NÁMSKEIÐ

Fjallaskíðanámskeið

var haldið í Botnssúlum í mars. Leiðbeinandi var Arnór Guðbjartsson og nemendurnir voru 6. Farið var frá Svartagili í Bratta og fór kennslan fram í skálanum og í giljunum í dalnum, því vegna veðurs var ekki hægt að fara á tjnda. Ýmislegt var kennt svo sem að skíða í línu, síga á skíðum, ganga með hraða, björgun og fleira.

Vetrarnámskeiðið

var í febrúar í Skessuhorninu. Guðmundur Helgi Christensen og Páll Sveinsson önnuðust leiðsögn. Þátttakendur voru 9 og dvöldu í snjó„höllum“ í Kötluunum.

Félagahjálp

er nýtt námskeið, sem klúbburinn stóð fyrir í maí. Leiðbeinandi var Einar Torfi Finnsson og nemendur 8. Eftir nokkrar æfingar í félagsheimilinu okkar var farið í Öskjuhlíð og nýfenginn lærdómur æfður.

Klettaklifurnámskeið

var haldið í lok maí í Stardalnum og voru nemendur 16 talsins. Þeir Pétur Ásbjörnsson, Guðmundur Eyjólfsson, Hreinn Magnússon og Kristinn Rúnarsson sáu um kennsluna.

Jöklanámskeið

var haldið í Kerlingarfjölum helgina 2.-4. sept. í umsjá þeirra Leifs Arnar Svavarssonar og Haralds Ólafssonar. Nemendur voru 9 talsins.

MYNDAKVÖLD

Bólivía

Í október sýndi Ari Trausti Guðmundsson frá ferð sem hann fór með þýska Alpaklúbbnum til Bólivíu og fór þar á nokkur fjöll, auk þess að ferðast

um og skoða mannlífið. Sýningin var á Hótel Borg og mættu um 60 manns.

Nepal

Í nóvember var myndasýning frá Gangapurna leiðangrinum og sögðu þau Anna Lára Friðriksdóttir og Torfi Hjaltason frá þessum fyrsta Himalaya-leiðangri Íslendinga. Sú sýning var einnig á Hótel Borg og áhorfendur um 80.

SKEMMTANIR

Jólaglöggin

var nú haldin um miðjan desember

og umsjón með því höfðu þær Margrét Júlíusdóttir og Salbjörg Óskarsdóttir. Skemmtunin fór hið besta fram og dönsuðu jólasveinarnir uns dagur rann upp. Heiðursgestur kvöldsins var Guðmundur K. Birgisson og voru honum afhent verðlaun í smásagnakeppni ritnefndar í síðasta blaði.

Árshátíðin

var um miðjan mars og sáu um hana þau Anna Lára Friðriksdóttir og Björn Vilhjálmsson. Margt var til skemmtunar og komu klúbbfélagar með ýmis konar veitingar. Í happdrættinu fékk Guðmundur P. aðalvinninginn, gönguferð á Esjuna að eigin vali.



Frá klifurmóti á Akureyri. Ljós. Páll Sveinsson.



Frá klettaklifurnámskeiði í Stardal. Ljós. Hreinn Magnússon.

Ársreikningur 1987

Gjöld

Útgáfukostnaður ársrits, alls	228.358,00
Fjölritun / ljósritun	2.311,00
Burðargjöld / Pósthólf	3.192,00
Ritföng	1.008,00
Áskrift tímarita og bækur	4.702,10
Húsnæðið	78.742,50
Auglýsingakostnaður	14.170,00
Gíróseðlar / límmiðar	3.827,00
Viðhald - Tindfjöll	7.324,00
Viðhald - Bratti	9.379,00
Bensín í vinnuferð	1.320,00
Endurbætur Tindfjallaskála	45.397,00
Stofnkostnaður - Bratti	1.035,00
Tryggingar	683,00
Ýmislegur kostnaður	780,00
Gjöld umfram tekjur	

Samtals 402.228,60

Tekjur

Félagsgjöld 1986 * 7	6.300,00
Félagsgjöld 1987 * 141	151.250,00
Auglýsingatekjur	44.000,00
Myndasýningar	14.697,00
Seld eldri blöð	23.988,00
Sjoppan	2.028,75
Gistigjöld - Bratti	6.700,00
Gistigjöld - Tindfjöll	18.000,00
Ágóði af námskeiði	3.000,00
Ágóði af skemmtanahaldi	5.200,00
Vaxtatekjur	7.273,73
Ýmis framlög	18.498,33

Tekjur alls 300.935,81

101.292,79

Samtals 402.228,60

Eignir

Ávísanareikn. 1371 L.Í.	162.366,88
Gíróreikningur	410,90
Bratti 1/1 1987 = 126.626,47	
- viðbót á árinu = 1.035,00	127.961,47
Sjúkrabörur	418,42
Sýningarborð	168,00
Sýningartjald	373,00
Kommóða	148,00
Sófi	1.000,00
Bókaskápur	3.000,00
Bókasafn	8.000,00

Samtals 303.846,67

Skuldir

Höfuðstóll 1/1 1987 = 180.875,46	
Hrein eignaaukning á árinu = 4.035,00	
Gjöld umfram tekjur = 101.262,79	83.617,67
Víxill pr. 5/1 1988 v/ársrits	220.229,00

Samtals 303.846,67

Reykjavík, 9/2 1988

Ársreikning þennan hef ég endurskoðað og er hann réttur.

Sighvatur Blöndahl

Leiðrétting á ársreikningum 1986. Prentvillupúkinn komst á kreik í síðasta ársriti ÍSALP. Í ársreikningum 1986 á bls. 54 undir eignaliðnum er sófinn okkar góði ofmetinn. Þar prentaðist 1.600,00 en átti að standa 1.000,00. Þá féll nið-

ur næsta lína, en hún var svohljóðandi: **Bókasafn 4.600,00.** Við biðjumst velvirðingar á þeim heilabrotum, sem þetta hefur valdið mörgum, en púkinn komst inn vegna bilunar í tölvukerfi ritnefndar.

Ársskýrsla stjórnar Ísalp 1987

1. Stjórn

Stjórn ÍSALP 1987 skipuðu: Guðjón Ó. Magnússon formaður, Björn Vilhjálmsson varaformaður, Gunnlaugur Eðsson ritari, Salbjörg Óskarsdóttir gjaldkeri, Torfi Hjaltason, Guttormur Þórarinnsson og Páll Sveinsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt 10 fundi á árinu.

2. Skálarnir

Tindfjallaskáli: Farnar voru 2 vinnuferðir upp í Tindfjöll. Önnur var farin um verslunarmannahelgina og hin í október. Í fyrri ferðinni var gaflinn að framanverðu endurnýjaður og m.a. skipt um hurð, glugga og járnklæðningu. Í seinni ferðinni var kabyssan límd saman og nýr strompur settur í gegnum þakið. Að venju var skálinn búinn undir veturinn.

Bratti: Síðastliðið haust var farið með kabyssu upp í Bratta og er hann nú í góðu ásigkomulagi.

3. Ferðir

Almennar ferðir voru 3 með 28 þátttakendum. Er þetta heldur lægri tala en í fyrra. Hins vegar voru vinnuferðir 3, 2 í Tindfjöll og 1 í Botnssúlur með samtals 20 þátttakendum.

4. Námskeið

Námskeiðin voru vel sótt á síðastliðnu ári. Haldin voru 4 námskeið: vetrarfjallamennskunámskeið í mars, klettaklífurnámskeið í júní, jöklanámskeið í ágúst og ísklífurnámskeið í október. Nemendur voru 37 og leiðbeinendur 9.

5. Fundir

Í júníbyrjun sótti Bretinn Chris Bonington klúbbinn heim og hélt myndasýningu í Risinu. Sýninguna kallaði hann Everest-árin og voru myndirnar frá fjallamennskuferli hans. Um 130 manns nutu þessarar frábæru sýningar. Tvær sýningar voru síðan haldnar síðastliðið haust. Á fyrri sýningunni sýndi Ari Trausti Guðmundsson myndir úr vel heppnaðri ferð til Bólívíu frá því um sumarið, en þar gekk hann á Nevadó Sajama (6540 m), Illimani (6480 m) og Huyana Potosi (6080 m). Hann sagði frá fjöllum og mannlífi í Bólívíu. Tækni- og hljóðblöndunarmaður á sýningunni var Hreinn Magnússon. Á seinni sýningunni voru sýndar



Stjórn ÍSALP 1988. Fremri röð: Gunnlaugur Eðsson, ritari, Salbjörg Óskarsdóttir, gjaldkeri og Björn Vilhjálmsson, formaður. Aftari röð: Guðjón Ó. Magnússon, Páll Sveinsson, varaformaður, Ingimundur Stefánsson og Guttormur B. Þórarinnsson. Ljós. S.Ó.

ar myndir úr íslenska Nepal-leiðangrinum, en um sumarið fór 10 manna hópur héðan til Nepals. Eitt helsta markmið leiðangursins var að klífa Gangapurna (7454 m), hæsta fjall sem Íslendingar hafa gert tilraun til að klífa. Báðar sýningarnar voru á Hótel Borg og sóttu um 60 manns fyrir sýninguna og um 80 þá seinni.

6. Félagsheimilið

Opið hús var öll miðvikudagskvöld og dagskrá yfir vetrarmánuðina. Húsnæðið var einnig notað fyrir stjórnar- og nefndafundi, og undirbúningsfundi fyrir námskeið. Liðlega 500 manns skrifuðu sig í gestabókina á Grensásvegi 5 og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Í húsnæðinu er einnig að finna bókasafn klúbbsins og á árinu var gert átak í að bæta bóka-kost safnsins. Voru keyptar margar nýjar bækur og er það stefna stjórnar að halda því áfram. Klúbburinn gekk í Reader's Union bóaklúbbinn og verður það væntalega til þess að safnið eflist. Bókavörður er Björn Vilhjálmsson. Árshátið var haldin í febrúar og jólaglögg rétt fyrir jól.

7. Útgáfa

Ársrit nr. 3 kom út um haustið - aukði að efni og prýtt fjölda litljósmynda.

Útgáfukostnaði tókst að halda í lágmarki og kom útgáfa ritsins vel út. Blaðið fékk góðar viðtökur og þótti vandað og má segja að þetta sé stórvirki fyrir ekki stærri klúbb. Sérprentanir voru gerðar af leiðavísinum um Skarðsheiði til almennar sölu. Fjögur tölublað af fréttabréfinu komu út á árinu. Í því birtust áætlanir klúbbsins, fréttir og tilkynningar.

8. Félagatal

Skráðir félagar nú um áramót voru 305. Þar af höfðu 141 greitt árgjald 1987 eða um 46%. Er þetta aðeins lægra hlutfall en undanfarin ár. (En vegna þess hve ársritið kom út seint á árinu, var það enn að miklu leyti í innheimtu um áramótið). Spjaldskráin var endurunnin í sumar og er nú komin á forrit sem er PC samhæft og er nú auðveldara að prenta út límmiða, gera breytingar og bæta við félagskrána. Páll Sveinsson er spjaldskráritari.

9. Önnur mál

Að lokum vill stjórn ÍSALP þakka öllum þeim fyrir samstarfið sem staðið hafa að vexti og framgangi ÍSALP á síðasta ári. Einnig er þeim sem notið hafa aðstöðu og aðstoðar ÍSALP þakkað fyrir þátttökuna.

Fréttapistill



UMSJÓN KRISTINN RÚNARSSON
OG SNÆVARR GUÐMUNDSSON

Fréttapistill þessa ársrits segir frá helstu atburðum sem orðið hafa frá hausti 1987 til sumars 1988. Í þessum pistli má merkja að mikil breidd er komin í áður fámennan hóp fjallamanna er kanna óþekktar slóðir. Er greinilegt að ný kynslóð er að kveða sér hljóðs. Það er góðs viti og vonandi að Alpaklúbburinn beri gæfu til að upplifa margar kynslóðir ungra og efnilegra fjallaklifrara.

Á því tímabili sem hér er um ritað hafa margar langþráðar leiðir fallið. Þar á meðal eru leiðir sem áður hefur verið getið um í fréttapistlum, svo sem austurveggur Skarðatinds í Öræfum, ífossinn Örion í Brynjudal, Stútur í Vesturbrúnum Esju og klifurleið upp þak Leikhússins í Stardal. Væntanlega er þetta vitnisburður um grósku og stöðuga framför íslenskra klifrara.

NEPAL

Ama Dablam

Eins og við sögðum frá í síðasta fréttapistli, fór Þorsteinn Guðjónsson í sína aðra ferð til Nepals á einu ári í byrjun október 1987. Honum var boðin þátttaka í 4 manna leiðangri á fjallið Ama Dablam (6856 m). Fjallið er í Kumbu-fjallaklasanum ekki fjarri Mount Everest, hæsta fjalli heims. Aðrir í leiðangrinum voru Bretarnir Bill O'Connor, leiðangurstjóri, Steve Aisthorp og Alison Hargreaves, - en Lukku Láki gleymdist heima. Eftir að búðir 1 höfðu verið settar upp í 5500 m hæð á SV-hrygg fjallsins versnaði veður og heiftarlegur snjóstormur bókstaflega jarðaði leiðangurinn. Mikill lausasnjór og kuldi gerðir allar frekari tilraunir vonlitlar. Þessi öflug snjóstormur sendi heim flesta þá leiðangra sem voru að reyna að klífa tinda Nepals þetta haust. Af 58 leiðöngum náðu aðeins 16 tindi. Vortímabilið var þó enn verra en þá náðu aðeins 6 af 27 leiðöngum tindi.


TANSANÍA

Kilimanjaro

Í ágúst 1987 fór 5 manna hópur

héðan og gekk á Kilimanjaro (5895 m). Þetta voru þeir Pálmi Ívarsson, Eiríkur Eiríksson, Atli Sturluson og bræðurnir Haraldur og Ólafur Guðlaugssynir. Þeir flugu til London 3. ágúst og daginn eftir til Nairobi í Kenya. Ætluðu að stansa þar í einn dag en þeir urðu fleiri, því þeir töfðust í skrifinnskufurmskóginum. Bílaleigubíll var allur úr sér genginn og áttu þeir að

bíða með hann í vikutíma í Kenya áður en þeir áttu að fá að fara með hann yfir landamærin til Tansaníu. Ganga þeirra hófst frá Kipo-hótel og í fylgd með þeim var leiðsögumaður og tveir burðarmenn. Í febrúar var svo Íslendingur enn á ferð í Tansaníu. Sá heitir Gísli Theódórsson og komst hann einnig á tindinn í samfloti við erlenda göngugarpa. Að lokum má



Búðir II á Ama Dablam (6856 m). Ljós. Þorsteinn Guðjónsson.

geta þess að eyra ritnefndar hefur hlerað það að fleiri Íslendingar hyggi-ast ganga á fjallið á næstunni.

ALPAR

Mont Blanc svæðið

Jón Geirsson og Leifur Örn Svav-
arsson klifu tvær þekktar leiðir á Mont
Blanc svæðinu síðastliðið haust.
Fyrst fóru þeir hina vinsælu „Lummu“,
Aig. du L'M (2844 m), eftir NNA-
hryggnum, gr. D. og síðan hina frægu
Frendo Spur (gráða D) á Aig. du Midi
(3800 m). Ferðin á Frendo var í meira
lagi söguleg því þeir lentu í þrumu-
veðri í miðri leið. Eftir kalda næturdvöl
var leiðin kláruð í snjóstormi, en
vegna veðurs komust þeir ekki niður
með kláfrum fyrr en eftir aðra kalda

nótt í göngum endastöðvar kláfferj-
unnar sem þarna er. Jón „Sólmundur“
Geirsson gerði það ekki endasleppt á
svæðinu, heldur kleif hann einn síns
liðs hina frægu norðurleið Grand
Charmoz (3445 m), gráða TD. Er
þetta tvímælalaust mesta afrek
Íslendinga í Alpafjöllum til þessa. Eftir
þetta hugðist Jón leggja til atögu við
aðrar frægar leiðir, m.a. Walker Spur
á Grand Jorasses, en veður stöðvuðu
þau áform.

Leifur Örn hafði áður ásamt Einari
Torfa Finnssyni farið nokkrar leiðir á
Mont Blanc svæðinu. Fyrst reyndu
þeir við Risatönnina (Dent du Géant,
4013 m), en urðu frá að hverfa vegna
veðurs þegar þeir voru hálfnaðir. Á
Tour Ronde fóru þeir Gervasutti-gilið,
AD ísleið. Næst skoðuðu þeir Argent-

ière-ísveggina eftir að hafa farið yfir
skarðið milli Aig. Chardonnet og Aig.
d'Argentière, en urðu hætta við frekari
áform eftir hrakninga á mjög sprungnum
skriðjökl. Þá tóku þeir sér hvíld frá
Alpafjöllum og brugðu sér í klettaklifur
til Sisteron í Suður-Frakklandi. Endur-
nærðir á líkama og sál lá leið þeirra á
ný til Chamonix. Tekin var stefna á
Aig. du Chardonnet, með TD ísleið
upp norðurgilið í huga. Jaðarsprung-
an undir giliinu reyndist heldur
óárennileg, en þó var það mikill hiti og
þar af leiðandi grjóthruv sem gerði
endanlega út um þá ferð.

Eftir að hafa farið velheppnaða ferð
á Brenva-hrygginn (gr. 'D) á Mont
Blanc (4808 m) fóru þeir athyglisverða
ferð eftir Rochefort-hryggnum frá Risa-
tönninni að Grandes Jorasses. Upp-
haflega ætluðu þeir allan hrygginn á
enda, og þá yfir Grandes Jorasses, en
eftir 22 tíma ferð þótti þeim nóg komið.

ÍTALÍA

Finale Ligure

Á síðustu árum hafa Alpaklúbbs-
menn heimsótt mörg af frægustu
klettaklifursvæðum Evrópu. Finale
Ligure er eitt þeirra, staðsett á ítölsku
Riverunni um 100 km frá landamæ-
rum Frakklands.

Um síðustu Páska fóru Kristinn
Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson
þangað í flötta undan snjóstormum
Alpafjalla. Svæðið reyndist hið ákjós-
anlegasta með all fjölbreyttum leiðum
í krítarklettum af gráðu frá 3 upp í 8b.
Þeir félagar klifu á annan tug leiða af
gráðu 5+ til 6b+. Einn af kostunum
við Finale er sá hve fljótlegt er að fara
þangað úr Vesturölpum og því ágætur
valkostur ef veður hindra fjallaklifur í
Ölpunum.

FRAKKLAND

Fountainbleu - Saussois

Jón Geirsson, sem dvaldi í Frakk-
landi haustið 1987, heimsótti nokkur
klifursvæði sem Íslendingar hafa lít-
inn gaum gefið fram að þessu.

Í skógum Fountainbleu, rétt sunnan
við París, er ógrynni grettistaka af
ýmsum stærðum. Þar hafa Parísar-
búar æft sitt klettaklifur allt frá 1930.
Jón tókst á við nokkra hnúllunga með
misgóðum árangri enda má þar finna
alerfiðustu klifurhreyfingar sem farnar
hafa verið. Saussois, sem er 130 km
frá París, er það svæði þar sem menn
höfu fyrst að stunda sportklettaklifur.
Þar klifraði Jón nokkrar leiðir ásamt
frönskum félögum sínum. Leiðirnar
voru frá 5 til 6c.



Norðurveggur Grand Charmoz.

Skarðatindur

Um Páska 1988 tókst þeim Snævarri Guðmundssyni og Jóni Geirssyni að ná langþráðu takmarki, er þeir klifu austurvegg Skarðatinds (1385 m). Austurvegginn höfðu þeir reynt við þrisvar sinnum áður, fyrst 1984 en þá snéru þeir við 100 m frá tindinum. Árin 1985 og 1986 reyndust aðstæður afleitar.

Leiðin er einhver sú glæsilegasta sem þeir félagar hafa klifið og ein erfðasta ísklifurleið sem farin hefur verið í Öræfum (TD+). Klifið tók um 4 klukkustundir en geta verður þess að mestan hluta leiðarinnar þekktu þeir frá fyrri ferðum. Leiðin er mjög alvarleg. Hvað geta Snævarr og Jón gert um næstu Páska?

Í janúar 1988 varð sviplegt slys í vesturhlíðum Skarðatinds er félagi í ÍSALP, Þorsteinn Ívarsson, fórst í snjóflóði. Hann hafði ásamt 4 félögum sínum farið hefðbundna leið á tindinn og voru þeir á niðurleið er slysið varð. Félagar hans sluppu naumlega undan flóðinu.

Þorsteinn var virkur félagi í ÍSALP og er höggvið skarð í hóp efnilegra og ötulla fjallaklifrara klúbbsins við fráfall hans.

SUÐURLAND

Eyjafjöll

Fallegt og áður ókannað ísfossaland í Eyjafjöllum fékk mikla athygli í febrúar síðastliðnum. Þar gerast ísfossar með hæsta mótí, en frostveður þurfa að vera hagstæð. Paradísarheimt heitir stórglæsileg ísfossaleið sem þeir Snævarr, Kristinn og Þorsteinn klifu þann 6. febrúar 1988. Leiðin er í hömrnum aftan við félagsheimilið Heimaland, skammt austan við Seljalandsfoss. Hún er 5 spannr (120 m) og mjög fjölbreytt. Örugglega ein skemmtilegasta ísfossaleið sem klifin hefur verið hérlandis. Helgina eftir voru tvær ísfossaleiðir reyndar á svipuðum slóðum en án árangurs.

Steinafjall - Ingimundur

Ingimundur nefnist klettaspíra í Steinafjalli í Eyjafjöllum. 17. júlí síðastliðinn var hann klifinn í fyrsta skipti, svo vitað sé, af þeim Stefáni S. Smáarsyni, Haraldi Ólafssyni og Guðmundi Eyjólfssyni. Steinafjall er hömrótt

mjög en eftir að hafa þegið ráðleggingar hjá bóndanum á Steinum tókst þeim félögum að komast upp á brún fjallsins eftir einstigi og þröngum giljum. Þaðan var lagt á Ingimund að suðaustanverðu. Klifurleiðin var 50 m löng, í góðu bergi og því skemmtilegt klifur af IV. gráðu. Niður af Ingimundi var farið að norðanverðu og er það létt brótt. Á leiðinni niður Steinafjall launuðu strákarnir bónda ráðleggingarnar með því að bjarga rollu úr sjálfheldu í hömrnum. Stuttu neðar björguðu þeir lambi rollunnar sem launaði lífgjöfina, og þægilega niðurferð í bakpoka, með lambaspörðum í bakpoka Stefáns.


SUÐVESTURLAND

Esja


Vesturbrúnir

Enn eitt langþráða markmiðið náðist er vesturhryggurinn á Stút var klifinn í október 1987 af þeim Kristni Rúnarssyni og Snævarri Guðmundssyni. Þetta var kaldur og bjartur haustdagur og aðstæður því hagstæðar.

Fyrsti lykilkaflinn (A2) var fljótklifinn enda fleygar til staðar frá árinu áður. Mosavaxni klettaveggurinn, sem stöðvaði tilraun þeirra Snævarrs og



Úr austurvegg Skarðatinds í Öræfum. Ljós. Jón Geirsson.



Drangurinn Ingimundur í Eyjafjöllum. Ljós. Haraldur Ólafsson.

Jóns Geirssonar árið áður (sjá fréttapistil 1987), var nú klifin með ísöxum enda mosinn vel frosinn. Þriðji lykilkaflinn var seinasta spönnin á tind Stúts (V+).

Guðmundur Helgi Christensen og Páll Sveinsson fóru nýja leið sunnan við Móra (leið 15, sjá leiðarvísi 1985). Leiðin er af II. gráðu með einni III. gráðu hreyfingu.

Eilífsdalur

Í janúar 1988 var klifinn um 40 m hár ís foss í giliinu norðan við leið nr. 59 Austurgil á Þórnyrtind. Ís fossinn klifu Guðmundur Helgi Christensen, Snævarr Guðmundsson og Páll Sveinsson. Ís fossinn skiptist í tvö ísbil, hið efra er hærra og erfiðara. Leiðina nefndu þeir Trío og er hún af gráðu 4+.

Helgina áður höfðu félagar í HSSR farið nýjar leiðir upp úr giliinu (3. gr.), sem fossinn er í og hafði Páll þá kannað ís fossinn sem er í því miðju ásamt tvo aðra ís fossa.


Skálafell

Í SV-hlíð Skálafells var farin 35 m hár ís foss um miðjan janúar 1988. Annars vegar voru þar á ferð Sigursteinn Baldursson og Árni G. Reynisson sem fóru leið af gráðu 3+. Hins vegar hittist svo á að gömlu brýnin Ari Trausti Guðmundsson og Hreinn Magnússon, sem lengi höfðu ætlað sér að klifra foss þennan, voru einnig þarna á ferð sama dag. Þeir klifu aðra leið í fossinum, af sömu gráðu.

Stardalshnúkur

Vanalega er ásókn í Dalinn minni seinni hluta sumars en þann fyrri, og var sumarið 1987 engin undantekning á því. Hins vegar hefur töluvert verið klifrað í Stardalshnúk nú í vor (1988) og er greinilegt að breiðari hópur er farinn að stunda klettaklifur þar en áður. Með aukinni ásókn verður þörfin fyrir göngustíg upp brekkuna og meðfram klettunum meira aðkallandi. Nú þegar er kominn vísir að slóða upp grastunguna undir miðjum klettunum og er fólki vinsamlegast bent á að nota hann.

Í ár hafa 6 nýjar leiðir verið klifnar og eru þær allar í erfiðari kantinum. Meðal þeirra er leiðin Sónata, sem nú er erfiðasta klifurspönn sem farin hefur verið hérlandis, 5.11b. Að auki hafa allnokkrar leiðir verið farnar í ofanvaði en þær eru allar tortryggðar og bíða þess því enn að vera leiddar. Blekking, heitir stutt en lúmsk leið upp bratta sprungu hægra megin við upphaf leiðar 5. Hún er 7 m löng, gráðuð 5.9. Önnur leið, 15 m löng, er vestan




Ís fossar í Eyjafjöllum. Paradísarheimt er miðfossinn. Ljós. Kristinn Rúnarsson.

við efsta hluta Skrekk Björns (nr 7). Hún liggur upp stuðul og er gráðuð 5.7. Vatnssósa er enn ein ný leið, 15 m löng, austan við leið nr 9, Scottsleið. Hún er tortryggð 5.10a. Allar þessar leiðir klifu Páll Sveinsson og Snævarr Guðmundsson í maí og júní síðastliðnum.

Í Miðhömrum hafa tvær nýjar leiðir litið dagsins ljós. Austan við Risþuna, í samansaumaðri sprungu liggur Klaufin 17 m 5.10 leið. Klaufin er afar tortryggð. Hún var klifin í maí af Páli

Sveinssyni. Hin leiðin er Sónata og liggur hún upp stuðulinn á milli Örvæntingar og Hvíta depilsins (sjá fréttapistil 1987). Er hún á afar þunn um höldum með flóknum lykilkafli. Hún var klifin í maí af Snævarri Guðmundssyni og leidd á svokölluðum rauðpunkti, þ.e. hún var klifin fyrst í ofanvaði en síðan leidd í einni lotu eftir nokkrar atrennur. Flestar erfiðustu leiðirnar í Stardal hafa verið klifnar með þessari aðferð, enda er annað nánast útilokað.



Önnur spönn í Paradísarheimt. Ljós. Kristinn Rúnarsson.



Snævarr Guðmundsson leiðir Óperu 5.11a í Stardal. Ljós. Páll Sveinsson.

Langþráðu marki var náð í vor þegar þakið í Leikhúsinu var loks klifið. Hér er um að ræða þakið undir Efri svölum (leið 43) en þeirri leið er fylgt í efri hluta. Leiðin hlaut nafnið Ópera og er 20 m löng af gráðu 5.11a. Þó nokkrar tilraunir hafa verið gerðar við þessa leið í gegnum tíðina og er því klifur hennar enn ein staðfestingin á þeim framförum sem orðið hafa í klettaklifri hérlandis. Leiðin var klifin í maí af Snævarri Guðmundssyni og sama dag tókst Páli Sveinssyni einnig að fara hana.

Vekja má athygli á því að gráðurnar eru miðaðar við íslenskan mælikvarða en þeir sem til klettaklifurs í Evrópu þekkja, álíta að leiðirnar séu jafnvel erfiðari.

Nú eru leiðir í Stardal orðnar um 80

og fyrir þá allra áhugasömustu er hægt að fá nýjar leiðir sem ekki eru í leiðavísi merktar inn í sérít hjá ritnefnd (lesist Snævarri).

Eilífsdalur - Valshamar

Nú eru komnar alls 13 leiðir í Valshamri þar af 5 með föstum boltum. Tvær nýjar bættust við í vor, báðar boltaðar. Sumardraumur er 15 m löng leið rétt norðan við Gollum. Hún er gráðuð 5.10 og fylgir horninu með allt að 3 m löngu úthlaupi (e. runout) á milli trygginga. Hressandi skelfir það. Leiðin var fyrst farin í maí af Snævarri Guðmundssyni.

Hin leiðin er syðst í klettunum, stutt en nokkuð strembin. Hún er 8 m, gráðuð 5.9 og klifin einnig í maí af Snævarri og Palla. Og nafnið, - Skóreimin.

Hvalfjörður - Brynjudalur

Eftirsóttasta ísklifurvandamálið í Brynjudal, Óríon, var leyst í janúar 1988. Þá klifu þeir Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen hinn 80 m háa ísfoss fyrstir manna. Leiðina gráðuðu þeir 5. gr. og er hér örugglega um að ræða eina alerfiðustu ífossaleið sem farin hefur verið hérlandis (sjá grein).

VESTURLAND

Botnssúlur

Aramótin 1987-88 dvöldu nokkrir félagar í Bratta í Botnssúlum og fögnuðu nýju ári í faðmi fjallanna. Tveir þeirra, Haraldur Ólafsson og Ingimundur Stefánsson, gerðu tilraun til að klífa vesturhlíð Háusúlu (916 m). Sá hluti leiðarinnar sem þeir fóru var snjó- og ísklifur 2.-3. gráðu, en íslaut haft í miðri leið aftraði frekara áframhaldi.

Skarðsheiði

Villingadalur

Í janúar fóru Haraldur Ólafsson og Stefán S. Smáráson nýja leið upp vestasta ísfossinn í Villingadal. Ísfossinn er 50 m hár og af 4. gráðu. Fossinn hlaut nafnið Fjörtán komma fimm.


Nú er miðfossinn einn ófarinn en nafngift ætti ekki að hefjast fyrir mönnum, - jú því ekki Fjörtán komma tuttugu og fimm.

Skessuhorn

Í desember 1987 voru farnar tvær nýjar leiðir í vesturhlíðum Skessuhorns (967 m). Önnur leiðin fylgir jaðri norðvesturveggsins í þremur spönnum (gráða 3+) og síðan upp vesturbrekkurnar á tind Skessuhornsins. Þá leið fóru Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson. Hin leiðin byrjar á sama stað, en hliðrast skáhalt upp litla vesturvegginn (3. gráða). Þessa leið fóru Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson, en báðar leiðirnar voru klifnar sama dag. Páll Sveinsson og Guðmundur Helgi Christensen fóru fyrstir manna Rífið í norðvesturvegg Skessuhorns að vetrarlagi í febrúar síðastliðnum. Ís var fremur þunnur á leiðinni og slæmar tryggingar. Leiðin telst af 4. gráðu.

Heiðarhorn

Tvær nýjar leiðir voru farnar í norðurhlíðum Heiðarhorns. Beint afbrigði af Meinhorni var klifið í september 1987 af Snævarri, Kristni og Þorsteini. Afbrigðið er þrjár spannrir með hreyfingum af IV. gráðu og fékk nafnið Drullupumpan.



Björn Baldursson tekst á við klettinn (5,9). Myndin er tekin í Borgarfirði. Ljós. Árni G. Reynisson.

Jón hangir, hangir, hangir... (tekið í Vaðalfjöllum). Ljós. Páll Sveinsson.

Hin leiðin er vetrarleið og var farin í mars 1988. Hún liggur upp vestari rásina í veggnum og kemur upp nokkra metra frá vörðunni á hæsta tind. Leiðina, sem er af 4. gráðu, fóru þeir Kristinn og Þorsteinn ásamt Jóni Geirssyni og gáfu henni nafnið Vængjasláttur í þakrennunni.

Brekkufjall

Brekkufjall heitir lítið fjall norðaustan við Hafnarfjall. Þriðju helgi í janúar fóru þeir Guðmundur Eyjólfsson, Haraldur Ólafsson, Þorsteinn Ívarsson, Stefán S. Smárasón og Ingimundur Stefánsson 35 m háan ísfoss af 3. gráðu í fjallinu. Ísfossinn, sem þeir nefndu Dolla Dropa, klifu þeir í tveimur samhlíða línunum, - nýstárleg aðferð það. Guðmundur Helgi og Páll klifu einnig ísfoss í Brekkufjalli í janúar. Hinn 50 m háa ísfoss, sem er í mjög áberandi gili norðan í fjallinu, klifu þeir í tveimur spönnunum og er hann af 4. gráðu.

Norðurárdalur

Rétt ofan við Hreðavatnsskála eru 10-15 m háir stuðlabergsklettur. Þeir Stefán S. Smárasón og Haraldur Ólafsson klifu tvær leiðir í þeim um

Hvítasunnuhelgina 1988. Þriggja ára draumur heitir önnur leiðin (5.8) og hin Marsípan en þá leið gráðuðu þeir 5.9+.

Vaðalfjöll

Vaðalfjöll (509 m) heita einstakir gígtappar á melöldu skammt norður af Bjarkarlundi í Reykhólasveit. Bergstandarnir eru tveir og er bergið í þeim harðgert stuðlaberg sem hefur betur en grannbergið staðið af sér nagandi tönn veðrunarinnar.

Í september 1987 gerðu þeir Kristinn Rúnarsson og Þorsteinn Guðjónsson sér ferð í Vaðalfjöll til að kanna klifuraðstæður. Þá klifu þeir fjórar leiðir (5.6-5.7) í austurhlíðum fjallanna.

Í vor sem leið voru svo farnar tvær ferðir í Vaðalfjöll. Helgina 13.-15. maí fóru þeir Kristinn og Þorsteinn ásamt Jóni Geirssyni, Snævarri Guðmundssyni og Páli Sveinssyni í Vaðalfjöll. Þar klifu þeir 6 leiðir, 30-80 m langar af 5.6-5.7 gráðu og eina stutta 5.10.

Helgina eftir fóru þeir Haraldur Ólafsson og Stefán S. Smárasón þangað og klifu þrjár leiðir (gr. 5.6). Þess má að lokum geta að austan megin í Vaðalfjöllum eru 5.5-5.7

leiðir í kippum og svæðið því kjörið fyrir klifrara með þá getu. Hins vegar gefa vesturhlíðarnar vafalítið möguleika á afar erfiðum leiðum í slúttandi bergi.

NORÐURLAND

Munkapverá.

Í Munkapverárgili hafa norðanmenn þrýðilega klifuraðstöðu. Þar hafa þeir klifið stuttar leiðir af 5.5-5.9 í góðu og traustu bergi. Páll Sveinsson hefur manna besta þekkingu á klifri í Munkapverárgili og síðastliðið vor bætti hann tveim leiðum í klifurleiðaflóruna, þegar boltum var komið fyrir í berginu af Þorsteini Guðjónssyni verkamanni. Leiðir þessar eru af gr. 5.9+ og 5.10c, en sú síðari er ein af fáu „stökkleiðum“ landsins. Þ.e.a.s. lykilhreyfingin er leyst með stökki í handfestu.

Glerárgil.

Á klifurmóti ÍSALP sem haldið var á Akureyri helgina 17.-19. júní voru þrjú stutt klifurvandamál leyst í Glerárgili. Klifurvandamálin (e. boulder problem) eru 5.9-5.10.



CARAVAN

With Compression stuff sack!
With Super Down!
Wilderness guarantee (2 years)!

CARAVAN

With Compression stuff sack!
With Super Down!
Wilderness guarantee (2 years)!

CARAVAN

With Compression stuff sack!
With Super Down!
Wilderness guarantee (2 years)!

CARAVAN

With Compression stuff sack!
With Super Down!
Wilderness guarantee (2 years)!

FJELLPULKEN - GÓÐ HÖNNUN

Getum útvegað **púlkur** fyrir skíðamenn. Einnig sérhannaðar **púlkur** fyrir sleðahunda, björgunarpúlkur og barnapúlkur.



Einar Steingrímsson á Vatnajökli í júní '88.



Úrval aukahluta: fiberkjálkar, vélsleðabeisli o.fl. o.fl.

ÍSLENSK ERELANDA
Verzlunartélagið

TJARNARGÖTU 18 – SÍMI 20400
PÓSTHÓLF 1700

koflach

Leiðandi merki í
fjallgönguskóm.
Notaðir af fremstu
fjallamönnum Íslands

VIVA SOFT:

Hálf stífir fjallgönguskór.
Kjörnir fyrir göngur allt árið um kring.
Henta vel fyrir þá sem vilja alhliða skó.

ULTRA:

Fyrir þá sem gera sérstakar kröfur.
Alstífir þannig að þeir henta vel
fyrir þá sem eru í klifri eða nota
brodda mikið.

VALLUGA:


Combi-skór. Skíðaskór með vibram
sóla. Notaðir sem skíða- og gönguskór.
Mun léttari, og einir vinsælustu
fjallaskíðaskórnir sem framleiddir eru.



Vesturröst hf PÓSTSENDUM

Laugavegi 178, Rvík., sími 16770 – 84455

SKÁTABÚÐIN SKÁTABÚÐIN SKÁTABÚÐIN SKÁT



scarpa



ajungilak.



UPP UM FJÖLL OG

Hvort sem þú ætlar í stutta gönguferð í Heiðmörk eða í úti-
legu í Þórsmörk þá hefst ferðin hjá okkur í Skátabúðinni.
Mikið úrval af útilegubúnaði fyrir reynt sem óreynt útiveru-
fólk. Faglegar leiðbeiningar. Aðeins þekkt vörumerki.
Upp um fjöll og firnindi með—Skátabúðinni.


SKÁTABÚÐIN
-SKARAR FRAMMÚR

SNORRABRAUT 60 SÍMI 12045